

Sérðu það sem ég sé?

Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla





Sérðu það sem ég sé?

Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla

ISBN: 978-9979-0-2061-5

© 2015 Höfundar og réttahafar texta

© 2015 Anna Steinnunn Valdimarsdóttir, Ingibjörg Sigtryggisdóttir

© 2015 Teikningar: Rán Flygenring

Ljósmyndir:

© 2015 Þjóðminjasafn Íslands, bls. 10

© 2015 IWM (C2644) bls. 52

Kortið á bls. 69 er fengið hjá Loftmyndum ehf.

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirlestur: Fríða Pétursdóttir, Inga Rósa Þórðardóttir

Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2015

Menntamálastofnun Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.

Skrá yfir réttthafa ljósmynda og teikninga er aftast í bókinni.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

*Anna Steinunn Valdimarsdóttir
Ingibjörg Sigtryggsdóttir*

Sérðu það sem ég sé?

Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla

Efnisyfirlit

Til nemenda:	5
1. HLUTI	6
Í sveitinni 1847–1969	7
Bokki sat í brunnni	11
Tunglið, tunglið taktu mig	12
Grasaferð – brot	14
Brit og Brigida – brot	18
Grikkur	20
Bardagi við hvítabirni – brot	23
Hjalti kemur heim – brot	32
Dóra – brot	36
2. HLUTI	44
Úr sveitinni á mölina 1970–2000	45
Sitji guðs englar – brot	47
Búrið – brot	53
Peð á plánetunni jörð – brot	54
Grýla og Leppalúði	62
Viltu byrja með mér – brot	63
Brosið þitt	67
Brak og brestir – brot	68
Pokugaldur – brot 1	74
Pokugaldur – brot 2	80
Dagdraumar	83

Fiðrildi	84
Margt býr í myrkrinu – brot	85
3. HLUTI	90
Út í heim (og aðra heima) 2000–2013	91
40 vikur – brot	92
Með heiminn í vasanum – brot	97
Binnabáلكur	104
Indjáninn – brot	105
Rökkurhæðir/Ófriður – brot	109
Þriggja heima saga – Hrafnsauga – brot.....	116
Freyjusaga – Múrin – brot	123
Aftur á bernskuslóðum	134
Íhugun í lok bókar	135
Helstu stuðningsrit	136
Textaskrá	136

Tíl nemenda:

Munið þið eftir að hafa lesið bækur sem breyttu afstöðu ykkar; víkkuðu sjóndeildarhringinn eða hjálpuðu ykkur að glíma við ákveðið vandamál? Einhver ykkar svara þessu sennilega játandi því að lestur góðra bóka veitir innsýn í tilveru annarra og getur dýpkað skilning okkar á samskiptum fólks og mannlífinu almennt.

Í þessari bók eru margs konar textar; gamlir, nýir og miðlungs gamlir ásamt sögubrotum og nokkrum ljóðum sem annaðhvort eru mjög gömul eða ný. Textarnir fjalla flestir um fólk á ykkar aldri en er víst að þeir séu allir skemmtilegir eða gagnlegir? Skemmtanagildið verðið þið að meta sjálf en textarnir geta verið gagnlegir ef þeir eru lesnir og þælt í efninu og rætt um það í ykkar hópi. Lestur gerir svo margvíslegt gagn; af lestri lærið þið móðurmálið enn betur, orðaforðinn eykst og þar með eflist lesskilningurinn og heimurinn stækkar. Lestur hefur einnig áhrif á ritfærni ykkar því að hún eykst ef þið lesið mikið og fjölbreytilegt efni og ekki má gleyma að ef þið ræðið efnið eykst færni ykkar í munnlegri tjáningu. Þannig gera góðar bækur okkur að hæfari einstaklingum á svo margvíslegan hátt.

Þegar við völdum efnið í bókina var eitt af markmiðunum að kynna fyrir ykkur íslenskt efni sem skrifað var fyrst og fremst fyrir börn og unglunga. Elsta efnið er ansi gamalt, rúmlega 200 ára, en það nýjasta kom út árið 2013. Sögusviðið breytist eftir tímabilum, færast úr sveitinni á mölina og þaðan út í heim en efnið í bókinni skiptist í þrjú tímabil sem endurspeglar þetta að mestu.

Góða skemmtun.
Anna Steinunn Valdimarsdóttir
Ingibjörg Sigtryggsdóttir



1.
HLUTI

Í sveitinni 1780–1969

Fyrir á tímum var lítið um sérstakar bókmenntir fyrir börn og unglunga. Lítið var á börn sem litla fullorðna og þau voru flest látin taka þátt í vinnu hinna fullorðna eins fljótt og hægt var. Fritími var því lítill og á kvöldin sátu menn við vinnu í baðstofunni á meðan einhver á bænum sagði sögur, las eða fór með kveðskap. Fáir áttu bækur og margir voru ólæsir svo oftast var um að ræða þjóðsögur og þjóðkvæði sem menn lærðu hver af öðrum og endursögðu. Börnin hlustuðu oftast á sama efni og hinir fullorðnu þó svo einstaka sögur og vísur hafi líklega verið ætlaðar þeim.

Framan af var lítið um lestrarefni fyrir ungmenni og mest um þýðingar en smám saman var farið að semja sögur sem sérstaklega voru ætlaðar börnum og unglungum. Þetta voru oftast stuttar frásagnir sem gefnar voru út í eins konar smásagnasöfnum en flestar voru bernskuminn- ingar höfunda. Þessar sögur gerðust allar í sveit enda bjuggu nánast allir Íslendingar í sveit á þeim tíma. Þá voru aðstæður aðrar en í dag; engar vélar, ekkert rafmagn, ekki rennandi vatn, húsakynni voru oft en ekki köld, rök og dimm og sjaldgæft að fólk svæfi eitt í rúmi. Börn og unglungar þurftu oft að vinna mikið en sögurnar greina þó ekki ein- göngu frá lífsbaráttunni og brauðstritinu því í þeim eru unglungarnir einnig að kynna og lenda í ævintýrum.

Hér á eftir fara nokkur sögubrot sem sýna ykkur dæmi um lestrarefni barna og unglunga á þessu tímabili sem nær frá 1780–1969. Þessir textar eru ekki allir auðlesnir og sennilega eru einhver orð og orðatiltæki sem eru sjaldan eða jafnvel ekki lengur notuð í daglegu tali. Veltið því fyrir ykkur á meðan þið lesið hvaða breytingar hafa orðið á tungumál- inu frá því að fyrst var farið að skrifa texta fyrir ykkar aldurshóp og á þeim textum sem þið lesið í dag. Hvað hefur breyst? Er það fólkíð eða aðstæðurnar sem við búum við? Hvernig geta breyttar aðstæður og breyttir tímar haft áhrif á tungumálið?



Árið 1780 var afar merkilegt ár í íslenskri bókmenntasögu því að þá kom út ljóðabók sem var fyrsta bókin sem var sérstaklega samin fyrir börn á íslensku. Þetta er bókin Barnaljóð sem séra Vigfús Jónsson samdi fyrir dóttur sína mörgum árum áður. Í bókinni eru heilræðavísur þar sem áhersla er lögð á ákveðnar dyggðir sem Vigfús vildi að dóttirin tileinkaði sér. Þetta var t.d. guðsótti, **hógværð**, tillitssemi, stilling, rökfesta og **heilindi**. Slík heilræði voru áberandi í efni fyrir börn og unglinga næstu hundrað árin. En heilræðin höfðu ekki öll jafnjákvæðan tón eins og sést vel í síðara kvæðinu hér á eftir þar sem verið er hræða þau til hlýðni. Það var þó var ekki gert af illsku heldur umhyggju fyrir velferð barnanna. Á þessum tíma voru engar barnfóstrur eða verndaðir leikvöllir; ef börnin voru ekki við vinnu með foreldrum sínum urðu þau að sjá um sig sjálf og þá gat dugað að innræta þeim ótta sem verndaði þau gagnvart ýmsum hættum í umhverfinu

Vertu hógvær og varast deilur,
en **ef orðum**
áttu að skipta,
skrafaðu fátt,
með skýrum rökum
yrðstu þó aldrei
við **óráðvandan**.

Úr Barnaljóðum eftir Vigfús Jónsson

Umræður/verkefni

1. Skrifðu nú með með ykkar orðum þau heilræði sem Vigfús gefur dóttur sinni.
2. Finnst ykkur þessi heilræði eða einhver þeirra eiga við í dag? Hvers vegna? Hvers vegna ekki? Hvernig gætu heilræði foreldra til barna í dag hljómað?

Tíminn líður, trúðu mér,
taktu maður vara á þér,
heimurinn er sem hála gler,
hugsaðu um hvað á eftir fer.

Það á að **strýkja** strákaling,
stinga honum ofan í **kolabing**,
loka hann úti í **landsynning**,
láta hann hlaupa allt um kring.

Það á að strýkja stelpuna,
stinga henni ofan í **mykjuna**,
loka hana úti og lemja hana
og láta hann **bola** éta hana.

Þjóðkvæði

Umræður/verkefni

1. Berið saman hugblæ heilræðaljóðanna tveggja. Hvort ljóðið haldið þið að hafi haft meiri áhrif?
2. Þetta ljóð er ferskeytla en þið getið lesið nánar um einkenni þeirra hér í þankaskýinu til hægri.
3. Skrifðið upp erindin þrjú og gerið hring um ljóðstafi en strikið undir rímið.
4. Spyrjið ömmu, afa, langömmu, langafa eða einhvern sem er kominn til ára sinna hvort þau hafi heyrt þessar vísur eða einhverjar álíka þegar þau voru ung. Spyrjið einnig hvenær þær hafi þá verið fluttar.

Í þjóðkvæðinu hér að framan á augljóslega að hræða börnin til hlýðni, ef þau fara ekki varlega og gera það sem á að gera verða refsingar harðar. En það var ekki í öllum tilfellum sem kveðskapurinn var svona því einnig var farið með þulur fyrir börn og ungmenni og þær höfðu fyrst og fremst skemmtanagildi og gáfu ímyndunarafl barnanna lausan tauminn því ýmislegt skrátið og skemmtilegt kom fram í þeim.

Hér á eftir fara tvær þulur. Þulan um Bokka sem sat í brunni er þjóðkvæði, þ.e.a.s. kvæði sem enginn veit hver orti en hin er eftir Theódóru Thoroddsen. Theódóra líkti þulum við blómvönd „sem allt er tínt í sem hönd á festir“ enda var efni þeirra margvíslegt og oft farið úr einu í annað innan sömu þulu. Þulur Theódóru voru gefnar út árið 1916 en þær þóttu hæfa vel ungu fólki.

Er óttinn enn notaður sem uppeldisaðferð?

að taka vara á sér – að fara varlega, vera gætinn
strýkja – flengja
kolabingur – hrúga af kolum
landsynningur – vindur af suðaustri

mykja – kúaskítur
Boli – (hér) vættur sem notaður var til að hræða börn, stundum sagður eiginmaður Grýlu

Bokki sat í brunni

Bokki sat í brunni
hafði blað í munni
hristi sína hringa
bað fugl að syngja.
Grágæsamóðir
ljáðu mér vængi
svo ég geti flogið
upp til himintungla.
Tunglið, tunglið taktu mig
berðu mig upp til skýja
þar situr hún móðir mín
og kembir ull nýja

simbill og **sía**.

Þar sitja systur
skafa gullkistur,
þar sitja nunnur
skafa gulltunnur,
þar sitja sveinar
skafa gullteina,
þar sitja Jónar
skafa gullprjóna,
þar situr hann faðir minn
og skefur hann gullhattinn sinn.

Þjóðkvæði

Umræður/verkefni

1. Finnið dæmi um ljóðstafi og rím í þulunni um Bokka.
2. Tínið til alla þá sem nefndir eru í þulunni og athugið hvað þeir eru að gera. Skiptið síðan með ykkur verkum og myndskreytið þuluna og látið viðeigandi ljóðlínur fylgja hverri mynd.
3. Hver getur Bokki hugsanlega verið?

simbill – e-ð ómerkilegt, einfalt

sía – sigti eða glóandi málmhlutur (forn merking)



Konur og stúlkur við tóvinnu og þrjónaskap um aldamótin 1900.

Tunglið, tunglið taktu mig

„TUNGLIÐ, tunglið taktu mig
og berðu mig upp til skýja.“
Hugurinn ber mig hálf leið
í heimana nýja.
Mun þar vera margt að sjá,
mörgu hefirðu sagt mér frá
þegar þú leiðst um loftin blá
og leist til mín um rifinn **skjá**.
Komdu litla Lipurtá!
langi þig að heyra
hvað mig dreymdi, hvað eg sá
og kannske sitthvað fleira.
Ljáðu mér eyra.
Litla flónið, ljáðu mér snöggvast eyra:
Þar er siglt á silfurbát
með seglum þöndum,
rauðagull í **rá** og böndum,
rennir hann beint að ströndum,
rennir hann beint að björtum sólarströndum.
„Þar situr hún móðir mín“
í **möttlinum** græna,
hún er að spinna **hýjalín**
í hempu fyrir börnin sín.
„Og seinna þegar sólin skín“,
sendir hún þeim **gullin** fín,
mánasilfur og messuvín,
mörgu er úr að velja.
Hún á svo margt sem enginn kann að telja.
„Þar sitja systur“.
Sá sem verður fyrstur
að kyssa þeirra klæðafald
og kveða um þeirra undravald,
honum gefa þær gullinn streng
á **gígjuna** sína.

„Ljúktu upp Lína!“
Nú skal eg kveða ljúflingsljóð
um lokkana þína,
kveða og syngja ljóðin löng
um lokkana mjúku þína.
„Þar sitja bræður“
og **brugga vél**,
gakkstu ekki í skóginn þegar skyggir.
Þar situr hún María mey,
man eg hvað hún söng:
Eg er að vinna í vorið
vetrarkvöldin löng.
Ef að þornar ullin vel
og ekki gerir stórfelld él,
sendi eg þér um **sumarmálin** sóley í **varpa**.
Fögur er hún **Harpa**.
Um **messur** færðu fleira,
fjólu og **músareyra**,
hlíðunum gef eg grænan kjól,
svo göngum við upp á **Tindastól**,
þá næturvökul sumarsól
„sveigir fyrir norðurpól“,
en dvergar og tröll sér búa ból
í bergsins innstu leynum,
og ljósálfar sér leika á hól
að lýsigulli og steinum.
Við skulum reyna að ræna frá þeim einum.
Börnunum gef eg **gnótt** af óskasteinum.
„Þá spretta laukar,
þá gala gaukar“.
Þá syngja svanir á tjörnum,
segðu það börnum,
segðu það góðum börnum.

Theodóra Thoroddsen

skjár – gluggi
rá – þverslá á siglutré (á skipi)
möttull – skikkja

hýjalín – mjög þunnt og fíngert efni
gull – (hér) leikföng
gígja – gamalt strengjahljóðfæri

vél – svik og klækir
brugga vél – ætla að svíkja
sumarmál – fimm síðustu dagar vetrar, frá laugardegi til sumardagsins fyrsta (fimmtudags)



Umræður/verkefni

„Mun þar vera margt að sjá,
mörgu hefirðu sagt mér frá
þegar þú leiðst um loftin blá
og leist til mín um rifinn skjá.“

1. Hver er það sem talar og hver leit inn?
2. „Þar situr hún móðir mín
í möttlinum græna...“
Hver gæti móðirin í græna möttlinum verið?
3. Í þulunni segir að María mey ætli að gefa hlíðunum grænan kjól.
Hvað kallast svona myndmál og við hvað er átt?
4. Nú er komið að ykkur. Þið getið unnið nokkur saman eða sem
einstaklingar og verkefnið er að semja pulu. Þið megið nýta ykkur
braglínurnar úr þessum þulum og stöku línur úr öðrum kvæðum
sem þið kunnið.
5. Finnið nú rapptexta og berið saman við þulurnar hér að framan.
Hvað er líkt og hvað er ólíkt með þeim.

varpi (hlaðvarpi) – túnið næst hlaðinu
hlað – svæðið næst bænum, oft með hlaðinni stétt
harpa – (hér) fyrsti sumarmánuðurinn sem hefst
sumardaginn fyrsta

messur – líklega Jónsmessa
músareyra – plöntutegund
Tindastóll – fjall í Skagafirði
gnótt – mikið af e-u

Jónas Hallgrímsson sem oft er kallaður listaskáldið góða vegna ljóða sinna var fjölhæfur maður. Hann samdi fyrstu íslensku smásöguna sem einnig má telja fyrstu íslensku unglingsöguna. Þetta er sagan Grasaferð sem segir frá ferð tveggja unglunga á **grasafjall**. Sögumaður er 13 ára strákur en frænka hans sem hann kallar systur sína í sögunni er með honum í ferðinni. Sagan þykir sýna vel samband frændsystkinanna og aðdáun unga piltsins á frænku sinni, enda er hún tveimur árum eldri og telst fullorðin.

Grasaferð – brot

„Systir góð! sérðu það sem ég sé?“

Það var eitt kvöld um vorið, við komum af **stekknum**, að ég sagði þetta við systur mína, fimmtán vetra gamla, og klappaði saman lófunum af gleði.

„Ég veit ekki við hvað þú átt, drengur!“ – „Hvað á ég að sjá?“ sagði hún rétt á eftir og sneri sér við, því ég var orðinn aftur úr og horfði þegjandi ofan í jörðina.

„Hér hefur rignt ormum í skúrinni en það var ekki það sem ég átti við.“

„Þú ert **skírleiksbarn**,“ sagði systir mín hlæjandi, „og kemur **alltént** upp með eitt-hvað nýtt; við skulum tala um ormana þína seinna; en hvað var hitt sem ég átti að sjá?“

Ég var **einatt** vanur við hún leiddi mig á meðan ég var yngri; en nú var ég orðinn þrettán vetra gamall og þótti vera of stór til þess; samt sem áður fannst mér það alltént mesta skemmtun og vann ég mér það stundum inn með alls konar gamni og vinalátum þegar við vorum einhvers staðar á gangi.

„Leiddu mig dálítið,“ sagði ég og tók í höndina á henni, „annars kostar sérðu ekki það sem ég bendi þér á – þú sérð fjallið hérna fyrir ofan okkur, gáðu nú að.“

„Nei, ég sé ekki fjallið, frændi minn góður! Var það ekki annað en fjallið?“

„Og sérðu bunurnar bláu sem steypast fram af Bröttuskeið; það er eftir regnið áðan; lækirnir hafa allir vaxið og eru sumir **mórauðir**. Hvernig líst þér núna á fjallið?“

„Ekki nema vel,“ sagði systir mín, „það er fallegt og farið að verða sumarlegt; en svona lítur það út á hverjum degi; þú verður að sýna mér eitthvað meira.“

Sögumaður er fullur tilhlökkunar en til hvers hlakkar hann mest?

grasafjall – hálendi þar sem fjallagrös vaxa

að fara á grasafjall – að fara til fjalla að tína fjallagrös sbr. að fara í berjamó

fjallagrös – fléttur (sambyli sveppa og ljóstíllífangi lífveru) sem nýttar hafa verið til manneldis og lækninga öldum saman

stekkur – fjárrétt

skírleiksbarn – vel gefið barn

alltént – alltaf, ætíð

einatt – alltaf, sífellt

mórauður – rauðbrúnn, móbrúnn



„Ég er að **draga þig dálítið á því** sem best er; sérðu nú **rindana** þarna upp á Bröttuskeið sunnanverðri? Þeir eru **fagurbleikir**; manstu hvernig þeir eru að sjá í þurrki?“

Þetta seinasta sagði ég svo **borginmannlega** og með svo miklum spekingssvip að það var auðséð á öllu ég þóttist hafa sagt eitthvað merkilegt. Systir mín horfði stundarkorn á rindana og sá ég hvernig **hýrnaði** yfir henni.

„Þú ert mesta **gersemi**,“ sagði hún pá, „og besti frændinn sem ég á – það eru allt saman grös, það er ógn af blessuðum grösum!“

...

Það var einn dag fyrir sláttinn að ég var kominn á hvíta brók og ljósbláa sokka og **saumaði þá upp um mig** fyrir neðan hnéð. Að ofanverðu var ég snöggklæddur, á grænum bol og **dúkskyrtu**, með nýlegan hatt sem ég hafði keypt fyrir lamb og þótti mér það vera fallegur hattur. Svona stóð ég úti á hlaði með hárband og ljósgráan **tínupoka** og þar að auki var ég vel útbúinn að snærum. Ég hafði tekið með mér peysuna mína bláu og var að búa mig til að **binda bagga** úr henni og pokanum en dró það samt og horfði heim til dyranna, hvort enginn kæmi út. Það leið ekki heldur

að draga e-n á e-u – láta einhvern bíða

rindi (í landslagi) – aflangt grasi vaxið svæði

fagurbleikir – (hér) ljósir

að segja e-ð borginmannlega – að segja e-ð af öryggi

borginmannlegur – rogginn, góður með sig

það hýrnar yfir e-m – það glaðnar yfir e-m

gersemi – dýrgripur

að sauma upp um sig sokkana – að festa sokkana við buxurnar.

dúkskyrta – ekki þrjónuð heldur úr efni

tínupoki – poki til að tína í grös

að binda bagga – binda saman peysuna og pokann

Hvað finnst sögu-
manni um klæðnað
sinn og sjálfan sig?
Hvað finnst ykkur?

á löngu fyrr en systir mín kom með samanbrotinn tínupoka og snjóhvíta **rósavettlinga** á höndunum en hversdagsbúin að öðru leyti, hreinlega og létt en þó hlýtt, svo kunnugum var hægt að sjá hún ætlaði í grasferð.

Ég kallaði til hennar og sagði: „Fæ ég að bera pokann þinn, systir góð!“ og leit svo um leið niður á mig því aldrei þóttist ég hafa verið eins karlmannlegur í vexti né meira mannsefni að sjá en núna á hvítu brókinni.

...

Veðrið var blítt og hreint en ekki sá til sólar því skýjadrög voru um himininn og hrannaði austurloftið. Það var eins og sveitin hefði sniðið sér stakk eftir veðrinu: allt var svo kyrrt og blítt yfir að líta, túnin græn og glóuðu í fíflum og sóleyjum; engjarnar líka grænar en þó nokkuð ljósbleikari og sums staðar hvítir fífublettir, táhreindir eins og nýfallinn snjór. Búsmalinn dreifði sér um haga og hlíðar og ekkert var að heyra nema einstaka lækjarbunu og árniðinn í dalnum eða þá stundum fugla sem flugu kvakandi í loftinu ellegar sátu á einhverri hæð og sungu sér til gamans í morgunkyrrðinni. Lengra í burtu var að sjá fagurblá fjöll með sólskinsblettum og það breiddi nokkurs konar gleðiblæ yfir allt hitt eins og þegar vonin skín yfir rósama lífstund góðs manns.

Þetta sagði systir mín á einum stað í fjallinu þegar við stóðum við og horfðum yfir dalinn og sveitina; og hún sagði það satt því ég sá hvernig hýran skein á andlitinu á henni.

En ég var mest að hugsa um grösín og svaraði heldur óþolinmóðlega: „Ég held það hafi verið fallett sem þú sagðir en illa er mér við sólskinið ef það kemur hingað í dag; mér þætti miklu betra að við fengjum duglega skúr.“

„Vertu óhræddur,“ sagði hún, „grösín þín á Bröttuskeið verða varla svo smá að við sjáum þau ekki nema í vætu; láttu mig nú leiða þig stundarkorn, litli frændi minn góður!“

Ég þekktist það að sönnu og tók þegjandi í höndina á henni en illa féll mér samt að hún skyldi kalla mig „litla frænda“. Hún var farin að taka upp á því stundum, eftir það hún óx svo mikið yfir mig; enda var hún orðin fulltíða kvenmaður og fermd fyrir meir en ári en ég var barn að kalla og ekki stór á mínum aldri. Þetta vissi ég allt saman dável og sárnaði mér því heldur að hún skyldi svona ósjálfrátt vera að minna mig á það.

Umræður/verkefni

1. Hvert er sögusviðið í þessum textabrotum? Tínið allt til sem segir ykkur eitthvað um umhverfið og teiknið eða semjið umhverfislýsingu.
2. Sögumaðurinn í þessu textabroti er líklega Jónas þegar hann var 13 ára. Hvers konar persóna var hann? Lýsið honum eins og hann kemur ykkur fyrir sjónir og skoðið það sem hann hugsar, segir og gerir. Að hvaða leyti er hann líkur/ólíkur unglingsstrákum í dag?
3. Hvaða tilfinningar virðist ykkur ungi strákurinn bera til frænku sinnar (uppeldissystur)?
4. Takið eftir upphafi sögunnar. Það er ólíkt því sem tíðkaðist á þessum tíma því þá hófust sögur almennt á kynningu aðstæðna en ekki í **miðjum klíðum** eins og hér. Æfið ykkur nú og semjið stutta frásögn sem hefst í miðjum klíðum.

Ef þið lesið alla söguna þ.e. Grasaferð þá rekist þið á þetta kvæði eftir Jónas sem hann virðist þá hafa samið þegar hann var ellefu ára. Fyrsta erindið er vinsæl barnagæla sem þið kannist e.t.v. við.

Sáuð þið hana systur mína
sitja lömb og spinna ull?
Fyrrum átti ég falleg **gull**.
Nú er ég búinn að brjóta og týna.

Einatt hefur hún sagt mér sögu.
Svo er hún ekki heldur nísk:
hún hefur gefið mér hörpudisk
fyrir að yrkja um sig **bögu**.

Hún er glöð á góðum degi
– glóbjart liðast hár um kinn –
og hleypur þegar hreppstjórinn
finnur hana **á förnum vegi**.

Jónas sagði sögur,
systir hans sagði sögur
– við erum alltaf að
segja sögur – en af
hverju gerum við það?

Í kvæðinu notar Jónas
kvenrím og karlrím –
hvað er það?

(**saga hefst**) í **miðjum klíðum** – þegar frásögn hefst í miðri atburðarás. Tilgangurinn er að vekja athygli lesenda undirbúningslaust.

að sitja lömb – að gæta lamba í haga
gull – (hér) leikföng
baga – vísa
á förnum vegi – á leið sinni

Fyrsta konan sem skrifaði fyrir börn og unglunga var Torfhildur Hólm. Hún skrifaði þrjár bækur sem voru sérstaklega ætlaðar unglingum og lagði í þeim mikla áherslu á að fræða og upplýsa en umfram allt að kenna gott siðferði og rétta hegðun.

Brit og Brigída – brot

„Hvernig getur svona grófgjör jurtt borið svona smágjör og falleg blóm?“ sagði ofurlítill stúlka við kennara sinn, er var að segja nokkrum unglingum um eðli og vöxt og náttúru ýmissa blómtegunda, sem voru þar úti í garði.

...

„Hið ytra, barn mitt! —“ sagði kennarinn, „hið ytra svíkur oft **hraparlega**, og skal ég nú segja ykkur öllum ofurlitla dæmisögu upp á það, en látum náttúruskoðunina nema hér staðar að sinni. Setjist nú niður á bekkinn og hlustið þið nú á. Sagan er svona:

Einu sinni voru hjón, sem áttu sér tvær dætur. Ekki hefi ég heyrt, hvar þau bjuggu, en dæturnar hétu Brigída og Brit. Náttúran hafði skipt svo ójafnt milli þessara tveggja barna sinna, að þar sem Brigída hafði fyrir manna sjónum allt, sem prýða mátti, þá var Brit þar á móti neitað um allt þetta. Hún var mjög ófríð, hvar sem á hana var litið, og af þessu leiddi, að kjör þeirra systra urðu ólík, þó að það hefði ekki þurft að vera í foreldrahúsum, því að öll eru börnin jafnskyld foreldrunum. En það var ekki **meining** þessara hjóna. Þau ömuðust við Brit og létu hana hafa allt hið versta, en hófu systur hennar upp úr skýjunum, ef svo mætti að orði kveða, og þeirra dæmi fylgdu aðrir.

Svona liðu nú stundir fram, þar til er þær systur voru orðnar **gjafvaxta**. Brigída var blómarós allra blómarósa. Hún vissi það líka og **þóttist af því**. Ætíð frá því fyrsta gerðu allir sér að skyldu að hrósa henni bæði að kostum og fegurð, svo að hún hélt, að hún væri alveg óaðfínanleg. Brit þar á móti heyrði ætíð frá því fyrsta talað um, að hún væri ljót og leið, og hún trúði því, þar eð öllum **bar saman um** það. Um þessar mundir var það, að ungur **ofláti** fór um sveitina. Hann sá Brigídu og honum leist sem öðrum, að hún væri efnileg **mær**, enda heyrði hann **alla ljúka upp sama munni** um hana. Hann hóf því bónorð sitt til hennar, og þar eð hann var laglegur og allvel efnaður, gekk hann einnig í augu hennar. Foreldrarnir, sem ætíð létu hana ráða, gerðu

svíkur hraparlega/hrapallega – svíkur illilega

meining – skoðun

að amast við e-m – að hafa horn í síðu e-s, að vera illa við e-n

gjafvaxta – á giftingaraldri

að þykjast af e-u – að vera montin(n) yfir einhverju

að bera saman um e-ð – að vera sammála

ofláti – monthani

mær – stúlka

að ljúka upp sama munni – að vera sammála

eins nú, enda leist þeim maðurinn mannvænlegur. Það var því slegið upp veislu og drukkið brúðkaup þeirra hið bráðasta. Eftir það brugðu gömlu hjónin búi og fóru til Brigidu með allar eigur sínar, en Brit varð að fara út í heiminn að **vinna sér brauð**, og fékk hún ekkert frá foreldrunum nema **leppagarma** þá, er hún stóð uppi í. Þetta voru ójöfn skipti, en þó sá enginn óánægjusvip á Brit, þó að hennar **hluta væri svona hörmulega hallað**. Hún fór í vist til hjóna nokkurra, er voru **vel við efni**, og kunnu að meta innri kosti hennar. Þar sá hún fyrst í lífinu réttlæti og mannúð og fékk að reyna kærleika og velvild af þeim, er umgengust hana. Þá er hún hafði dvalið hjá þessum góðu hjónum eitt ár, dó konan, og Brit, sem var **ráðdeildar- og þrifnaðarkona**, tók við störfum hennar, fyrst sem ráðskona, en seinna giftist hún bóndanum og varð um leið stjúpa tveggja barna, en þeim var hún sem öðrum mætagóð. Þannig umbreyttust kjör þessa **mæðubarns** til batnaðar, svo að hún var ekki einungis rík og veitandi, heldur og almennt virt, af því að hún átti nú meira um við sig, og „svo er hver virtur sem hann er gyrtur“ segir einn sannur málsháttur, því að hver er betri talsmaður en auður og há staða í heimi þessum?

...

Hvað finnst ykkur um framkomu fólks gagnvart Brit? Hvernig ætli henni líði?

Umræður/verkefni

1. „...svo er hver virtur sem hann er gyrtur,“ segir í sögunni. Þetta þýðir að fólk sé metið eftir eignum sínum og stöðu í samfélaginu. Hver er ykkar skoðun á þessu? Færið rök fyrir skoðun ykkar.
2. Í sögunni er kunnuglegt minni úr ævintýrum, hvaða sögu kannist þið við þar sem svipað minni kemur fyrir?
3. Hvað áttu krakkarnir að læra af dæmisögu kennarans?
4. Hvernig haldið þið að sagan endi?
5. Þessi saga birtist fyrst í bók sem kallaðist *Smásögur handa börnum og unglingum* og kom út árið 1886. Finnst ykkur þessi saga henta unglingum? Af hverju/af hverju ekki? Rökstyðjið svar ykkar.
6. Hvað segir textinn um tíðarandann og stöðu konunnar á 19. öld? Hvað hefur helst breyst?

Dæmisögur eru stuttar frásagnir sem kenna einhverja ákveðna hegðun og/eða ákveðinn hugsunarhátt.

að vinna sér brauð – að vinna fyrir sér
leppagarmar – léleg, slitin föt
að hlut e-s sé hallað – gert upp á milli
að vera vel við efni – að vera ríkur

að vera ráðdeildarsamur – að vera nýttinn og sparsamur
að vera þrifnaðar kona – að vera farsæl kona, góð kona
mæðubarn – barn sem á bág

Árið 1907 kom út barnabók sem átti eftir að hafa mikil áhrif á bókmenntir fyrir börn og unglinga. Þetta var bókin *Bernskan* eftir Sigurbjörn Sveinsson. Sigurbjörn var barnakennari og skrifaði söguna að eigin sögn vegna skorts á alíslenskum barnasögum. Ári seinna kom út *Bernskan II* en báðar bækurnar byggjast á bernskuminningum höfundar úr sveitinni og segja frá áhyggjulausu lífi og leik barna þó svo þau hafi haft skyldum að gegna.



Grikkur

Sunnangolan leið yfir Hörgárdalinn og vaggaði blómunum. Börnin á Auðbrekku voru að leika sér úti og rabba saman.

„Nú skulum við **gera** honum Nonna á Svíra einhvern **grikk**, þegar hann kemur í dag,” sagði Gerða.

„Já, það skulum við gera,” svaraði Einar litli. „Hann er svo oft búinn að hrekkja okkur, og við **eigum honum grátt að gjalda**.”

„En hvernig eigum við þá að fara að því?” sagði Mangi vandræðalegur.

„Ég veit hvernig við eigum að fara að því,” svaraði Gerða glettnisleg. „Við skulum grafa holu hérna í gamla kálgarðinum, fylla hana með vatni og strá svo mold yfir. Svo þegar Nonni kemur, þá förum við í **skollaleik**. Nonni vill auðvitað vera skollinn eins og vant er. Þá hlaupum við kringum holuna, en Nonni **slampast** ofan í hana.”

„En hvað það verður gaman,” sagði Einar. Hann hljóp af stað að sækja **fjósrekuna**.

Mangi klappaði saman lófunum og réð sér ekki fyrir kæti. Hann sótti vatnsfötu inn í eldhúsið, meðan Gerða og Einar voru að grafa gryfjuna.

Þegar börnin voru búin að grafa holuna, báru þau vatn í hana úr læknum. Síðan stráðu þau mold yfir. En til þess að sem minnst bæri á holunni, slitu þau upp gras með höndunum og stráðu því yfir moldina.

Það stóð heima. Þegar þau voru að enda við þetta þrekvirki, sáu þau hvar Nonni kom blaðskellandi og **stikaði stórum**.

að gera e-m grikk – að hrekkja einhvern

að eiga e-m grátt að gjalda – að eiga illt að hefna á e-m

skollaleikur – blindinguleikur, bundið fyrir augun á einum sem leitar að hinum

slampast – villast

fjósreka – skófla

e-ð stendur heima – e-ð fer eins og ætlað var

að stika stórum – taka stór skref



„Komið þið nú sæl“, sagði Nonni og kastaði um leið **gorkúlu** í Gerðu.

„Alltaf ert þú að hrekkja okkur, þegar þú kemur hingað“, sagði Gerða og dustaði svuntuna sína.

„Ég ætlaði bara að vita, hvað ég væri **hæfinn**“, svaraði Nonni **kíminn**.

„Heyrðu Nonni! eigum við annars ekki að koma í skollaleik hérna í garðinum? Það er miklu skemmtilegra að leika sér úti, fyrst veðrið er svona gott“, sagði Gerða svo undurglaðleg á svipinn.

„Jú, það skulum við gera, og ég skal vera skollinn. Ég skal ekki vera lengi að ná ykkur“, sagði Nonni **alldrjúgur**. Hann þreif af sér hálsklútinn og batt honum fyrir augun á sér.

Hin börnin áttu bágt með að halda niðri í sér hlátrinum, en þó stilltu þau sig, svo að Nonna grunaði ekki neitt.

„Hana! Nú er ég tilbúinn“, hrópaði Nonni. Hann hljóp af stað að elta hin börnin. „Klukk“, sagði hann í því hann þreif í handlegginn á Manga, og „klukk“, sagði hann aftur. Hann stökk á Einar litla eins og köttur á mús.

Nú átti Nonni eftir að ná Gerðu. Hún hljóp hvað eftir annað kringum holuna. Nonni var alltaf á hælunum á henni, en aldrei gat hann slampast ofan í gryfjuna; enda fór Gerðu **ekki að lítast á blikuna**. Þá datt henni allt í einu gott ráð í hug. „Þú skalt aldrei ná mér“, sagði hún og stökk um leið yfir holuna.

gorkúla – sveppur
hæfinn – hittinn
kíminn – hálfbrosandi

alldrjúgur – frekar góður með sig
að lítast ekki á blikuna – lítast ekki á útlitið
blika – óveðursský

Nonni rann á hljóðið og ætlaði að ná í Gerðu; en hvernig fór? Hann slampaðist ofan í holuna og datt kylliflatur.

Nonni reif klútinn frá augunum á sér og stóð upp; var hann þá votur upp fyrir hné og **illa til reika**, enda fór nú að fjúka í hann.

„Þetta skal ég muna ykkur,“ sagði Nonni og tók nú til fótanna. Hin börnin hlupu heim á undan honum í dauðans ofboði; þau hefðu ekki getað hlaupið harðara, þó að manngt naut hefði verið á hælunum á þeim. Til allrar hamingju voru þau komin inn í göngin, þegar Nonni kom að bæjardyrnum.

„Þetta skal ég muna ykkur,“ orgaði hann á eftir þeim, en þorði ekki að elta þau lengra.

Þegar börnin komu inn í baðstofuna, ætluðu þau að springa af hlátri, því að nú voru þau hvergi **smeyk**.

„Tarna var ljóti grikkurinn, sem þú gerðir honum Nonna,“ sagði Mangi.

„Honum er þá nær að vera ekki alltaf að hrekkja mig,“ sagði Gerða.

En það er af Nonna að segja, að hann flýtti sér heim til sín og **sagði sínar farir ekki sléttar**.

Ólátabelgur var Nonni og oft fauk í hann, en **langrækinn** var hann ekki. Hann kom að Auðbrekku daginn eftir, og fór þá aftur í skollaleik við börnin þar, eins og ekkert hefði í skorist. Ekki er hann, mér vitanlega, farinn að gjalda Gerðu fyrir grikkinn enn þá, en hann getur svo sem verið allra áreiðanlegasti drengur þrátt fyrir það.

Umræður/verkefni

1. Hvers vegna haldið þið að Nonni hafi ekki hefnt sín? Þarf maður alltaf að hefna sín?
2. Lýsið Nonna og Gerðu og athugið hvort þau eigi eitthvað sameiginlegt.
3. Manstu eftir að hafa strítt einhverjum? Skrifaðu stutta sögu/frásögn um stríðni og notaðu a.m.k. 5 orð sem eru í orðskýringunum við söguna. Þú ræður að sjálfsgöðu hver sögumaðurinn er þ.e.a.s. fórnarlamb eða gerandi og einnig þarftu að ákveða hvort þú segir frá í 1. persónu eða 3. persónu.

Nonni eða Jón Sveinsson skrifaði bernskuminningar sem fjalla um líf hans og Manna bróður hans en líf bræðranna í bókunum er mjög ævintýralegt. Jón skrifaði bækur sínar á þýsku og dönsku en síðan voru þær þýddar á íslensku og mörg önnur tungumál. Nonnabækurnar voru vinsælar víða um lönd og einnig sjónvarpsþættir sem gerðir voru eftir þeim. Í þessu textabroti er Nonni 13 ára að fara til náms í Frakklandi en á leiðinni lendir skipið í hafis og festist.

Bardagi við hvítabirni – brot

Stýrimaður flýtti sér á fætur og gekk upp á þilfar með skipstjóra.

Ég fór á eftir þeim. Mér var mikið í mun að sjá, hvernig þeir færu að því að ná skipinu út úr ísnum af handaflí.

Í sömu svifum komu hásetarnir einnig upp á þilfar.

Nú var tekið til starfa tafarlaust.

Fyrst var snjónum mokað af hleranum yfir framryminu, því að þar voru stengur þær og hakar, sem nota skyldi við starfið.

Beggja megin skipsins gnæfðu allháir jakar.

Stöngunum var nú stungið í jakana og ýtt á af öllum mætti. Við það færðist skipið á stað hægt og hægt suður á bóginn.

Eftir stundarstrit vorum við komnir að stórum sléttum ísfláka á vinstri hönd.

Sá fláki var víst yfir hundrað **faðma** langur, og var bein **skörin** alla leið út að endimörkum íssins.

Fram með þessari skör urðum við að koma skipinu.

En það var hægara sagt en gert.

Á hægri hönd var enginn ís svo nærri, að stöngunum yrði við komið.

Við stóðum uppi ráðþota, og var nú ráðgast um hvað gera skyldi.

Skipstjóra kom brátt ráð í hug.

„Hásetarnir fara með mér út á ísinn,“ sagði hann. „Við festum langan kaðal um skipið og drögum það síðan fram með skörinni. En stýrimaður verður kyrr á þiljum og ýtir frá skörinni með stönginni.“

Þetta var það eina, sem unnt var að gera.



Menn gripu nú til hakanna og drógu skipið upp að skörinni.
Því næst stökk skipstjóri og hásetar niður á ísinn.
Stýrimaður kastaði til hans kaðlinum, og var nú tekið til óspilltra málanna.
Ég hjálpaði stýrimanni eftir mætti að **halda** skipinu í **horfinu** og forða því frá árekstri eða núningi við skörina.
Skipstjóri og hásetar óðu snjóinn í hné öðru hvoru. Þó bar ekki á því, að það tefði fyrir, því að leiðin sóttist seint hvort sem var.
Þeir streittust við í sífellu og mæltu ekki orð frá vörum.
Enginn tók eftir kuldanum. Verkið var svo erfitt, að menn unnu sér til hita og meira en það.
Ég var bráðum orðinn löðursveittur, sömuleiðis sá ég stóra svitadropa læðast niður enni stýrimannsins.
Mér þótti svo gaman að þessu verki, að ég hamaðist af öllum mætti.
Mörgum mundi hafa fundist einkennileg sjón að sjá til okkar.
Úti á ísnum gengu þeir fjórir í röð, hver á eftir öðrum, hálfbognir, skinnklæddir og með sjóhatta á höfði. Þeir ösluðu snjóinn upp í hné og toguðu í kaðalinn af öllu afli.

Taktu eftir
hvernig skipt
er um sjónarhorn –
hver er
strákhnokkinn?

Uppi á þilfari stóð stýrimaður og strákhnokki við hlið hans, báðir með langa stöng í höndum og ýttu þeir skipinu frá skörinni.

Við tveir áttum fullt í fangi með að halda skipinu í horfinu, því að hinir tóku allrösklega í spottann.

En við létum það ekki á okkur fá, þótt erfitt væri verkið. Hér var um lífið sjálft að tefla.

Þegar við höfðum stritast við góða stund, vorum við komnir út á móts við miðjan ísflákann.

En þar var illur þröskuldur á vegi okkar, og urðum við **að leggja árar í bát** um sinn.

Við höfðum haldið í fyrstu, að ísinn væri jafnsléttur alla leið. En nú sáum við háan hrygg framundan okkur í svo sem tíu faðma fjarlægð. Hingað til höfðu skaflarnir skyggt á hann.

Hryggur þessi lá eins og varnargarður yfir þveran ísflákann frá austri til vesturs og var snævi þakinn eins og allt annað í kringum okkur. Þeim megin, sem að okkur vissi, var hann **þverhniptur** og svo hár, að ekki var viðlit að komast upp.

Foss skipstjóri, sem fremstur var í röðinni, nam staðar og sagði, að best væri að hvíla sig stundarkorn.

Síðan benti hann á íshrygginn og kallaði til stýrimanns:

„Hvernig eigum við að komast yfir þarna?“

Stýrimaður hafði komið auga á **farartálmann** og svaraði með áhyggjusvip.

„Ég sé engin ráð til þess ennþá. Að minnsta kosti verðum við að fara mjög gætilega, þegar við nálgumst hrygginn, því að á slíkum stöðum eru oft gjótur og sprungur í ísnum.“

Þið verðið að gæta vel að ykkur, svo að þið hripið ekki niður í þær.“

„Það er satt,“ svaraði skipstjóri. „Það væri víst hyggilegast, að ég fengi stafinn minn og kannaði fyrir okkur.“

„Nonni,“ kallaði hann. „Skrpptu niður í káetu og sæktu **broddstafinn** minn. Hann hangir hjá veiðibyssunni við rúmið mitt.“

Ég hljóp niður í spretti, tók stafinn og fór með hann upp.

Stafurinn var úr sterkum við, fullur faðmur á lengd, og broddurinn hvass og öflugur.

„Kastaðu honum til mín“, kallaði skipstjóri.

Ég slöngdi honum út á ísinn, og skipstjóri greip hann á lofti. Síðan skipaði hann svo fyrir:

„Nú drögum við skipið eins nærri íshryggnum og hægt er. Þá finnum við einhver ráð til þess að komast yfir. Nú skulum við syngja eitt lag til að byrja með. Það hressir hugann við stritið.“

Þeirri uppástungu var vel tekið af öllum. Stýrimaður, sem hafði fagra söngrodd, byrjaði þetta alþekkta, danska kvæði:

„Það er ein indæl grund
með beykiskógabeltum
við Eystrasalts sund ...“

Skipstjóri og hásetar tóku undir fullum rómi.

Og nú var tekið til starfa á nýjan leik.

Söngurinn veitti nýjan **prótt** og ánægju eins og skipstjóri sagði.

Loks komumst við að íspröskuldinum. Þá nam skipstjóri staðar og stakk broddstafnum nokkrum sinnum í þverhníptan ísvegginn.

Þá gall við öskur mikið og **ámátlegt** handan við hrygginn. Söngurinn steinþagnaði og sjómennirnir, sem létu sér þó ekki allt fyrir brjosti brenna, hrukku ósjálfrátt nokkur skref aftur á bak.

Fullir **angistar** störfu þeir í áttina, sem þetta ógurlega öskur kom úr.

Í sama bili gægðist hvítur og úfinn haus yfir ísbrúnina, og starði hann hvössum, gráðugum augum á mennina.

Skipstjórinn var næstur óargadýrinu. Hann varð fyrstur til að átta sig og kallaði til hásetanna, sem voru **magnþrota** af skelfingu.

„Þetta er hvítabjörn. Flýtið ykkur út í skipið. Ég bíð hér á meðan.“

Um leið og hann mælti þessi orð, gægðist fram annar haus, hvítur og loðinn, við hliðina á þeim fyrri, og var hann ennþá ægilegri.

Hásetarnir tóku til fótanna.

Hræðslan og angistin léðu þeim vængi. Þeir óðu nú ekki snjóskafana, heldur flugu þeir yfir þá.

Þeir voru að vörmu spori komnir á móts við skipið.

Skipstjóri beið rólegur og bauð hættunni byrginn.

Að vísu hörfaði hann undan hægt og hægt, skref fyrir skref, og hafði ekki augun af villidýrunum.

Við og við renndi hann augunum rétt í svip til hásetanna, til þess að gá að því, hvort þeir hefðu komist undan.

„Í guðanna bænum! fljótt! fljótt! Stökkvið upp á þilfar. Annars er úti um okkur!“

Með öndina í hálsinum hrópuðu þeir:

„Við getum það ekki. – Við komumst ekki. – Skipið liggur of langt frá ísnum.“

Það lá fullan faðm frá skörinni.

Við stýrimaður höfðum gert hvað við gátum, til þess að halda því sem fjærst ísnum. Hásetarnir hlupu fram og aftur í ráðaleysi og örvæntingu og fórnudu höndunum upp til okkar.

En allt kom fyrir ekki.

Hvernig var þeim unnt að komast yfir til okkar?

Engum kom til hugar að taka í kaðalinn og draga skipið að ísnum. Sennilega hefði það líka orðið of seinlegt.

Stýrimaður hafði hlaupið niður í káetu, til þess að sækja byssuna skipstjórans. En í **fátinu**, sem á honum var, fann hann ekki höglin og púðrið svo fljótt sem skyldi.

Ég stóð við borðstokkinn og neri saman höndunum í örvæntingu. Ég var svo hræddur um skipstjórnann.

Dýrin voru nú komin upp á íshrygginn. Það voru tveir stórir hvítabirnir, ægilegustu rándýr, blóðþyrst og í veiðihug. – Það var ógurleg sjón.

Í fyrstu stóðu birnirnir kyrrir og horfðu forvitnisaugum á mennina og skipið.

Þeim hefur sjálfsagt þótt það nýstárleg sjón. Ef til vill höfðu þeir aldrei séð menn áður.

Þegar þeir höfðu **glápt** á okkur eins og **naut á nývirki** stundarkorn, glenntu þeir upp ginin, svo að skein í hvítar og hvassar tennurnar. Því næst ráku þeir upp voðalegt öskur.

Ég titraði af hræðslu frá hvirfli til ilja.

Óli hafði rokið á fætur, þótt veikir væri, og kom nú hlaupandi til mín með ábreiðuna utan um sig.

Óhljóðin voru svo ægilega dimm og tryllingsleg, að okkur rann kalt vatn milli skinns og hörunds.

Skyndilega steinpögnuðu þeir og tóku nú að sveifla hausnum og hálsinum klunnalega sitt á hvað eins og hvítabirnir gera oft. Héldu þeir því áfram stundarkorn.

Því næst teygðu þeir fram hausinn og leituðu fyrir sér, hvar hægast væri að komast niður af íshryggnum.

Það var hryllilegt að sjá þessi blóðþyrstu óargadýr leita sér staðar til þess að komast í færi við mennina á ísnum. Þau fóru sér hægt og með ískaldri ró, eins og þau ættu bráðina vísa.

Hásetarnir hlupu aftur og fram á skörinni og vissu ekki sitt rjúkandi ráð.

Nú fyrst sá skipstjórinn, sem kominn var á móts við skipið, hvers vegna hásetarnir komust ekki alla leið.


„Nonni,“ kallaði hann „komdu með gildustu stöngina.“

Ég flýtti mér að leggja hana út af **hástocknum** og niður á ísinn.

fát – óðagot, flýtir

glápa eins og naut á nývirki – horfa mjög undrandi á e-ð

hástockkur – miðhluti borðstokks



Einn hásetanna kleif upp eftir henni undir eins.
En hún var of veik. Það hrikti svo í henni, að hann varð að snúa við samstundis.
Aftur voru þeir í vandræðum.
Hættan færðist nær og nær.
Birnirnir renndu sér niður af íshryggnum og ösluðu snjóinn samsíða.
„Birnirnir ráðast á okkur!“ hrópaði skipstjórinn titrandi röddu og sneri sér á mótí þeim til varnar.
Hann **tvíhendi** stafinn og otaði broddinum að þeim.
Þrátt fyrir þessa gífurlegu hættu brast hann hvorki kjark né stillingu til þess að hugsa um að bjarga hásetunum.
„Hlaupið fram með og klifrið upp kaðalinn,“ kallaði hann.
„Upp kaðalinn!“ kallaði hann aftur og aftur, en hafði þó ekki augun af óargadýrunum, sem komu nær og nær.
Hásetarnir hlupu fram með skipinu, þar sem kaðallinn hékk niður frá hástokknum.
Þeir hikuðu við, því að kaðlinum náðu þeir ekki, nema með því mótí að fleygja sér út í.
Birnirnir voru nú ekki nema tíu **fet** frá skipstjóranum.
Hann otaði að þeim stafnum í sífellu til þess að hræða þá, eða að minnsta kosti tefja fyrir þeim.

að tvíhenda e-ð – að halda á e-u með báðum höndum
fet – lengdarmál, u.þ.b. 30 cm



Það tókst honum líka.

Þeir námu staðar og horfðu til skiptis á hann og hásetana.

Því næst sneru þeir til vinstri handar og gengu í boga fram hjá skipstjóra í áttina til hásetanna.

Nú urðu þeir annaðhvort að hrökkva eða stökkva.

„Út í með ykkur!“ kallaði skipstjóri. „Út í! Grípið kaðalinn!“

Þegar hásetarnir sáu birnina koma, ráku þeir upp angistaróp og köstuðu sér út í allir í einu.

Þeir hurfu á kaf en bráðlega skaut þeim upp aftur, og tókst þeim að festa hönd á kaðlinum, og tóku þeir nú að klifra upp eftir honum.

En þegar birnirnir sáu bráð sína hverfa, ráku þeir upp ógurlegt öskur og hröðuðu sér þangað sem mennirnir höfðu staðið.

Fyrsti hásetinn var þá kominn upp að borðstokknum, annar var á hælunum á honum, þó héngu fætur hans niður í sjóinn. Á þeim þriðja stóð aðeins höfuðið upp úr.

Foss reyndi að tefja tímenn. Hann sveiflaði stafnum ögrandi og hrópaði hástöfum, til þess að draga aftur að sér athygli bjarnanna.

Þeir námu staðar á skörinni og sneru sér í áttina til skipstjórans, sem otaði að þeim stafnum og orgaði til þeirra.

Hásetunum tveim **var** nú **borgið**. En sá síðasti stóð ekki nema hálfur upp úr sjó.

En nú var þolinmæði bjarndýranna á enda. Þau fleygðu sér út í og syntu beint að hásetanum.

Mannauminginn tók á því, sem hann átti til.

Hann var um það bil kominn upp úr, þegar bjarndýrin náðu honum.

Þau teygðu sig uppeftir honum eins og kettir og gripu fætur hans með hrömmunum, og missti hann þá samstundis tökin á kaðlinum.

Með angistarópi hvarf hann niður á milli rándýranna, sem ginu yfir honum með gapandi kjöftum.

Það, sem nú fór fram, var svo hryllilegt, að mér fannst blóðið storkna í æðum mínum.

Bjarndýrin rifust grimmilega um bráð sína. Þau toguðust á um manninn af svo mikilli frekju, að svo var að sjá, sem þau mundu rífa hann sundur í tætlur.

Loksins kom stýrimaður með hlaðna byssuna. Hann hallaði sér út yfir hástokkinn og miðaði byssunni.

Skotið reið af.

Rimmunni milli bjarndýranna var lokið. Skotið hafði hitt, og annað þeirra rak upp dimmt gaul, hringsnerist í vatninu og sleppti bráð sinni.

Hitt bjarndýrið hélt með kjaftinum um handlegg hásetans og synti nú með hann upp að skörinni.

Skipstjórinn hörfaði frá nokkur skref, til þess að lofa dýrinu upp úr, svo að það bjargaði þó hásetanum frá drukkun.

Bjarndýrið lyfti manninum léttilega upp á skörina og dró hann spölkorn út á ísinn.

Þar fleygði það honum í snjóinn og lagðist síðan niður með hrammana ofan á öxlum hans. Ekki var sýnilegt, að lífsmark væri með honum lengur.

Nú hagaði bjarndýrið sér eins og hundur, sem leggst niður til þess að bíta stórt bein í mestu makindum.

Það leit í kringum sig, fitjaði upp á trýnið, sleikti út um, sleikti síðan andlit hásetans og urraði lágt, til þess að láta í ljós ánægju sína yfir þessari gómsætu máltíð.

En sem betur fór fékk það ekki að njóta hennar.

Skipstjórinn, sem hvorki virtist bregða sér við sár né bana, réðst nú móti blóðþyrstu óargadýrinu með stafinn einn að vopni.

Stýrimaður stóð uppi á þilfari með hlaðna byssuna í höndum. Hann miðaði, en þorði ekki að skjóta, hann bjóst við að hitta þá annaðhvort skipstjóra eða hásetann.

Hásetarnir tveir, sem bjargast höfðu, hlupu niður í káetu og komu nú með hnífa sína í höndunum.

Þeir ráku upp angistaróp, þegar þeir sáu skelfingar þær, sem fram fóru úti á ísnum.

Bjarndýrið lá með gapandi gini ofan á félagi þeirra. Frammi fyrir því stóð skipstjórinn og otaði að því broddstafnum.

Dýrið urraði og gaut á hann illum augum, en sleppti þó ekki bráð sinni.

„Komið með hakann hingað,“ kallaði skipstjóri.

Hásetarnir köstuðu þeim út á ísinn og stukku sjálfir á eftir út á skörina.

Stýrimaður stökk á eftir þeim með byssuna.

En á meðan þetta fór fram, reis björninn upp og réðst á móti skipstjóranum.

En hann tvíhendi stafinn og rak hann af svo miklu afli í brjóst bjarnarins, að hann gekk á hol.

Dýrið rak upp langt og ógurlegt öskur, er það fann sársaukann, og braust um svo fast, að skipstjóra varð laus stafurinn. Hann stóð fastur í skrokk bjarnarins.

Vopnlaus gat skipstjóri ekki barist við björninn, og lagði hann því á flóttu.

En björninn reis upp á afturlappirnar og sentist á eftir honum.

Þrátt fyrir sárið náði hann skipstjóra eftir fáein stökk og sló hann niður í snjóinn með hrömmunum.

Það virtist vera úti um skipstjóran.

En í sama vetfangi komu hásetarnir að og ráku hakana á hol í skrokk bjarnarins.

Þar að auki setti stýrimaður byssuhlaupið á haus hans og hleypti af.

Þrátt fyrir það reyndi björninn enn að rísa gegn óvinum sínum.

En það var síðasta tilraunin.

Hann **valt um hrygg**, beit í sundur stafinn, sem stóð í brjósti hans, og veltist síðan um stund á blóðugum snjónum í dauðateygjunum.

Loks valt hann út af á hliðina og hreyfðist ekki framár.

Umræður/verkefni

1. Túlkið það sem gerðist í þessum kafla á myndrænan hátt (myndasaga) eða setjið ykkur í spor skipstjórans og skrifið bréf þar sem hann greinir frá þessum atburði. Gætið að því að líðan hans og hugsanir komi fram.
2. Skipstjórinn sýnir mikla hetjudáð. Í hverju er hún helst fólgin að ykkar mati?
3. Hvernig fannst ykkur Nonni standa sig? Hvernig persóna virðist hann vera? Lýsið honum í einni efnisgrein og athugið að gott er að byrja á hugarkorti.
4. Hvar rís frásögnin hæst? Útskýrið hvers vegna og vísið í söguna.
5. Atburðarásin í þessum kafla er hröð og spennandi. Hvað gerir höfundurinn til að fá fram hraða og spennu?

Þegar kom fram á 20. öldina breyttist samfélagið og sífellt fleiri fluttu á mölina. Landbúnaðar-samfélagið var að breytast í iðnaðarsamfélag og þetta hafði mikil áhrif á líf barna og bækur sem skrifaðar voru fyrir þau. Bækurnar lengdust um leið og atburðarásin varð flóknari og persónusköpunin dýpri. Í þessum nýju bókum er aðalpersónunni fylgt eftir um tíma, jafnvel nokkur ár og í nokkrum bókum svo lesandi kynnist aðstæðum hennar og persónuleika mjög vel. Þá komu fram tveir merkir höfundar sem skrifuðu fyrir unglunga en það voru Stefán Jónsson og Ragnheiður Jónsdóttir.

Stefán er þekktastur fyrir bækur sínar um Hjalta litla og Óla frá Skuld. Þetta eru raunsæjar þroskasögur sem geta hentað börnum, unglingum og fullorðnum. Persónur hans eru fremur flóknar miðað við barnabækur; þær velta fyrir sér lífinu og tilverunni og takast á við ýmis vandamál sem upp geta komið í samskiptum fólks. Stefán hreyfir við málum sem almennt komu ekki fram í barna- og unglingabókum s.s. stéttaskiptingu, verkaskiptingu, kjörum og aðstæðum verkafólks og kjörum og aðstæðum barna. Hann vekur lesandann til umhugsunar um leið og sögupersónan tekst á við aðstæður sínar og þroskast.

Hjalti kemur heim – brot

Enn hefur verið hríð.

Skuggsýnt er inni hjá mér, þegar ég vakna, og **vakna ég þó seinna en endranær**. Skaflinn bak við bæinn var orðinn djúpur, og í nótt hefur skefnt yfir gluggann.

Ég snara mér í fötin mín og fer fram í eldhús. Mamma og Elías* eru komin á fætur fyrir löngu. Það var vatnslaust í bænum í morgun. Ég hef gleymt skyldustarfi mínu í gærkveldi. Ég skammast mín fyrir það.

Þú hefur verið æði mikið utan við þig í gærkveldi, drengur minn, segir Elías, og mér virðist efrivör hans titra. Það koma viprur um munnvikin. Þá er Elías reiður.

Ég verð þess var, að Elías er ekki farinn að sinna neinum morgunverkum. Hann er meira að segja ekki farinn að gefa kúnum. Hann hafði farið út til að sækja vatn fyrir mömmu, og þá kom í ljós, að ég hafði gleymt að setja hurðina fyrir snjóhúsið við vatnsbólið. Húsið var orðið fullt af **fönn**. Elías hefur þurft að moka það upp, og honum vex það mjög í augum. Mamma segir ekkert.

Þú þurftir ekki að moka, segi ég. Þetta er mitt verk, en ekki þitt.

Bættu ekki gráu ofan á svart með því að verða vondur út af þessu, drengur minn,

Hvernig bregst Hjalti við þegar honum er bent á að hann hafi ekki sinnt skylduverkum sínum?

Hvað finnst ykkur um þessi viðbrögð? Kannist þið við þetta úr eigin lífi?

að vakna seinna en endranær – að vakna seinna en venjulega

*Stjúpi Hjalta

fönn – snjór

segir Elías. Við tölum ekki meira um þetta, en svona lagað má ekki koma fyrir. Ég get ekki liðið **trassaskap**.

Elías situr við lítið borð undir glugganum. Skefkt hefur einnig yfir þennan glugga. Ljós er hér inni. Mamma er við eldavél sína við hinn vegginn. Ég stend á miðju gólfi, skammast mín fyrir að hafa sofið of lengi og fyrir gleymsku mína. Elías er að drekka morgunkaffið sitt. Hann sötrar úr bollanum. Hann þykist svo sem vera húsbóndi hér.

Þú skalt ekki vera að gera þig svona merkilegan, segi ég.

Elías lætur sem hann heyrir ekki. Hann sötrar. Mér hefur verið bannað að sötra svona. Elías getur heyrt. Mér er sama um allt.

Það er óþarfi að vera að skamma mig. Ég passa mín verk, segi ég.

Hvað er þetta? Ég var ekkert að skamma þig, segir Elías.

Þú þarft ekki að taka þetta svona illa upp, Hjalti, segir mamma.

Þau eru bæði á móti mér einum. Nú geta þau verið sammála. Ég segi það, sem mér býr í brjósti. Ég segi Elíasi, að hann þurfi ekki að vera að gera sig merkilegan yfir mér. Ég hafi gert öll verk einu sinni um daginn, þegar hann var að flækjast á öðrum bæjum og lét mömmu svo fara að leita að sér. En um leið og ég hef sagt þetta, finn ég, að það var óviturlegt.

Elías stendur upp, hrindir frá sér bollanum og **skálmar** út.

Mamma stendur við eldavélina og segir ekki neitt. Ég er í vandræðum og veit ekki, hvort ég á að vera eða fara.

Ætlarðu ekki að drekka mjólkina þína? segir mamma.



trassaskapur – vanræksla, hirðuleysi
að skálma – að taka stór skref, að stika

Ég sest við borðið. Mamma hellir í könnuna mína þegjandi, en um leið og hún snýr við mér baki, segir hún:

Þér ætlar seint að lærast að stjórna skapi þínu, Hjalti minn.

Mér finnst, að sumum fullorðnum lærist seint að stjórna skapi sínu. Þú ættir að tala við þá ekki síður en mig, segi ég.

Mamma svarar mér ekki. Hún kemur og sest við borðið hjá mér. Ég finn augu hennar hvíla á mér, en ég þori ekki að líta upp. Mamma talar hægt, í lágum mildum rómi. Hún segist hafa verið farin að halda, að hér væri allt orðið svo gott. Hún segir, að sér hafi þótt svo vænt um, hve duglegur ég sé orðinn og hve Elíasi sé farið að líka vel við mig. Hún segir, að núna hafi ég hagað mér eins og kjáni. Þú átt ekki alltaf að vera svona viss um, að þú hafir rétt fyrir þér. Sá, sem alltaf er viss um, að hann hafi rétt fyrir sér, verður að eigin dómi ævinlega hafður fyrir rangri sök.

Mamma þagnar öðru hverju, eins og hún vilji gefa mér tækifæri til að segja eitt-hvað, en það er óþarfi. Ég ætla ekki að segja neitt. Mamma segir, að Elías hafi alltaf verið framúrskarandi góður við mig, en ég hafi oft verið honum erfiður.

Ég lít upp. Já, hann var framúrskarandi góður við mig, þegar hann barði mig með **haftinu**, segi ég.

Mamma lætur sem hún heyri ekki orð mín. Hún heldur áfram:

Það er slæmt, þegar menn efast aldrei um skoðanir sínar, og ævinlega verst fyrir þá sjálfa.

Á ég kannski að spyrja hana, hvort hún álíti það ekki sérstök gæði, að Elías skyldi ekki drepa mig hjá fjárhúsunum í Hraunprýði? Ég spyr hana ekki um það. Mamma er sýnilega þreytt, og kannski er hún lasin, en ég veit, hvers vegna hún er lasin. Henni er nær. Ég nenni ekki að tala. Ég lít undan og horfi út í glugga. Mamma heldur áfram:

Ég er bara fáfróð **almúgakona**, Hjalti minn, en eitt veit ég samt: Enginn getur orðið hamingjusamur, ef hann lifir í ófriði við sína nánustu. Reyndu að vera sáttfús við alla, og sýndu tilfinningum annarra nærgætni og skilning.

Ég horfi út í gluggann. Það er orðið bjart úti. Gluggarúðurnar hafa þiðnað vegna hitans að innan, og skaflinn **húsar frá** glerinu. Einhvers staðar að hafa komið óhreindi í snjóinn, sett tauma á rúðurnar og óteljandi rákir og rósir í skaflinn. Mér leiðist. Loks gríp ég fram í fyrir mömmu:

Ætlarðu ekki að mjólka í dag? Það er orðið bjart fyrir löngu.

Hún stendur upp þreytulega, strýkur hárið frá enni mér, en segir ekki neitt. Síðan gengur hún yfir að eldavélinni. Mér virðist hún óvenjulega þungstíg. Kannski hefur hún reiðst við mig, þó að hún láti ekki á því bera.

Ég skal líta eftir Dóra, og ég skal vera búinn að moka af gluggunum, þegar þú kemur inn, segi ég.

Hvernig líður mæðginunum? Takið eftir andstæðunum í rólegu yfirbragði textans og heitum tilfinningum og ógandi gremju Hjalta.

haft – band, fjötrar

almúgakona – alþýðukona, verkakona

skaflinn húsar frá glerinu – bil hefur myndast milli glersins og skaflsins

Jæja, það er gott, og svo ætlaðu að hugsa um það, sem ég hef sagt.

Ég lofa engu um það. Ég svara því ekki.

Mér liður illa allan þennan dag. Ef til vill var ég nokkuð fljótfer. Því miður hefur Elíasi strax runnið reiðin. Hann er vingjarnlegur í viðmóti. Já, ég var fljótfer. Mamma er líka vingjarnleg, en hún er þreytt og lasin. Hún leggur sig um miðjan daginn, en því er hún ekki vön. Leiðinlegt er það, þegar mamma er lasin, en kannski gerir það ekkert til. Hún þarf ekki að vera eins og hún er. Ég man, hvað ég sá, þegar hún stóð uppi í auða rúminu um daginn. Henni er nær. Ég var nú samt kjánalegur í morgun.

Umræður/verkefni

1. Eruð þið sammála því að sá sem alltaf er viss um að hann hafi rétt fyrir sér verði að eigin dómi ævinlega hafður fyrir rangri sök? Rökstyðjið svar ykkar.
2. Hvað ráðleggur mamma Hjalta honum varðandi samskipti við aðra? Eruð þið sammála henni? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
3. Hvers vegna teljið þið að samskipti Elíasar og Hjalta séu svona slæm?

Ragnheiður Jónsdóttir er þekktust fyrir bækur sínar um Dóru og Völu. Sögurnar eru skrifaðar sem sendibréf til vinkonu og gerast í Reykjavík á árunum 1945–56. Dóra og Vala alast upp við mjög ólíkar aðstæður. Dóra á ríka foreldra en Vala elst upp í fátækt. Af ömmu sinni hefur Dóra hins vegar lært að meta fólk að verðleikum en ekki eftir ríkidæmi og á hún því auðvelt með að tengjast Völu.

Dóra – brot

Kæra Ella!

Nú er ég viss um að þú verður hissa, eins og ég varð. Hvað heldurðu að ég hafi séð, þegar ég kom til Völu um fimmleytið, daginn eftir að ég skrifaði þér seinast? Þú gætir aldrei giskað á það, hvernig sem þú reyndir.

Það sat stór strákur við eldhúsbordíð hjá henni, ansi myndarlegur og ég tók undireins eftir því að hann var líkur henni, með brún augu, eins og hún og mamma hennar.

Vala var eitthvað svo skrytín á svipinn, og ég stóð þarna á miðju gólfi eins og **flón**.

– Þetta er bróðir minn, sagði Vala. – Hann heitir Kári. Ég var einmitt að segja honum frá þér.

– Hefur hann sprottið upp úr jörðinni, svona allt í einu? spurði ég.

– Nei, nei. Hann hefur verið í sveit í mörg ár, sagði Vala. – Langt norður í landi hjá ókunnugu fólki.

– Og nú eru allir búnir að gleyma því að ég var til, sagði Kári og horfði stríðnislega á Völu.

– Það er ekki satt, sagði Vala **gremjulega**. – En það er svo langt síðan þú hefur skrifað, og svo kemurðu allt í einu heim, án þess að nokkur viti.

– Ég lagði af stað á afmælisdaginn minn, þegar ég var sextán ára, sagði Kári. – Þá var ekki hægt að banna mér að fara. Svo kveikti hann sér í sígarettu og fór að raula danslag. Ég vissi fyrst ekki hvað ég átti að gera eða segja. Það var svo **ankanalegt** að hafa þarna stóran strák inni í eldhúsinu. Hann teygði frá sér lappirnar langt út á gólf og hélt áfram að reykja og raula danslagið. Vala var í leiðu skapi og Óli var hræddur við Kára, þó að hann væri að reyna að **hæna** hann að sér. Svo komu allar stelpurnar*.

flón – kjáni, bjáni
gremjulega – reiðilega, pirraður
ankanalegt – undarlegt

að hæna e-n að sér – að laða e-n að sér
*yngri systir Kára Völu og Óla

Ég mundi varla eftir því að Kári væri til, sagði Bína.

– En ég hef aldrei séð hann, sagði Dúna, og henni fannst hann merkilegur. Þær toguðu í hann og stríddu honum, nenntu ekkert að læra, og allt var öðruvísi en venjulega. Loksins varð Kári leiður á þessu og fór út. Við Vala urðum dauðfegnar. Ég **brann í skinninu** af forvitni að heyra um Kára, af hverju hann hefði alltaf verið í sveitinni og enginn minnst á hann.

Fyrst vildi Vala lítið segja. – Honum var bara komið fyrir, sagði hún.

– Af hverju var honum komið svona langt í burtu til ókunnugra? spurði ég.

– Það er mörgum komið í sveit, sagði Vala.

– Já, á sumrin, en ekki allt árið, nema þá til skyldfólks, sagði ég.

Vala þagði, og ég þagði líka. Mig langaði svo mikið til þess að vita meira um þetta, en ég kundi ekki við að **rekast meira í því**, ef hún vildi ekki segja mér það. Allt í einu leit Vala á mig með tárin í augunum. Mér brá. Mér leiðist svo mikið að sjá fólk gráta.

Hann er ekkert slæmur strákur, þó að hann lenti í þessu, sagði hún. – Hann var ekki nema ellefu ára. Hinir strákarnir voru allir eldri, og honum þótti heiður að vera með þeim. Svo hrósuðu þeir honum fyrir dugnaðinn og þá gerði hann allt sem þeir vildu.

– Hvað gerðu þeir? spurði ég og gat nú ekki dulið forvitni mína.

– Þeir stálu bíl og óku suður í Hafnarfjörð, og þeir brutu rúðu í búðarglugga og tóku eitthvað. Ég vissi ekki um það allt. Mamma hefur aldrei viljað tala um það. Kári hefur aldrei tekið neitt síðan hann kom í sveitina. Hann var látinn vinna voða mikið og hefur lítið getað lært. Það leiðist honum svo mikið. Hann var dæmdur til að vera í sveitinni, þangað til hann væri sextán ára. Mömmu leiðist svo að hann skuli vera farinn að reykja. Hann segist fyrst hafa gert það til þess að stríða fólkinu. Nú þykir honum það gott.

Pabbi og mamma voru ekkert kát, þegar hann kom. Þau eru svo hrædd um að hann lenti í einhverju **klandri** aftur. En ég er ekkert hrædd um það, sagði Vala, – fyrst hann hefur ekki lent í neinu öll þessi ár.

Vala sneri sér undan og þurrkaði sér um augun. Ég vissi ekki, hvað ég átti að segja, og samt varð ég að segja eitthvað. Annars gat Vala haldið að mér fyndist þetta eitthvað voðalegt. En það fannst mér ekki.

– Hann þarf að komast í skóla, sagði ég.

– Ég veit það, sagði Vala róleg. – Ég veit að ég ætti að hætta við að fara í menntaskólann og fara bara í vist, þegar búið er að ferma mig. Þá gæti Kári verið heima og farið í Verslunarskólann. Hann langar til þess. Pabbi getur ekki unnið fyrir öllum. Samt vill hann alltaf láta mömmu hætta að þvo skrifstofurnar, en hún vill það ekki.

– Þú mátt ekki hætta við að taka prófið, sagði ég dauðhrædd. – Kári getur fengið vinnu og farið í kvöldskóla. Verslunarskólinn er líka á kvöldin. Ég sagði henni um pabba minn, sem lærði allt á kvöldnámskeiðum, ensku, þýsku og bókfærslu og ég veit ekki

að brenna í skinninu – að vera spenntur

að rekast í e-u – að skipta sér að e-u

klandur – vandræði

Hvað finnst ykkur um það að Vala hætti við að fara í skóla svo bróðir hennar geti farið í staðinn?

hvað. Hann er ágætur í tungumálum og hefur oft siglt sjálfur og komist að góðum kaupum.

Það varð ekkert úr lestri hjá okkur Völu í þetta skipti. Hún var svo stúrin og áhyggjufull út af Kára.

Ég fór beina leið á skrifstofuna til pabba þegar ég fór frá Völu, af því að ég hafði heyrt hann segja að hann vildi gjarnan bæta við sig unglingi til snúninga og hjálpar. Ég var svo heppin að hitta pabba einan. Hann varð hissa, þegar hann sá mig, af því að ég er alls ekki vön að koma þangað til hans. Ég sagði honum frá Kára og bað hann um að taka hann í vinnu.

Pabbi spurði og spurði um alla skapaða hluti og líka af hverju hann hefði verið sendur í sveitina.

– Af því að hann var óþægur, sagði ég. – Það eru margir strákar óþægir, en ekkert slæmir samt.

En pabbi gerði sig ekki ánægðan með þetta, og seinast varð ég að segja honum allt eins og var. Þá varð hann alvarlegur og spurði, hvort ég væri viss um hann hefði lagt niður alla **óknytti**. Ég sagðist vera alveg viss um það, og ég var alveg viss um það, þó að ég hefði þá ekki séð hann nema einu sinni. En pabbi klappaði mér á kinnina og sagðist þurfa að athuga þetta áður en hann lofaði nokkru.

– Þú gerir þetta fyrir mig, pabbi minn, sagði ég, af því að ég vissi, að hann átti svo bágt með að neita mér, ef ég bað hann vel.

– Við sjáum nú til, sagði pabbi. – Vertu nú góða stúlkan og farðu heim að lesa.

Eins og ég sé ekki alltaf góða stúlkan. Hvað finnst þér? Nú liðu nokkrir dagar, og ég var alltaf að smáminnast á þetta við pabba, en hann vildi ekki lofa neinu og sagðist vera að leita sér upplýsinga.

Mér leist ekki á þetta. Ég var svo hrædd um að það yrði farið að grafa upp einhverjar gamlar sögur um Kára, og pabbi þyrði svo ekki að taka hann.

Það var allt orðið breytt í skúrnum. Vala var áhyggjufull og ekkert dugleg að lesa. Óli var hættur að vera hræddur við Kára, og litlu stelpurnar héngu utan í honum. Stundum var Kári kátur og spilaði á harmoniku, sem hann hafði komið með úr sveitinni, og söng gamanvísur. Hann syngur svo ljómandi vel og kann margar sniðugar vísur. En stundum settist hann þegjandi út í horn þegar ég kom og fór að lesa. Bína var búin að sýna honum dansana, sem ég hafði kennt henni, og einu sinni þegar hann var kátur bað hann mig um að dansa.

Ég fór í leikfimisfötin hennar Völu. Þau eru gul með svörtu silkibandi um mittið, og svo sýndi ég honum einn dans, sem ég hafði nýlega búið til. Hann er ósköp einfaldur, á að lýsa gleðinni yfir því að vera ung og heilbrigð og geta notið alls, sem er gott og fagurt.

Kári horfði lengi á mig, eftir að ég var hætt að dansa. Hann hefur svo falleg augu, eins og Vala.

– Ég er viss um, að þú getur orðið mikil listakona, sagði hann svo. Hann sagði þetta alveg í alvöru, en ekki til þess að stríða mér eða gera grín að mér. Svo dönsuðum við saman eftir útvarpinu. Hann dansar vel, þó að hann hafi lært það í sveitinni.

Umræður/verkefni

1. Dóra er viss um að það megi treysta Kára þó hún hafi bara hitt hann einu sinni. Hvers vegna haldið þið að svo sé? Rökstyðjið svarið.
2. „Hann dansar vel, þó hann hafi lært það í sveitinni.“ (bls. 39) Af hverju tekur Dóra svona til orða?
3. Hvernig fær lesandinn upplýsingar um Kára? Hvar eru þær beinar og hvar óbeinar?

Vala var ekkert ánægð yfir þessu. Henni fannst það trufla og tefja. Hún vildi víst að allt væri eins og það var áður en Kári kom. Ég ætti víst að vilja það líka.

En nú er allt orðið betra. Það er nú saga að segja frá því. Fyrst verð ég að segja þér að ég fékk áminningu hjá kennaranum fyrir að ég stæði mig ekki eins vel og áður. Þetta var alveg rétt hjá honum. Ég bæði las minna eftir að Kári kom og tók líka verr eftir í tímum. Það er ekki svo gaman að fylgjast vel með, þegar maður er að hugsa um allt annað og hefur áhyggjur. Ég **lofaði bót og betrun** og meinti það í alvöru.

En kennarinn hefur víst ekki treyst mér meir en svo, því að hann talaði líka við mömmu. Það var nú verri sagan. Hún **varð** alveg **æf** sem von var. Hún er búin að **stæra sig** svo mikið af því við vinkonur sínar, hvað ég sé gáfuð. Það er ég líka. Mamma sagði að ég mætti alls ekki vera svona lengi úti á daginn. Hún heldur að ég sé úti, þegar ég er hjá Völu. Og svo yrði ég að hætta þessu danshoppi á kvöldin. Það gerði ekki annað en þreyta mig og tefja.

– En ég verð þó að æfa mig, sagði ég. – Annars stirðna ég upp og verð alveg ómöguleg.

– Hvað ætli þú þurfir að æfa þig, sagði mamma. – Ekki er neitt danspróf upp í menntaskólann mér vitanlega.

– Ég hugsa nú lengra fram í tímann en til vorsins, sagði ég **íbygginn**.

að lofa bót og betrun – að lofa að bæta sig

að verða æfur – að verða mjög reiður

að stæra sig – að mikla sig, grobba

hún er íbygginn á svipinn – segir ekki allt, segir ekki hvað hún ætlar sér

– Það þýðir ekki fyrir þig að vera að hugsa um dansinn, sagði mamma. – Pabbi þinn vill ekki heyra nefnt að þú leggir stund á hann í framtíðinni.

Hún ber alltaf pabba fyrir, ef hún vill **taka af skarið með eitthvað**.

– En dansinn er mér guðleg köllun, sagði ég. Ég hlustaði einu sinni á einhvern mann segja frá heiðingjatrúboði í útvarpinu. Hann var alltaf að tala um guðlega köllun.

En mömmu fannst þetta ekkert fyndið. Hún hélt áfram að vera alvarleg og sagði að ég mætti ekki gera þeim þá miklu sorg að falla á prófinu. Ég, sem væri svo dugleg og gáfuð.

Ég sárkenndi í brjósti um hana og sagði að það væri engin hættu á því, að ég félli. Þá varð hún glöð og góð og gaf mér voða fína hálsfesti, sem ég hafði enga þörf fyrir. Ég á svo margar festar.

Svo kom sunnudagurinn. Þá fékk ég að fara upp í **Skíðaskála** með nokkrum krökkum úr skólanum. Kári og Vala fóru líka. Kári kom með skíði úr sveitinni, og hann keypti líka skíði handa Völu fyrir sína peninga, af því að hún átti engin. Finnst þér það ekki fallegt af honum? Vala átti engin skíðaföt. Mamma lánaði henni sín gömlu. Ég held að Vala hafi skemmt sér vel, þó að hún yrði að fá lánuð föt. Hún var svo glöð yfir skíðunum.

Kári er voða duglegur á skíðum, miklu duglegri en strákarnir úr skólanum. Hann er líka eldri og stærri. Ég er orðin nokkuð dugleg líka. Við æfðum okkur svo vel í fyrra, eins og þú manst.

Það fór samt dálítið illa fyrir mér. En Guð sneri því til góðs, eins og með Jósep, þegar bræður hans drógu hann upp úr gryfjunni og seldu hann til Þýskalands, eins og strákurinn sagði á prófinu í vor, þú manst. Mikið held ég, að þú verðir vel að þér í biblíunni, fyrst þú lærir hjá presti. Ég ætla einhvern tíma að lesa alla biblíuna. Það er svo margt sniðugt í henni.

Veðrið var yndislegt uppi á fjöllum, glaða sólskin og svo mikil snjóbirta að allir urðu að hafa dökk gleraugu. Ég var farin að renna mér niður háar brekkur. Kári var alltaf með okkur Völu, en ekki strákunum.

Ég var svo glöð, að ég vissi ekki fyrr en ég var farin að syngja svo hátt, að undir tók í fjöllum. Það hló enginn að mér, og það fóru fleiri að syngja. Allir voru svo glaðir. Ég var orðin svo æst og tók alltaf hærr og hærr brekkur, þangað til allt í einu að ég missti jafnvægið og datt. Ég snerist um ökkullann á hægri fætinum og þoldi ekki að stíga í hann, svo að ég renndi mér á rassinum niður alla brekkuna.

Hvað heldurðu að þá hafi skeð? Það kom litur úr óþverrans bláu buxunum mínum, svo að rönd varð eftir í snjónum.

– Alltaf er hann bestur blái borðinn, kallaði einhver strákur, og allir skelli hlógu nema Vala og Kári. Gréta Strand hló líka. Þú manst eftir þessari smjörlíkisauglýsingu, sem er

í öllum blöðum. Ég held að Gréta hafi öfundað mig af að vera með svona laglegum strák. Þetta var reglulega neyðarlegt, en verra var samt með fótinn. Ég gat alls ekki gengið.

Kári bar mig alla leið niður í Skíðaskála. Það er tuttugu mínútna gangur. Þar biðum við eftir hinum krökkunum. Kári náði einhvers staðar í bindi og vafði fast utan um fótinn á mér. Ég fann minna til á eftir. Ég veit ekki hvernig ég hefði farið að, ef Kári hefði ekki verið.

Svo kom bíllinn og allt gekk vel heim. Ég varð að fá annan bíl heim af stöðinni, af því að ég gat ekki gengið. Gréta var með okkur í bílnum.

Hún hljóp á undan til þess að pabbi og mamma yrðu ekki hrædd þó að Kári bæri mig inn. Hún sagði þeim víst líka, hvað Kári hefði verið duglegur að hjálpa mér, því að þau **horfðu ástúðlega á hann**, og þökkuðu honum ósköp vel fyrir. Pabbi vildi borga honum peninga, en það hefði hann ekki átt að nefna. Kári roðnaði og setti hendurnar aftur fyrir bak og sagðist ekki vilja peninga. Pabbi sá eftir að hafa boðið honum þá.



að horfa ástúðlega á e-n – horfa hlýlega á e-n

Ég skrifa þetta bréf í rúminu. Ég er búin að liggja í fjóra daga. Fóturinn á mér bólgnaði upp. Nú er hann betri. Ég má klæða mig eftir tvo daga. Ég vildi ekkert vera að minnast á það í upphafi bréfsins, til þess að allt kæmi í réttri röð.

Það er bara gaman að liggja í nokkra daga, þegar maður er ekkert veikur. Læknirinn var undireins sóttur til mín. Hann dáðist að, hvað Kári hafði bundið vel um fótinn og sagði að það hefði mikið hjálpað.

Vala kemur til mín á hverju kvöldi. Við lesum, reiknum og tölum. Það er að segja, hún reiknar og ég tala. Mér þykir það skemmtilegra. Kári hefur einu sinni komið. Hann gaf mér voða gott súkkulaði.

Og nú kemur það besta. Pabbi er búinn að taka hann í vinnu, og hann er líka kominn í kvölddeildina í verslunarskólanum. **Það kom upp úr kafinu** að hann var búinn að læra mikið í ensku og dönsku **tilsagnarlaust**, og hann er voða duglegur að reikna, eins og Vala. Ég er svo ánægð yfir þessu öllu saman. Kári segist ætla að hætta að reykja, af því að reykingar dragi úr námsgáfunum.

Það kemur nuddkona á hverjum degi, til þess að nudda á mér fótinn. Ég finn orðið lítið til í honum. Mér líður ljómandi vel. Ég er samt ekki hætt að sakna þín. Það máttu ekki halda. Ég hlakka alltaf jafn mikið til þess að sjá þig. Nú er mamma farin að berja í þilið og skipa mér að fara að sofa. Hún er háttuð og er að lesa Íslandsklukkuna. Hún vill ekki lofa mér að lesa hana, segir að hún sé ekki fyrir börn.

Ég er ekkert barn lengur, og mig langar til að lesa hana, af því að ég sé Kiljan svo oft í sundhöllinni.

Nú verð ég að hætta.

Vertu blessuð.

Þín

Dóra.

Umræður/verkefni

1. Sagan er sögð sem sendibréf til vinstúlku. Hvaða áhrif finnst ykkur það hafa á frásögnina? Skoðið formið á bréfunum, er það formlegt eða óformlegt?
2. Skrifðið nú ykkar eigið bréf til vinar og segið frá krökkunum í textabrotinu eða ykkar eigin vinum.
3. Hvað finnst ykkur um unglíngana í sögunni, Völu, Dóru og Kára? Eru þeir ólíkir unglíngum í dag?
4. Hvað finnst ykkur um refsinguna sem Kári hlaut þegar hann var 11 ára og hvaða áhrif teljið þið að slíkar refsingar geti haft á börn og unglínga? Rökstyðjið svör ykkar og/eða nefnið dæmi máli ykkar til stuðnings.
5. Hvað finnst ykkur um sögubrotin í þessum hluta? Eru þau áhugaverð eða skemmtileg? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

Alltaf er hann beztur

BLÁI BORDINN

Auglýsing frá 6. áratugnum.



2.
HLUTI

Úr sveitinni á mölina 1970-2000

Á þessu tímabili gerast flestar sögur fyrir börn og unglunga á mölinni, þ.e.a.s. í þorpum, bæjum eða í Reykjavík. Þessar sögur voru í fyrstu fremur hversdagslegar og sögðu frá daglegu lífi barna og unglunga á raunsæjan hátt. Þær fjalla margar um samskipti unglunga innbyrðis; vináttu og fyrstu ástina, en einnig um samskipti unglunga við foreldra sína og kennara. Þegar leið á þetta tímabil kom fram önnur gerð unglingabóka þar sem höfundar leituðust við að auka spennu og dulúð m.a. með því að nýta sér efni úr þjóðsögunum okkar.



Guðrún Helgadóttir rithöfundur segir að hún skrifi ekki endilega barnabækur heldur bækur sem börn geti líka lesið enda virðist fólk á öllum aldri njóta þess að lesa bækur hennar. Margir kannast við bækurnar um tvíburana og prakkarana Jón Odd og Jón Bjarna en hún skrifaði þrjár bækur um þá á árunum 1974–1980. Þessar sögur urðu feikivinsælar en sögur hennar eru ekki bara grín- og prakkarasögur. Hún hefur einnig fjallað um alvarlega hluti eins sjálfsvíg, óreglu, dauða og sorg en gert það þannig að lesendur öðlast betri skilning á mannlífinu og því sem mennirnir takast á við.

Bækur Guðrúnar, *Sitji guðs englar*, *Saman í hring* og *Sænginni yfir minni*, gerast í Hafnarfirði á stríðsárunum og segja sögu fjölskyldu sem þar býr. Sögumaðurinn í sögubrotinu sem hér birtist er Heiða sem er elst sex systkina.



Sítjį guðs englar – brot

Margir pabbar komu ekki aftur

Mamma kom heim rétt fyrir nýárið. Nýi strákurinn var ósköp þægur og grét næstum aldrei.

Við höfum haft svo gott næði, sagði mamma við Jónu í Hellubæ. Við erum alveg úthvöld.

Guðrún á 7 var búin að skila strákunum. Hún ákvað að fara í frí til dóttur sinnar í Sandgerði um tíma til að hvíla sig.

Abba hin kom heim, og Lási í Seli var fullur daginn eftir. Hann verður bara að giftast sér, sagði Abba hin. Það segir mamma hans. Þá verður hann ekki fullur.

Lóa-Lóa vissi allt um ástandið, eftir dvölinna hjá Jónu í Hellubæ.

Marta Sveins er ólétt, sagði hún. En Pusi á ekki barnið. Hermaðurinn sem bíður alltaf eftir þvottinum á það. Pusi er löngu farinn.

Hættu þessu dauðans bulli, sagði mamma.

Konan hans Barna-Lauga er líka ólétt. Þó er Laugi ekkert farinn. En hann getur ekki átt barn.

Lóa-Lóa, þegiðu nú strax, sagði mamma reið.

Lóa-Lóa lét sig hvergi.

Gyða í Þórukoti er að fara til Ameríku. Með nýju tennurnar og allt. Og hún er ekki einu sinni búin að borga þær alveg.

Hún fer bara einhverja nóttina, svo að tannlæknirinn nái ekki í hana, sagði Páll hrifinn.

Það var kalt í veðri þessa fyrstu janúardaga. Amma þrjónaði sokka, húfur, vettlinga og trefla frá morgni til kvölds, og mamma bætti og stagaði hverja finnanlega utanyfir**spjör**.

Skipin höfðu lítið getað stundað veiðar vegna veðursins, og höfðu orðið að **liggja í vari** dögum saman. Þau fréttu að skipið hans pabba væri núna fyrst á leiðinni heim frá Englandi.

Það eru engir peningar, þegar ekkert veiðist, sagði Bárður í útgerðinni og rétti Heiðu mánaðarreikninginn úr búðinni.

Heiða skildi þetta ekki. Hana langaði að spyrja, hvort kaupið hans pabba hefði verið nákvæmlega jafnhátt og reikningurinn. Henni fannst það ótrúlegt.

Ég mundi gera það, hugsaði Heiða, ef ég næði upp fyrir borðið. En það var svo hátt, að **hvirfillinn** á henni rétt nam við borðbrúnina. Og Bárður var þegar farinn að gera eitthvað annað.

Taktu eftir að Heiða er sögumaðurinn og tekur þátt í atburðarásinni. Við fáum einnig að vita hvað hún hugsar. Við vitum hins vegar ekkert hvað aðrar persónur hugsar.

spjör – flík

liggja í vari – liggja á kyrrum sjó upp við land

hvirfill – efsti hluti höfuðkúpunnar

Hann á samt stórt hús og tvær **drossiur**, þó að hann fari aldrei á sjóinn sjálfur, hugsaði Heiða á leiðinni heim. Þetta var rétt hjá Birgi Birni. Það var Bárður sem varð ríkur, en ekki pabbi.

Þau voru samt aldrei svöng. Stundum kom Munda í Kletti með heitan blóðmör á kvöldin. Gvendur átti rollur, og Munda geymdi blóðmör allan veturinn í íshúsinu. Þegar pabbi kom svo heim, fékk Munda heilmikinn fisk í staðinn. Og appelsínur og ávexti í dósnum, þegar pabbi kom úr siglingu. Og nú kæmi hann bráðum.

Og þegar þau brunuðu á sleðanum góða niður götuna var lífið tiltölulega áhyggjulaust. Páli hafði ekki einu sinni tekist að slasa sig á honum. En dag nokkurn **kom** hann brunandi niður götuna og beint í **flasið** á ameríska herliðinu, sem var á leið í Klaustrið. Hann varð of seinn að sveigja frá og tábraut einn hermanninn. Tommý hét hann, sagði Gyða í Þórukoti. Amma sendi Halldór með mórauða þrjónasokka handa Tommý. Páll tók ekki í mál að fara. Hann vissi ekki nema hann yrði skotinn.

Tommý! sagði afi. Andskotans ónefni er þetta.

Hann getur ekki að því gert auminginn, sagði amma.

Jón Dofri átti að vera í höfn í kvöld. Líka Víkingur, skipið sem pabbi Kela hennar Stínu var á.

Þau voru saman í **konvoj**.

Pabbi ætlar að koma með kafbát handa mér, sagði Keli í skólanum.

Daginn eftir var hvorugt skipið komið.

Í handavinnutímanum voru stelpurnar þögular. Bláköflóttu handavinnupokarnir festust við puttana á þeim, svo að þær gátu ekki saumað rauðu krosssaumsbekkina.

Ég skal lesa fyrir ykkur sögu, sagði kennarinn. Við saumum ekkert meira í dag.

María í Hliði fór að gráta.

Pabbi hennar var líka á Víkingi.

Ætli við hættum ekki í dag, sagði kennarinn og stelpurnar tándust heim á leið.

Heiðu fannst allt lífið vera óraunverulegt, þegar hún gekk upp götuna.

Það var eins og hún væri ekki til í alvörunni. Hann guð var eitthvað að stríða henni. Núna þegar hún var búin að skilja pabba betur, gat skipið ekki farist. Hann mundi bara koma og gefa krökkunum í götunni gotterí og kannski vera fullur með Láka netamanni. Hún mundi bara taka því rólega og segja mömmu að vera ekki að ergja sig yfir því.

Hún vissi um krakka sem höfðu misst pabba sinn í sjóinn. Ein stelpa í skólanum átti meira að segja enga mömmu. En svoleiðis gæti aldrei komið fyrir hana. Það var bara þannig.

En skyndilega varð henni ljóst, að það var ekki þannig.

Takið eftir því hve sjónarhornið breytist oft í þessum hluta.



drossía – finn bíll

að koma í flasið á e-m – að mæta e-m óvænt og snögg

flas – óvarkárni

konvoj (convoy) – skipalest, mörg skip saman í hópi til að njóta sameiginlegrar verndar herskipa

Skyndilega laukst upp fyrir Ragnheiði litlu Oddgeirsdóttur á númer 2, að hún var að missa tökin á tilverunni, þó að hún væri dugleg. Og hana svimaði og hún fékk þungan hjartslátt.

Allt gæti líka komið fyrir hana.

Þau voru að drekka kakó þegar hún kom heim og amma hafði bakað kleinur. Yfir borðið horfði Lóa- Lóa á hana með einu bláu auga og öðru móbrúnu og sagði ekki neitt. Mamma var rauð í kringum augun, þar sem hún sat og gaf nýja stráknum brjóst. Hún sagðist vera að kvefast.

Ekkert hljóð heyrðist ofan af lofti.

Seinna um daginn kom Sigga í Hliði. Þær María litla ætluðu niður á bryggju. Heiða, Halldór, Páll og Arnór ákváðu að fara með.

Ég vil ekki fara með, sagði Lóa-Lóa.

Ég verður með Lóu-Lóu að teikna eins og **Jóhann Brím**, sagði Abba hin.

Ef hann kemur ekki aftur, sagði Lóa-Lóa við Heiðu frammi í skúr, á þá nýi strákurinn alls engan pabba?

Hann kemur, sagði Heiða.

Fólkið stóð þétt saman í daufum ljósunum frá staurunum á bryggjunni. Bárður sat í annarri drossíunni og leit í sífellu á klukkuna.

Hann er kaldur, sagði Ari gamli, afi hennar Maríu litlu í Hliði, og blés í mórauða **vettlingana með tveimur þumlum**.

Fáðu í nefið, sagði Marteinn í bæjarstjórninni.

Öðru hverju horfði fólkið út á sjóinn og það var ótrúlega kalt. Heiðu fannst henni aldrei mundi hlýna aftur.

Skip! kallaði einhver.

Óteljandi augu beindust að sama litla blettinum, sem greina mátti úti við sjóndeildarhringinn. Brúnir tóbaksdroparnir runnu óáreittir niður á bringur mannanna. Bræðurnir í Gamlabæ stóðu í einfaldri röð og horfðu í fyrsta sinn í langan tíma á það sama, allir í einu.

Heiða fann að einhver tók um lófann á henni í myrkrinu og leit við. Það var Birgir Björn.

Ætli kallinn sé ekki að koma, sagði hann.

Inni í höfninni mátti sjá að þetta var Jón Dofri, og innan tíðar renndi hann upp að **bryggjusporðinum**.

Ekkert sást til hins skipsins.

Sjómennirnir fóru að tínast frá borði. Bárður ruddist fram fyrir fólkið og þreif í skipstjórann á Jóni Dofra. Þeir gengu afsíðis og fólkið beið.

Sjáiði, kallaði Páll. Það hefur verið skotið á hann.

Jóhann Brím – Jóhann Briem, þekktur íslenskur listmálari

vettlingur með tveimur þumlum – áður fyrr voru vettlingar gjarnan þrjónaðir með tveimur þumlum því þeir slitnuðu meira og því hægt að nýta vettlinginn betur

bryggjusporður – bryggjuendi

Í myrkrinu mátti greina, að stýrishúsið var sundurtætt og stórt stykki úr **lunningunni**.

Guð almáttugur, hljóðaði einhver.

Hér eru allir heilir á húfi, kallaði skipstjórinn til fólksins.

Svo gekk hann til Siggu í Hliði og margra annarra og tók í höndina á þeim.

Hitt er farið, sagði gamall maður í þvögunni.

Bárður gekk á milli fólksins sem hafði verið að bíða eftir Víkingi. Hann átti það skip líka. Hann tók í hendur kvennanna og klappaði krökkunum á kollinn. Líka Heiðu.

Pabbi *minn* er kominn, sagði hún og var illa við Bárð. Hann þekkti ekki einu sinni fólkið sem vann fyrir peningunum hans.

Hjartað í Heiðu sló þungt, þegar pabbi kom frá borði. Hún vissi að hún átti að vera glöð, en hún var alltaf að hugsa um kafbátinn hans Kela hennar Stínu. Og Maríu litlu í Hliði.

Hún var búin að fyrirgefa honum Kela þetta sem hann sagði um hræðslupeningana. Þá hafði pabbi hans ekki verið byrjaður á sjónum.

Þau urðu að gefa sig fram við pabba þarna í myrkrinu. Það var svo mikið af krökkum á bryggjunni. Og þau höfðu varla við honum upp brekkuna.

Hann sat með nýja strákinn í fanginu heima í **kamersi** og sagði krökkunum hvað gerst hafði. Þýskur **tundurpillir** hafði gert árás á skipalestina og haldið uppi látlausri skothríð í marga klukkutíma. Víkingur sökk ekki langt frá þeim. Þeir sáu mennina í sjónum, en gátu ekkert gert.

Afi las engin vers þetta kvöld. Hann sat bara hjá þeim þangað til þau sofnuðu.

Nú á Keli engan pabba, hvíslaði Lóa-Lóa að Heiðu í rúminu. Og ekki heldur María.

Nei, engan, sagði Heiða.

Hún vakti lengi eftir að Lóa-Lóa sofnaði.

Einhvern tíma hrökk hún upp í myrkrinu við hljóð, sem hún kannaðist ekki við. Það minnti helst á stunurnar í kindunum hans Gvendar í Kletti, þegar þær voru að bera.

Það tók hana langan tíma að gera sér grein fyrir að pabbi var að gráta. Það var svo hræðilegt að heyra fullorðið fólk gráta. Heiða fann hvernig hræðslan náði tökum á henni. Svo varð hún reið. Fullorðna fólkið átti ekki að gráta. Það átti bara að hugsa um krakkana. Það átti að vera sterkt og sjá um þau öll. Var kannski ekkert hægt að treysta fullorðnu fólki? Og hverjum átti þá að treysta?

Reyndu að sofna, Oddgeir minn, heyrði hún að mamma hvíslaði.

Mamma var að hugga pabba! Hver átti þá að hugga mömmu? Heiða lá í rúminu og fannst hún ekki geta hreyft sig.

Hún lá lengi grafkyrr. Loks heyrði hún að pabbi fór niður. Hún heyrði að hann fékk sér kaffi og hann var áreiðanlega að reykja.

Mamma kom inn til krakkanna og leit yfir hópinn.

Ertu sofandi, Heiða, sagði hún.

Nei, ég get ekki sofið.

Hvað er að pabba? spurði hún svo.

Pabbi þinn er úrvinda af þreytu og honum líður ósköp illa, sagði mamma. Þetta var skelfilegur **túr**. Við verðum að hjálpa honum í gegnum þetta.

Nýi strákurinn var að gráta og mamma fór inn til hans.

Heiða fór framúr og læddist niður.

Þar sat pabbi og var að leggja kapal. Sígarettan hékk í munnvikinu á honum og kaffibollinn stóð á borðinu.

Hún stóð dálitla stund og horfði á hendurnar á honum, sem voru svo stórar og klunnalegar, að hann varð að blása í spilin til að skilja þau í sundur. Þá sá hann hana.

Ert þú vakandi, Heiða litla, sagði hann. Hann sótti bolla og hellti í hann köldu kaffi og rétti Heiðu.

Ég drekk aldrei kaffi, sagði Heiða.

Hann horfði á hana og hristi svo höfuðið.

Nýi strákurinn ekki heldur, sagði Heiða og hló.

Pabbi horfði aftur á hana eins og hann skildi hana ekki. Svo lagði hann frá sér spilin.

Æ, Heiða mín, ég kann ekkert á börn.

Við erum að tala saman, hugsaði Heiða.

Það er ekki von, sagði hún, þú ert aldrei heima.

Nei, ég er aldrei heima. En vertu ekki ströng við mig núna.

Hún var ekki viss um að hún yrði eins ströng við hann og áður. Jafnvel ekki þó að hann færi í bæinn og kæmi heim með Láka netamann. Þeir gerðu svosum engum neitt, þó að þeir væru fullir.

Þú ert dugleg stelpa, Heiða mín, sagði pabbi.

Þú líka, sagði Heiða.

Hún mundi allt í einu eftir því að hún hafði ekki hugsað um bókina sína lengi. Kannski ætti hún að bíða með að skrifa hana þar til hún yrði stærri.

Stuttu seinna var barið og hún hleypti Láka netamanni inn.

Pabbi er inni í kamersi, sagði hún og Láki missti næstum flöskuna frá Óla sprútt í gólfíð, svo hissa varð hann.

Umræður/verkefni

1. Hvernig kemur samkennd bæjarbúa fram í þessum kafla?
2. Þegar Heiða er komin í rúmið og heyrir þabba sinn gráta veltir hún vöngum yfir hlutverki fullorðinna. Hvaða tilfinningar bærðust með henni og að hvaða niðurstöðu komst hún? Eruð þið sammála Heiðu? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
3. Hvaða breyting verður á persónu Heiðu í þessum kafla? Rökstyðjið svör ykkar og vísið í textann.
4. Ef þið ættuð að gera stuttmynd úr þessum texta, hvernig mynduð þið skipuleggja atriðin? Hvert er aðalatriði kaflans? Hvernig sæjuð þið fyrir ykkur hvert skot í myndinni?
5. Kvikmyndagerðarfólk útbýr gjarnan söguspjöld (storyboard) þegar verið er að skipuleggja upptökur á kvikmyndum. Þá er hvert atriði teiknað upp og söguspjöldunum raðað saman í eitt sagnabretti. Veljið ykkur hluta úr sögunni þar sem þið teiknið upp nokkur söguspjöld sem gætu nýst til stuttmyndagerðar.



Skipalest (konvoj) árið 1943 á leið yfir hafið undir verndarvæng breska hersins.

Margir telja *Búrið* eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur fyrstu raunverulegu unglingsbókina sem samin var á íslensku en hún kom út árið 1977. Sagan er sögð frá sjónarhorni unglings og fjallar um hann og vandamál hans á leið til þroska. Hún er raunsæ og hliðholl unglingsnum; sögumaðurinn stendur með honum og lesandinn um leið. Segja má að þessi bók Olgu hafi orðið fyrirmynd nokkurra annarra unglingsbóka því í kjölfarið voru skrifaðar fleiri sögur sem fjalla um „átök“ unglingsins við sjálfan sig og umhverfið. Fram til þessa var vald foreldra, kennara og annarra fullorðinna sjaldan dregið í efa í barna- og unglingsbókum. Þetta fólk hlaut vegna reynslu sinnar að hafa rétt fyrir sér í nær öllum málum en hér kvað við nýjan tón. Borin er virðing fyrir skoðunum unglingsins og löngunum hans sýndur skilningur. Þetta gildir einnig um söguna *Peð á plánetunni jörð* sem einnig er eftir Olgu Guðrúnu en kom út 18 árum síðar. Þar segir frá Möggu Stínu sem tekst á við sjálfa sig og umhverfið á leið sinni til þroska líkt og Ilmur sem er aðalpersónan í *Búrinu*.


Búrið - Þrot

Hún er fimmtán ára.

Og þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún skrópar. Á hverjum morgni í heila viku hefur hún farið á fætur einsog núna, borðað morgunverð, tekið töskuna sína og gengið út.

En hún hefur ekki farið í skólann. Morgninum hefur hún eytt annars staðar.

Enda þótt fortíðin hafi annars ekki verið neinn dans á rósum þá stendur þessi vetur útúr einsog ægilegt þrumuský á sæmilega heiðum himni. Á fáeinum mánuðum hefur Ilmur misst takið á öllum **haldreipum**. Ekkert er lengur öruggt, traust eða endanlegt. Tilfinningar, sem hún þekkti ekki áður nema af afspurn, úr bókum eða annarra manna lífi, eru alltíeinu orðnar hennar eigin. Tilfinningar sem hún hræðist. Skilur ekki. Einsog efi. Kvíði. Svartsýni. Á erfiðum stundum eru hugsanir hennar **beiskar**. Þá óskar hún þess að hún hefði aldrei orðið nema örsmá **arða** í maga móðurinnar, einsog allar hinar



haldreipi – stoð, hjálparhella, e-ð sem þú treystir á

beiskur – gramur, sár

arða – e-ð agnarsmátt

örðurnar sem aldrei urðu að manneskjum. Eða að hún hefði að minnsta kosti verið svo heppin að hrökkva uppaf áður en unglingsárin hófust.

Einkennilegur hefur hann verið þessi vetur.

Í miðju stökki úr því sem liðið er yfir í það sem hlýtur að koma, hangandi í lausu lofti, þar er hún nú.

Umræður/verkefni

1. Hvernig líður Ilmi og hvað veldur þessari líðan að ykkar mati?

Peð á plánetunni jörð – brot

Það var mígandi rigning þegar ég gekk upp tröppurnar á gamla, hvíta steinhúsinu þar sem Jónas býr. Ég hafði ekki verið nema þrjár-fjórar mínútur á leiðinni en samt var hárið á mér orðið rennblautt og það heyrðist skvamphljóð í skónum mínum þegar ég steig niður. Ég rýndi gegnum rigningartaumana á gleraugunum og ýtti hikandi á dyrabjölluna. Í staðinn fyrir þetta venjulega ding-dong hljómaði fuglasöngur úr henni. Frumleg bjalla, hugsaði ég og vonaði að Jónas kæmi sjálfur til dyra. Nóg var feimni mín á þessari stundu þótt ég þyrfti ekki að fara að heilsa einhverjum bláókunnugum foreldrum í þokkabót.

En auðvitað var það mamma Jónasar sem opnaði. Ég hef séð hana tilsýndar nokkrum sinnum á þessum tveimur árum sem við Jónas höfum verið saman í bekk, svo ég kannaðist við hana í sjón. Hún er lágvaxin og grönn og ótrúlega lagleg miðað við son sinn. Samt héldum við krakkarnir fyrst að hún væri amma Jónasar því hárið á henni er hvítt eins og á gamalli konu. En Jónas sagði okkur að hún væri búin að vera svona síðan hún var innan við þrítugt. Þá vann hún sem hjúkrunarfræðingur í þróunarlöndunum* á vegum Rauða krossins. Hún lagði af stað skólhærð frá Íslandi og sneri aftur eftir margra mánaða starf í flóttamannabúðum í Asíu með snjóhvítt hár.

– Sæl, gakktu í bæinn, sagði hún brosandí og opnaði upp á gátt til að hleypa mér inn. Rokið stóð beint inn um dyrnar og hún flýtti sér að loka um leið og ég var komin inn fyrir þröskuldinn. – Hvílíkt veður! Elskan mín, þú ert eins og hundur dreginn af sundi! Leyfðu mér að taka úlpuna þína. – Jónas! kallaði hún svo um öxl. – Vinkona þín er komin!

Hún hafði greinilega vitað að von var á mér.

– Ég kem! hrópaði Jónas einhvers staðar að innan.

*Þróunarlönd – vanþróuð lönd, ríki sem standa öðrum að baki um nýtingu náttúruauðlinda og líf skjör fólks

Mamma hans var að hengja upp úlpuna mína þegar hann birtist. Hann var í snjádum gallabuxum og stuttermabol með mynd af Jimi Hendrix* framan á.

– Hæ, gaman að sjá þig, sagði hann glaðlega. Mér létti. Ég var búin að dauðkvíða fyrir því að hann yrði stamandi og hikstandi eins og í morgun.

– Ég er rennblaut í lappirnar, sagði ég og gretti mig um leið og ég fór úr skónum.

– Bíddu, ég næ í sokka, sagði mamma hans. – Þú getur þurrkað þína á ofninum á meðan.

Áður en ég gæti **maldað í móinn** var hún horfin og Jónas hristi höfuðið glottandi þegar hann sá hvað ég var að hugsa.

– Það þýðir ekkert að mótmæla þessari konu, sagði hann. – Hún er í því að passa allan heiminn.

Svo ég tók bara við sokkunum sem hún kom með og þakkaði pent. Þurru fótum elti ég Jónas síðan inn í íbúðina. Þegar við fórum framhjá eldhúsdyrnum sá ég að tvíburabræður hans sátu sinn hvorum megin við eldhúsbordið og voru að læra. Þeir eru nokkrum árum yngri en Jónas og svo nauðalíkir að það er ekki nokkur leið að þekkja þá í sundur. Ég hef oft séð þá í skólanum og veit að þeir eru alræmdir þakkarar. Samt voru þeir ósköp sakleysislegir að sjá þegar þeir litu upp frá bókunum og sögðu hæ báðir í einu. En um leið og við vorum komin úr augskýrni heyrði ég annan segja hátt og skýrt: – Jæja, þá er HANN kominn á kvennafar.

Mér snögghitnaði í kinnum en Jónas andvarpaði bara mæðulega: – Þú fyrirgefur, Magga Stína, maður situr uppi með þetta. Svo bætti hann við nógu hátt til að það heyrðist örugglega fram í eldhús: – Þeir eru svona, greyin, af því að þeir þurftu að skipta vitinu á milli sín.

Ég flissaði. Fyrst hann kippti sér ekki upp við þetta ætlaði ég ekki heldur að gera það. Og um leið og ég steig inn í herbergi Jónasar gleymdi ég allri feimni. Augun ætluðu út úr höfðinu á mér. Hvert var ég eiginlega komin? Á veggjunum héngu grímur í tugatali: útskornar trégrímur, leirgrímur, pappa- og málmgrímur, litlar grímur, stórar grímur, málaðar og ómálaðar grímur, ljótar og grimmar grímur, fyndnar grímur, daprar grímur, undurfagar grímur ... Aldrei á ævi minni hafði ég séð neitt þessu líkt. Mér leið eins og ég væri allt í einu lent í annarri heimsálfu.

– Vá! stundi ég loks þegar ég fékk málið aftur. – Hvar fékkstu allar þessar grímur?

– Flottar? sagði Jónas stoltur.

– Frábærar! Æðislegar!

Ég átti ekki nógu sterk orð í eigu minni.

– Ég er búinn að vera að safna þessu frá því að ég var lítill. Mamma hefur keypt flestar, hún fer svo oft eitthvað á vegum Rauða krossins.

***Jimi Hendrix** – Bandarískur rokkónlistarmaður sem samdi bæði lög og texta á 7. áratug síðustu aldar
að malda í móinn – að andmæla e-u



– Heppinn, maður!

Ég virti fyrir mér allar þessar skrýtnu figúrur sem fylltu herbergið frumstæðu og dularfullu andrúmslofti. Og þarna var ýmislegt fleira óvenjulegt: Í einu horninu afrískar trumbur, við hliðina á þeim skringilegur **skemill** með útskornum dýramyndum, margar mislangar tréflautur saman í stórri leirkrús á skrifborðinu og á gólfinu röndótt teppi ofið úr öllum regnbogans litum. Ef ekki hefðu verið inn á milli hversdagslegir hlutir eins og tölva, hljómborð og útvarpsvekjari þá hefði þetta verið fullkominn ævintýraheimur.

Jónas benti á stóra grímu sem hékk beint fyrir ofan höfðagaflinn á rúminu hans. Hún var úr tré en máluð í sterkum rauðum, bláum og grænum litum. Andlit með gleiðbrosandi munni og risastóru nefi.

– Þetta er verndarandinn minn. Ég keypti hana sjálfur í Mexíkó. Sérðu hvað hún er lík mér?

Hann benti á nefið á grímunni og brosti út undir eyru.

Ég hristi höfuðið og hló. Í samanburði við þessa mexíkönsku **forynju** var Jónas beinlínis **smáfríður**.

Mig langaði til að vita hvaðan hinar grímurnar voru upprunnar og Jónas vissi allt um það. Hann mundi nöfnin á öllum löndunum, hvort sem var í Afríku, Asíu, Suður-Ameríku eða Evrópu, og sagði mér alls konar skemmtilegar sögur sem tengdust grímunum. Ég fylgdist með alveg heilluð og rankaði ekki við mér fyrr en mamma

skemill – lágur baklaus stóll

forynja – ófreskja

smáfríður – með smágert, reglulegt (og fremur sviplítið) andlit

hans kallaði og spurði hvort okkur langaði ekki í einhverja hressingu. Þá fór Jónas fram og kom til baka með mjólk og eplaköku á bakka.

– Ég slengdi þessu í ofninn, vona að hún sé æt, sagði hann og rétti mér væna sneið á disk. – Mamma er að reyna að æfa mig í bakstrinum, það gengur dálítið upp og ofan.

Eftir þessar upplýsingar gat ég náttúrlega ekki sagt ómögulega, takk, ég er ekkert svöng, þótt kökusneiðin passaði ekki beint inni í nýja megrunarplanið mitt. Svo ég át hana í nafni kurteisinnar og hrósaði Jónasi fyrir vel heppnaða útkomu því kakan var fín á bragðið þótt hún væri pínulítið klesst í botninn.

Á meðan við vorum að gæða okkur á **bakkelsinu** rann það upp fyrir mér að ég hef aldrei fyrr hitt neinn á mínum aldri sem hefur jafn brennandi áhuga á framandi þjóðum og ég sjálf. Frá því ég man eftir mér hefur Afríka verið efst á ferðalagaóskalistanum mínum og í þeirri heimsálfu einni á ég sem stendur fimmtán pennavini í jafn mörgum löndum. En ég hef litla von um að komast þangað á næstunni. Í fjölskyldu þar sem orlofspeningarnir leyfa í mesta lagi nokkrar niðurrignindar helgarferðir í Þórsmörk með gistingu í tjaldi frá landnámsöld eru Afríkuferðir ekki á dagskrá. Við höfum bara einu sinni farið í alvöru sumarfrí til útlanda, það var þegar ég var ellefu ára og við vorum í þrjár vikur á Spáni. Við drögum á eftir okkur skuldahalann næstu tvö árin.

Svo það fór auðvitað ekki hjá því að ég yrði græn af öfund út í Jónas þegar ég komst að því að fyrir utan nokkur styttri ferðalög til venjulegu landanna hefði hann tvisvar farið með mömmu sinni til Afríku og einu sinni með allri fjölskyldunni í tveggja mánaða ferðalag um Suður-Ameríku. Ég heimtaði að fá að skoða myndir úr þessum ferðum og þar gat að líta Jónas í hópi fáklæddra svertingjabarna í afrísku sveitaþorpi, Jónas að kaupa banana af afrískri stelpu í litskrúðugum fötum sem bar varninginn í stórri skál á höfðinu, Jónas með indíánum í Guatemala, Jónas með fjölskyldunni á fljótabáti, Jónas í frumskóginum o.s.frv. Furðulegt hvað þessi sólbrenndi, úfni og stuttbuxnaklæddi ævintýra-Jónas virtist ólíkur þeim Jónasi sem ég þekkti úr skólanum. Meira að segja nefið á honum leit út fyrir að vera minna. Og ég hafði aldrei tekið eftir því fyrr hvað hann er með fallegar skjannahvítar tennur.

– Þú ert heppinn, sagði ég þegar ég var búin að skoða allar myndirnar. – Ó-trú-lega heppinn!

– Já, ég veit, svaraði Jónas og brosti. – Næst skal ég bara troða þér oní ferðatösku og smygla þér með.

Og borga milljón í yfirvigt, hugsaði ég kaldhæðin, nýbúin að kyngja síðasta bitanum af eplakökusneið númer tvö. En mér þótti gott að finna að Jónas skildi mig. Það eru ekki margir sem taka ferðalagadraumina mína alvarlega. Ef ég minnst á Afríku við Völu fer hún alltaf að tala um eittraðar pöddur, krókódíla og malaríu, og pabbi og mamma setja bara upp Pollyönnusvipinn og éta upp hina sígildu foreldratuggu: Þú

getur ferðast eins og þú vilt þegar þú ert orðin stór. Hér var þó allavega ein manneskja sem skildi um hvað málið snerist.

Jónas hafði samt ekki boðið mér heim til að sýna mér grímurnar sínar eða segja ferðasögur af sjálfum sér enda hafði hann auðvitað ekki hugmynd um að ég hefði áhuga á slíku. Og til allrar hamingju var heldur ekkert sem benti til þess að hann væri að reyna við mig – ég er að vísu ekki alveg klár á því hvernig viðreynslur fara fram þar sem ég hef persónulega aldrei orðið fyrir þeim, en ég held samt að ég mundi fatta það ef það gerðist.

En þegar hann loksins kom sér að því að bera upp erindi sitt við mig hefði ég varla orðið meira hissa þótt hann hefði varpað sér mäsandi í fangið á mér og tjáð mér tryllingslega ást sína. Ástæðan fyrir heimboðinu var sem sé sú að Jónas ætlaði að fá mig til að yrkja fyrir sig texta!

– Bíddu nú við, sagði ég tortryggin, – ertu að grínast?

Jónas hristi höfuðið.

– Sko, ég er búinn að semja nokkur lög fyrir hljómsveitina en mig vantar almennilega texta. Ég reyndi sjálfur að klambra einhverju saman en ... Hann gretti sig vandræðalega ... – ég er því miður gjörsamlega glatað skáld.

Nú teygði hann sig eftir kassetu sem lá ofan á hljómborðinu.

– Ég er með lögin hérna á bandi, þú getur tekið þau með þér og hlustað á þau ...

– En ... af hverju ÉG? spurði ég og benti á sjálfa mig eins og heimsk leikkona í amerískri sápu. – Ég hef aldrei samið texta ...

– Ekki söngtexta kannski en þú kannt alveg að yrkja, svaraði Jónas. – Ljóðin þín í skólablaðinu í fyrra til dæmis – meiriháttar góð. Þú hefur þetta í þér, meðfætt. Og ég vil hafa GÓÐA texta við mín eigin lög, ekki eitthvað helvítis bla-bla ég-elska-þig rugl.

Ég veit ekki hvernig stendur á því, en alltaf þegar einhver hrósar mér verð ég svo vandræðaleg – veit ekkert hvert ég á að horfa, hvað ég á að segja, hvernig svip ég á að setja upp – og þess vegna reyni ég alltaf að flýta mér að skipta um umræðuefni.

Umræður/verkefni

1. Hvernig og hvers vegna breytist afstaða Möggu Stínu til Jónasar í þessum kafla?
2. Takið vel eftir hvernig Magga Stína bregst við hrósi Jónasar. Hvers vegna bregst hún svona við? Hvernig teljið þið best að taka hrósi?
3. Verðskuldað hrós er öllum mikilvægt. Hvers vegna teljið þið að það sé? Veltið því fyrir ykkur og skrifið eina efnisgrein um hugleiðingar ykkar.

– Hvernig gengur með Spendýrin? spurði ég á hröðum flótta undan gullhömr-um Jónasar. Hljómsveitin er loksins komin með nafn, hún heitir Villtu spendýrin. Mér fannst það sniðugt þangað til ég frétti að Heiða hefði átt hugmyndina.

– Það er nú lítið að marka ennþá, við erum varla byrjuð, svaraði hann og velti kassettunni í hringi á hnénu á sér. – Það tekur tíma að ná einhverju sándi í þetta ... við erum svona að hjakka í gömlum **slögurum** til að hita okkur upp.

– Hvernig gengur Matta með gítarinn? spurði ég og vonaði að hann heyrði ekki hvernig hjartað í mér þrýsti sér upp í raddböndin um leið og ég nefndi Matta á nafn. Kannski var það ímyndun en mér sýndist Jónas senda mér rannsakandi augnaráð. En auðvitað gat hann ekki vitað neitt. Enginn nema Vala veit að ég elska Matta. Og hún myndi aldrei kjafta því í neinn.

– Matti er fæddur gítarleikari, sagði Jónas með skökku brosi, – eina vandamálið er að hann er líka fæddur handboltasnillingur og tölvufrík svo það er dálítið erfitt að ná honum á æfingar. Ef Heiða væri ekki með okkur myndi hann sjálfsagt aldrei koma.

Oj. Þurfti hann nú endilega að fara að minnast á Heiðu? Þetta var óþolandi, enginn virtist geta talað um Matta nú orðið án þess að hún væri að þvælast fyrir. Hefði mátt halda að þau væru harðgift en ekki bara búin að lafa saman í nokkra mánuði. Og hvaða jákvæðnitónn var allt í einu kominn í Jónas gagnvart Heiðu? Ég sem hélt að hún færi í taugarnar á honum.

– Þú varst nú ekkert sérlega hrifinn af því að fá hana, sagði ég og rembdist við að vera hlutlaus í röddinni. – Ertu búinn að skipta um skoðun?

– Heiða er alveg ókei, svaraði Jónas. – Hún er satt að segja miklu betri en ég hélt.

Nú rauk afbrýðisemin af stað eins og brjáláður kappakstursbíll um taugakerfið í mér og um leið missti ég alla stjórn á tungu minni.

– Mér finnst hún óþolandi, gusaðist út úr mér. – Hvernig er hægt að vera nálægt svona montrassi? Ég skil það ekki. Ég meina, hvað er svona merkilegt við hana? Svo segja allir að hún sé gjörsamlega laglaus. Er það ekki rétt, er hún ekki rammfölsk? Ekki ætla ég að fara að semja einhverja texta upp í manneskju sem getur ekkert sungið.

Jónas starði á mig eins og ég hefði skyndilega breyst í eineygðan marsbúa fyrir augunum á honum. Og auðvitað heyrði ég sjálf hvernig þetta hljómaði, heyrði hvernig öfundin stökk allsber út um munninn á mér, engum nema sjálfri mér til botnlausrar skammar. Af hverju gat ég aldrei haldið mér saman? Ég bara bullaði eins og fáviti ... Hver hafði svosem haldið því fram að Heiða væri laglaus? Enginn. Og hvað kom mér það við þótt Jónas væri svo vitlaus að láta troða upp á sig montrassi fyrir söngkonu? Ekkert. Mér kom það ekkert við. Þetta var hans hljómsveit, ekki mín.

En nú hafði mér tekist á fimmtán sekúndum að eyðileggja þetta fína kvöld og gera mig að þvilíkum örlagaasna í augum Jónasar að hann mundi aldrei nenna að yrða á

mig aftur. Og það sem verra var: hann mundi taka lögin sín og láta einhvern annan semja textana við þau, þótt mig DREPLANGAÐI til að gera það og ég hefði alls ekki ætlað mér að neita því, jafnvel þó að Heiða ætti að syngja þá. En af hverju hafði ég þá ekki sagt það? Ekki spyrja mig. Ef það er einhver manneskja sem gerir í því að koma mér óþægilega á óvart þá er það ég sjálf. Fólk eins og ég ætti alltaf að ganga með hauspoka í vasanum tilbúinn til notkunar.

Þá rétti Jónas fram spóluna.

– Gerðu það, sagði hann. – Hlustaðu allavega á lögin og gáðu hvernig þér líst á þau. Þótt þú sért með ofnæmi fyrir Heiðu.

Hjartað í mér hoppaði af feginleik. Mig langaði til að þrifa spóluna úr höndunum á honum áður en hann skipti um skoðun, en ég stillti mig og rétti fram lófann með dálitlu hiki til að reyna að endurheimta ögn af virðingu minni.

– Ókei, ég þæli í þessu.

– Fínt.

– En ég lofa engu – ég meina, það er ekkert víst að ég GETI þetta.

– Örugglega betur en ég, sagði Jónas sannfærandi.

Ég yppti öxlum og brosti.

– Ég skal reyna.

Nú varð ég að drífa mig heim því klukkan var farin að ganga tólf. Jónas fylgdi mér fram í forstofu. Um leið og við gengum framhjá stofudyrunum kallaði mamma hans til mín upp úr sjónvarpsstólnum:

– Hvernig var kakan?

– Mjög góð, svaraði ég. – Takk kærlega fyrir mig.

– Takk sjálf fyrir komuna, sagði hún brosandi. – Láttu svo Jónas bjóða þér í pizzu einhvern tímann, hann er besti pizzubakarinn í bænum.

Það hvarflaði að mér að mamma Jónasar héldi kannski að hann væri skotinn í mér og drægi þá ályktun af útliti mínu að heppilegast væri að nálgast hjarta mitt gegnum bragðlaukana. En auðvitað gat alveg eins verið að hún byði öllum sem heimsóttu Jónas í pizzu.

Í forstofunni dreif ég mig úr hosunum sem mamma Jónasar hafði lánað mér og í mína eigin sokka sem biðu heitir og skraufpurrr á ofninum. Það var skammgóður vermír því skórnir voru ennþá blautir og vættu sokkana um leið og ég var komin í þá.

– Bðöh, sagði ég með hrolli. – Af hverju fæðast Íslendingar ekki með plasthúðaðar lappir?

– Ég get lánað þér stígvél, bauð Jónas og hélt á lofti risavaxinni gúmmíbússu af sjálfum sér.

– Ehh ... ég held ekki, ansaði ég flissandi. – Ég mundi týna fótunum og aldrei finna þá aftur.

– En ef þú sest oní það og siglir á því heim? stakk Jónas uppá.

Við hlógum eins og asnar. Ég hugsaði með mér að það hlyti að vera gaman að eiga strák eins og Jónas að vini. Það var langt síðan ég hafði átt svona skemmtilegt kvöld.

Ég var komin langleiðina heim þegar ég uppgötvaði að hvorugt okkar hafði munað eftir klórunni. Skítt með það, hugsaði ég og kreppti höndina um kassettuna í úlpuvasanum. Ég tek hana næst.

Umræður/verkefni

1. Á hvern hátt kemur Magga Stína sjálfri sér (óþægilega) á óvart? Rökstyðjið með því að vísa í textann. (Lesið vel 2. efnisgrein á bls. 60)
2. Magga Stína er greinilega öfundsjúk. Hvers vegna teljið þið að það sé?
3. Í þessu textabroti er persónum lýst bæði beint og óbeint. Skoðið vel það sem sagt er um Jónas og mömmu hans og finnið dæmi annars vegar um beinar lýsingar og hins vegar um óbeinar lýsingar.
4. Hvað finnst ykkur einkenna heimilislífið hjá Jónasi, hvernig eru samskiptin innan fjölskyldunnar?
5. Hvernig unglingar eru Magga Stína og Jónas? Hver er sjálfsmynd þeirra? Rökstyðjið með því að vísa í textann.
6. Skrifðið eina efnisgrein (a.m.k. 10 línur) um öfundina og áhrif hennar á líðan okkar og framkomu.

Grýla og Leppalúði

Er börnin uxu upp og burt
ellimóð þá sátu um kjurt
veslings Grýla og Leppalúði.
Á lífið hvorugt þeirra trúði.

Uns Grýla mælti mædd og rám:
– Það mætti reyna að hefja nám ...
Og uppi í Hamrahlíðarskóla
háöldruð þau vermdu stóla.

Í Háskólann þau héldu inn
er höfðu klárað öldunginn.
Innrituð þau eru bæði
í uppeldis- og kennslufræði.

Þórarinn Eldjárn

Umræður/verkefni

1. Hvernig litist ykkur á að hafa Grýlu og Leppalúða sem kennara? Reynið að ímynda ykkur þær aðstæður og segið frá.
2. Kannist þið við þennan bragarhátt? Lýsið honum og notið hugtökin: endarím, einrím (karlím), tvírím (kvenrím), erindi, ljóðstafir (stuðlar og höfuðstafir) og hrynjandi.
3. Kveðskapur Þórarins einkennist oft af orðaleikjum. Finnið eins mörg dæmi um það og þið getið í þessum þremur vísum.

Andrés Indriðason og Elías Snæland Jónsson skrifuðu einnig raunsæjar unglingabækur á þessum tíma og margar þeirra urðu mjög vinsælar. Fyrsta bók Andrésar sem varð verulega vinsæl – *Viltu byrja með mér?* – kom út árið 1982 en hún er fyrsta bók af þremur um söguhetjuna Elías Þór. Eins og nafnið gefur til kynna fjallar hún um samskipti unglinga og þau vandamál sem tengst geta fyrstu ástinni. Í þessum kafla er Elías, aðalpersóna sögunnar, í 8. bekk og skólaárið er nýhafið. Þegar hann kemur inn í skólastofuna er hans venjulega sæti við hlið Gústa upptekið svo hann sest einn fremst. Fyrir aftan hann sitja félagar hans, Siggi og Gummi.

Viltu byrja með mér – brot

...

Hann hrekkur við þegar Siggi potar í bakið á honum og heyrir skræka rödd hans:

– Kennarinn er að tala við þig, maður!

Hann lítur upp og sér að Ástrós er að horfa til hans. Og ekki bara hún heldur allur bekkurinn.

– Við skulum öll fylgjast með, segir hún. Þú heitir?

– Elías Þór Árnason.

Hann hallar sér aftur í sætinu og horfir á hana þegar hún færir nafnið hans inn á blaðið og er undir það búinn að svara fleiri spurningum en til þess kemur þó ekki því að nú eru dyrnar allt í einu opnaðar og Þorlákur, gamli bekkjarkennarinn sem nú er orðinn yfirkennari, kemur inn.

Hann gengur rակleitt að kennaraborðinu, biður um þögn og hverfur síðan ofan í hárið á Ástrósu til þess að koma leyniboðum inn í eyrað á henni. Hún svarar hvísl hans með fagurrauðu brosi og svo glugga þau saman í bekkjarskrána og kankast góðlátlega á.

Elías þykist vita hvað þau eru að tala um. Það getur ekki annað verið en þau séu að tala um rauðhærða fyrirbrigðið sem situr í sætinu hans. Það hlýtur að eiga að vera í öðrum bekk. Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur. Kannski hefur það bara farið inn í þessa stofu af því að það vissi ekki alveg hvar það átti að vera.

Honum verður litið aftur á öftustu borðin í gluggaröðinni. En það er langt frá því að fyrirbrigðið sé að hugsa um að það verði flutt yfir í annan bekk. Það virðist vera gersamlega áhyggjulaust. Það haggast ekki þó að Þorlákur og Ástrós séu að stinga saman nefjum út af því. Og ekki er heldur á Gústa að sjá að hann hafi áhyggjur af þessu. Hann er farinn að fitla við töfratening í mestu makindum.

En af hverju er Fjóla að horfa til dyranna? Og Þóra og Vala? Og allir?

Hann lítur um öxl og sér að þar er komin stelpa sem hallar sér upp að dyrastaf. Hún hlýtur að eiga erindi við Þorlák. Nema hún eigi að koma í bekkinn. Þetta er nú gallinn við að sitja á fyrsta borði í dyraröðinni. Maður sér ekki hverjir koma inn nema með því að snúa sér alveg við.

Hann hefur aldrei séð þessa stelpu áður, hvorki í skólanum né hverfinu. Hún er alls ekki ólagleg, finnst honum, ekki við fyrstu sýn að minnsta kosti.

Þorlákur lítur nú upp úr bekkjarskránni með háloftasvip sem hæfir vel hinu nýja embætti hans.

– Þið eruð búin að fá nýjan bekkjarfélag, segir hann. Komdu hingað, Hildur mín!

Hún heitir þá Hildur!

Þegar hún gengur upp að kennaraborðinu hvíla allra augu á henni. Hún virðist samt ekki vitund feimin. Hún ber höfuðið hátt og brosir út að eyrum þegar hún heilsar Ástrósu með handabandi.

– Hildur er komin til okkar alla leið frá Húsavík, heldur Þorlákur áfram. Ég veit að hún á eftir að segja ykkur margt skemmtilegt um sína heimabyggð, er það ekki Hildur mín?

Hún kemst ekki upp með annað en kinka kolli.

Þorlákur er búinn að ljúka erindi sínu og hverfur út úr stofunni jafn snögglega og hann kom.

Meðan Ástrós og Hildur eru að spjalla saman við kennaraborðið verður Elías gagnstekinn af hræðilegri hugsun. Hann lítur aftur fyrir sig en flýtir sér að snúa sér við þegar miskunnarlaust glottið á vörum Gumma og Sigga verður fyrir augum hans.

Gat nú verið!

Þeir eru svo sem búnir að sjá það út hvernig þetta verður! Enda segir það sig sjálft. Hún verður auðvitað látin sitja hjá honum! Það er ekki um neinn annan stað að ræða!

Hann lítur til Þóru og Völu. Þær eru að pískra eitthvað sem enginn heyrir. Auðvitað um hann!

Ansans, ansans!

Hann hallar sér fram, setur hönd undir kinn og starir ofan í borðplötuna. Hann lítur ekki upp heldur bíður þess sem verða vill.

Svo finnur hann allt í einu að Ástrós kennari er farin að horfa á hann. Hann finnur hvernig kliðurinn fjarar út í bekknum. Þegar komin er þögn sem er meira ærandi en

Hvers konar svipur er háloftasvipur?



nokkur hávaði getur orðið rís hún á fætur og gengur til hans. Hann sér þetta útundan sér en heldur samt áfram að horfa ofan í borðplötuna.

Hún stendur beint fyrir framan hann og nú kemur þetta skelfilega sem hann vissi að kæmi:

– Er þér ekki sama þó að hún Hildur sitji hérna hjá þér?

Hann lítur upp og horfir framan í hana eins og hann hafi verið í allt öðrum hugarheimi.

– Er þér ekki sama um það? spyr hún enn.

– Hvað? segir hann og lætur sem hann hafi ekki heyrt hvað hún var að segja.

– Að hún sitji hjá þér?

– Jú, jú, segir hann og þykist núna fyrst vera með á nótunum.

– Ég vona að það verði ekki til neinna vandræða, segir Ástrós og vill ganga úr skugga um að hún sé ekki að gera honum neinn óleik.

– Nei, nei, þetta er allt í lagi, segir hann og gerir sér upp frjálsmannlegt bros.

Hann finnur augnaráð allra fyrir aftan sig stingast í bakið á sér. Hann þarf ekki að líta við því að hann sér fyrir sér glottið á Sigga og Gumma og heyrir þískrið í Þóru og Völu.

Vandræðamanneskjan Hildur virðist fullkomlega sátt við að hafa hann fyrir sessunaut. Hún brosir til hans um leið og hún sest hjá honum og hann tekur eftir því að hún er með brún augu. Hann kreistir fram feimnislegt bros á móti og furðar sig á hvað hár hennar er kolbikasvart. Svo lítur hann aftur ofan í borðplötuna.

Að þurfa að hafa þetta við hliðina á sér allan veturinn! Það er skelfilegra en orð fá lýst. Hvers konar óhappdagur ætlar þetta eiginlega að verða? Fyrst sefur hann yfir sig, svo er sætinu hans stolið frá honum – og nú þetta sem er það allra versta!

Þegar hún vísar sér að honum og biður hann að lána sér strokleður horfir hún svo óþægilega beint í augun á honum að hann fer hjá sér. Hann er ekki vanur því að það sé horft svona beint í augun á honum og allra síst er hann vanur svona stórum, brúnum augum.

Hann fer að horfa á Íslandskortið sem hangir yfir töflunni beint á móti. Hann reynir að fylgja með augunum leiðinni frá Reykjavík og vestur í Aðaldal til afa og ömmu.

Svo verður honum á að líta snöggvást til hennar – en þarf hún þá ekki endilega að vera að hvarfla augunum til hans líka!

– Fínt að sitja svona framarlega, segir hún brosandi.

Hann getur ekki annað en kinkað kalli.

– Já, það er fínt, segir hann. Það er langbest að sitja fremst.

Hann sér að hún er miklu sætari en hún virtist vera þegar hann sá hana í fjarska út við dyr. Það er ekki bara þetta dökka yfirbragð sem hann tekur eftir, þessi stóru, brúnu augu og þetta síða, svarta hár, heldur líka fasið, þetta frjállega fas sem er laust við allt sem heitir feimni, þessar kviku hreyfingar og þetta fyrirhafnarlausu bros.

Þegar hún skilar honum strokleðrinu og býst til að segja eitthvað við hann lítur hann undan af því að hann veit ekki hvernig hann á að vera. Hann lætur sem hann sé upptekinn við að rýna í landakortið, en leiðin vestur til afa og ömmu er allt í einu komin í móðu fyrir sjónum hans.

Hann lítur af landakortinu ofan í gráa borðplötuna.

Umræður/verkefni

1. Hver er **sögumaðurinn*** hér og hvert er sjónarhorn hans?
2. Hvert er **sögusvið*** þessa kafla? Er lýsingin raunveruleg að ykkar mati?
3. Veltið fyrir ykkur hugsunum Elíasar þennan fyrsta skóladag eftir sumarfríið. Hvernig líður honum og hvers vegna líður honum svona?

***Sögumaðurinn** – Sjá Hugfinn

***Sögusvið** – Sjá Hugfinn

Brosið þitt

Ég er þessi töff týpa
þú veist,
ein af þeim sem líkjast ísjökum,
frosin í gegn.

Ég (þessi töff týpa)
fyrirlít alla sem brosa oft
til annarra.

Og ég (þessi töff týpa)
sá þig í dag,
þú brostir til mín,
enginn hefur áður gert það.

Ég (þessi töff týpa) bráðnaði í dag.

Bergþóra Snæbjörnsdóttir 13 ára



Umræður/verkefni

1. Túlkið þetta ljóð. Þekkið þið e.t.v. þessa týpu?
2. Hvaða gerð myndmáls má finna í ljóðinu? Vísið í ljóðið.

Elías Snæland hefur skrifað um unglunga sem farið hafa út af beinu brautinni ef svo má segja en ratað til baka. Í *Braki og brestum* sem kom út 1993 er fjallað um samskipti unglunga og ýmis vandamál þeirra. Hákon, strákur í 9. bekk býr nú í kaupstað á Norðurlandi en áður bjó hann í Reykjavík þar sem hann var byrjaður að feta vafasama braut. Á nýja staðnum fær hann tækifæri til að byrja upp á nýtt. Þegar hér er komið sögu eru Hákon, pabbi hans og Siggi vinur þeirra í vélsleðaferð uppi á jökli þegar þeir heyra í talstöðinni að tveggja manna sé saknað af jöklinum. Annar þeirra er bróðir stúlkunnar, Hönnu Stínu, sem Hákon er hrifinn af. Þeir ákveða strax að taka þátt í leitinni.

Brak og brestir

Drangarnir þrír

Páskadagshríðin skall á fyrr en spáð hafði verið.

Drekinn var rétt kominn inn fyrir sæluhúsið vestan við Ásbjarnarfell þegar byrjaði að snjóa. Fyrst létt él sem fljótlega breyttust í kröftugan byl er vindur tók að blása fyrir alvöru.

Siggi hélt **ótrauður** áfram þrátt fyrir snjókomuna. Inn á milli öflugustu hviðanna birti líka til. Þá gat hann áttað sig á helstu **kennileitunum** – Krókafelli til hægri, Ásbjarnarfelli á vinstri hönd og svo Tvífellinu beint á móti.

Það var erfitt að gera sér grein fyrir því hvar hvítur jökullinn tók við af björtum vetrarsnjónum. Þegar Hákon sá á annað borð upp undir Hofsjökul inn á milli hríðarhviðanna runnu fannhvítar hlíðar fjallanna og **tungur** og bungur jökulsins saman í eitt.

Þegar frá leið breyttist færið smátt og smátt.

Nú þurfti Drekkinn að erfiða upp háar hæðir og brattar brekkur. Þær urðu sífellt þyngri yfirferðar eftir því sem þeir komust ofar í dalinn.

Loks gat Siggi ekki mjakað bílnum upp á við lengur.

„Drekinn vill ekki lengra.“

„Hvað gerum við þá?“ spurði pabbi.

„Ég ætla að svipast um á vélsleðanum,“ sagði Siggi. „Það er enn talsverður spölur upp að dröngunum þremur.“

ótrauður – djarfur, einbeittur

kennileiti – hæð eða annað í landslagi/umhverfi til að rata eftir

tunga í landslagi – landsvæði sem er eins og tunga í laginu

„Er ekki rétt að bíða og sjá hvort lægir?“ spurði pabbi. „Það er stórhættulegt að vera hérna einn á vélsleða í þessu veðri. Þú sérð bókstaflega ekkert frá þér í hriðarköstunum.“

„Hafðu bara bílinn í gangi og kveikt á ljósumum,“ sagði Sigggi. „Ég get alltaf fundið þau.“

„Er ekki betra að ég komi með þér?“ spurði pabbi.

„Nei, þú skalt vera í bílnum og sjá um fjarskiptin. Guðmundur hefur vafalaust samband fljótlega.“

Sigggi fór að huga að hlífðarfötunum.

„Réttu mér hjálminn, Hákon,“ sagði hann svo.

Það blés snjó inn í bílinn þegar Sigggi opnaði bíldyrnar og steig út fyrir.

Hann skellti á eftir sér og fór að losa vélsleðann af kerrunni. Fljótlega sáu þeir hann renna fram hjá Drekanum og hverfa í hriðarkófið framundan bílnum.


Hákoni fannst biðin eftir að Sigggi kæmi til baka afskaplega löng.

Hann nartaði í samloku með hálfum huga og renndi henni niður með daufum gosdrykknum.

Vinnukonurnar hömuðust á framrúðunum og snjókornin dönsuðu í geislum framljósanna. Hákon leit aftur og aftur út um rúðuna í von um að sjá Sigga bregða fyrir á ný á vélsleðanum.

Svo hafði Guðmundur samband.

Pabbi gaf upp staðsetningu þeirra og sagði frá því að Sigggi væri úti á vélsleðanum að svipast um.



„Er ekki blindbylur þarna upp frá?“ spurði Guðmundur.
„Það lægir inn á milli,“ svaraði pabbi.
„Hvaða vitleysa er þetta eiginlega í honum Sigga?“
„Hann hlýtur að skila sér fljótlega,“ sagði pabbi.
„Láttu hann hafa samband um leið og hann kemur til baka,“ sagði Guðmundur.
„Ég vona bara að við þurfum ekki að fara að leita að honum líka.“
„Engin hætta á því,“ sagði pabbi dálítið móðgaður. „Siggi veit alveg hvað hann er að gera.“
„Ég vona það.“
„Við höfum samband. Blessaður.“
Pabbi sleit samtalinu en horfði svo áhyggjufullur út um framrúðuna.
Hákon leit á úrið.
Gat það verið að Siggi væri ekki búinn að vera nema tuttugu mínútur í burtu?
Honum fannst það miklu lengri tími.
En varla laug klukkan!
Þrjátíu og fimm mínútum síðar birtist vélsleðinn skyndilega í ljósum bifreiðarinnar.
Siggi drap á vélinni, gekk að Drekanum og opnaði dyrnar bílstjóra megin.
Hann dustaði af sér mesta snjóinn, tók af sér hjálminn, settist inn í bílinn og blés mæðinni.
„Sástu eitthvað?“ spurði pabbi.
„Það er svona tuttugu mínútna akstur á vélsleðanum upp að dröngunum þeim arna,“ svaraði hann. „Ég lagði ekki í að fara lengra í þessu ferlega skyggni.“
„Guðmundur hafði áhyggjur af þér.“
Siggi glotti.
„Var það, já?“
Eftir stutta stund var hann kominn í samband við Guðmund.
„Hefur eitthvað fundist hjá ykkur?“ spurði hann strax.
„Ekkert. En hjá þér?“
„Nei,“ svaraði Siggi.
„Er allt í lagi hjá ykkur?“ spurði Guðmundur.
„Allt í fínu lagi. Við þurfum bara að kanna svæðið örlítið betur.“
„Farðu varlega.“
Á meðan þeir biðu eftir að hriðina lægði í bili tók Siggi hraustlega til matar síns.
Skyndilega lægði vindinn eins og hann hafði gert nokkrum sinnum fyrr um daginn.
Það rofaði brátt til í kringum þá svo þeir sáu til fjallanna.
Hákon skimaði eftir tindunum en sá þá hvergi.
Það var eins og Siggi læsi hugsanir hans.

„Þú sérð ekki drangana fyrr en komið er upp á hæðina þarna.“

Hann fór strax að búa sig til brottfarar.

Svo sneri hann sér við í sætinu og horfði á Hákon.

„Manstu nákvæmlega hvar þú féllst niður? Í draumnum á ég við?“

Hákon kinkaði kalli.

Siggi leit á pabba.

„Hann ætti kannski að koma með mér?“

Pabbi varð áhyggjufullur á svip.

„Honum verður alveg óhætt,“ bætti Siggi þá við.

„Ertu til í það?“ spurði pabbi.

Hákon hugsaði sig ekki um tvisvar.

„Já, já.“

Þeir stigu allir út úr bílnum. Það var hægur vindur og örlítið él.

Pabbi gætti vel að klæðnaði Hákonar og hjálpaði honum að festa á sig öryggis-hjálminn.

Svo settist Hákon á sleðann fyrir aftan Sigga og greip fast um handföngin sem voru til beggja hliða.

Þeir brunuðu upp snarbratta hlíðina á miklum hraða. Siggi hægði ekki á ferðinni fyrr en þeir voru komnir upp á sjálfa hæðina.

Þarna blöstu þeir við.

Drangarnir þrír.

Alveg eins og í draumnum.

Hákon trúði vart sínum eigin augum.

Siggi stöðvaði vélsleðann.

„Jæja, Hákon, hvert eigum við nú að halda?“

Hákon var ekki í nokkrum vafa. Honum fannst hann þekkja leiðina í smáatriðum.

„Framhjá dranganum sem er þarna lengst í burtu og þar upp eftir.“

„Drífum okkur þá.“

Siggi gaf í botn.

Þeir hentust yfir snjóbreiðurnar upp að dröngunum þremur og síðan meðfram þeim hverjum af öðrum og upp með þeim innsta.

Loks stöðvaði Siggi vélsleðann á ný.

Beint framundan blasti við þeim margsprungin tunga **úfins** skriðjökuls.

„Ekki er það fallett,“ sagði Siggi.

Hákon fann hjartað taka kipp í brjósti sér.

Þetta var staðurinn!

Hann var alveg viss.



„Þarna,“ sagði hann æstur og benti. „Beint fyrir ofan hólinn.“

Siggi ók varlega upp á litlu hæðina sem var í um eitt hundrað metra fjarlægð. Þar drap hann á vélsleðanum og fór af baki.

„Bíddu hérna!“ sagði hann og fíkraði sig varlega áfram gegnum snjóinn.

Þegar hann hafði gengið nokkurn spöl staðnæmdist hann allt í einu.

Eftir smáhik lét hann sig falla á fjóra fætur og skreið þannig áfram nokkra metra í viðbót.

Síðan lagðist hann endilangur í snjóinn og virtist vera að horfa á eitthvað beint fyrir neðan sig.

Hákon sá að það var farið að dimma á nýjan leik og bæta nokkuð í vindinn.

Siggi reis á fætur og gekk eins hratt og hann gat til baka til Hákonar.

„Það er þarna tveggja til þriggja metra langt gat á þunnu snjólagi sem liggur yfir sprungu,“ sagði hann ákafur. „En ég sá engin merki um menn né sleða.“

Hann leit áhyggjufullur til himins.

„Það er stutt í næsta hríðarkast,“ sagði hann. „Ég verð að komast þarna niður.“

„Niður í sprunguna?“ spurði Hákon.

„Ég ætla að færa sleðann nær.“

Siggi setti vélsleðann í gang og ók honum varlega áfram. Svo sneri hann sleðanum þvert á sprunguna og drap á vélinni.

Hákon fylgdi honum eftir og sá að gatið í snjónum yfir sprungunni var ríflega metri á breidd.

Siggi lyfti aftursætinu, tók reipi upp úr farangursgeymslunni og batt það utan um vélsleðann.

Svo tók hann í af öllum kröftum.

Vélsleðinn lyftist upp og færðist til.

„Fjandinn hafi það, sleðinn er alltof léttur til að halda mér uppi,“ sagði Siggi vonsvikinn.

Hákon starði á gatið yfir sprungunni.

Var bróðir Hönnu Stínu þarna niðri?

Og Ási?

Honum fannst að þeir gætu alls ekki farið til baka án þess að vita það fyrir víst.

Hann beit á jaxlinn og kyngdi nokkrum sinnum.

„Ég er miklu léttari en þú,“ heyrði hann svo sjálfan sig segja.

Siggi leit snöggt á hann. „Satt segirðu!“

Hann mældi Hákon út með augunum, tók svo um mitti hans og lyfti honum upp.

„Þú ert svo léttur að ég á auðvelt með að láta þig síga niður og draga þig upp aftur,“ sagði hann svo. „Ertu til í það?“

Hákon kinkaði kolli.

Úr þessu varð ekki aftur snúið.

Hann varð að reyna.

Umræður/verkefni

1. Hvers vegna haldið þið að Hákon hafi boðist til að síga niður í sprunguna?
2. Setjið ykkur í spor Hákonar þegar hann sígur niður og ímyndið ykkur hvernig honum leið, hvað hann hugsaði og hvað hann sá. Skriðið stutta frásögn um þetta og hafið hana í 1. persónu.
3. Skriðið stutta frásögn, t.d. eina efnisgrein, þar sem tíminn er annaðhvort fljótur eða lengi að líða.
4. Hér fyrir neðan eru orð og orðasambönd yfir snjó, snjókomu og vetrarlandslag. Veljið nokkur þeirra og skriðið síðan örsögu þar sem þið notið þau.

létt él	bjartur vetrarsnjór	hríðarkóf	hægur vindur
kröftugur bylur	hríðarhviður	blindbylur	örlítið él
páskahríð	fannhvítar hlíðar	lægir	snjóbreiða
snjókoma	færi	skyggni	margsprungin tunga
öflugar hviður	hríðarkast	rofa til	úfinn skriðjökull

Önnur gerð unglingsbóka varð vinsæl upp úr 1990 en það eru sögur þar sem höfundar leita í þjóðsögurnar og nýta sér þær til að skapa spennu. Í þessum flokki eru meðal annarra *Þokugaldur* eftir Iðunni Steinsdóttur og hrollvekjan *Margt býr í myrkrinu* eftir Þorgrím Þráinsson. Aðalpersónurnar í *Þokugaldri* eru ungar stúlkur, Valný og Eindís. Valný er nýflutt til Íslands ásamt fjölskyldu sinni eftir nokkurra ára búsetu í Svíþjóð. Mamma Valnýjar er prestur og fjölskyldan býr á gamla prestsetrinu þar sem Eindís bjó fyrir 150 árum en þær Valný og Eindís eiga ýmislegt annað sameiginlegt. Í kaflanum sem hér kemur er Valný á leið heim úr fiðlutíma en í tímanum sagði Salvör fiðlukennari henni frá Eindísi sem einnig hafði leikið á fiðlu.

Þokugaldur – brot 1

...

Þegar hún kom út horfði hún hugsandi í kringum sig. Litla húsið hennar Salvarar stóð uppi í hlíð og hún sá vel yfir bæinn. Þarna var tanginn þar sem prestssetrið stóð. Hvaða leið skyldi prestsdóttirin hafa farið þegar hún villtist burt? Sennilega inn og upp dalinn úr því að sagan sagði að hún hefði lent uppi í jöklinum.

Valný andvarpaði. Hana hafði langað að segja Salvöru frá því sem hún sá í gærkvöldi en ekki komið sér að því. Hún vildi heldur ekki segja mömmu sinni það. Mamma yrði vísast hrædd og færi með hana til læknis, héldi að hún væri orðin eitthvað rugluð. Og ekki þýddi að tala um neitt svona við pabba, þetta merkikerti sem hann var orðinn upp á síðkastið. Betur að langamma hefði lifað lengur, hún hefði einmitt verið rétta manneskjan til að ræða svona mál við. Hún hefði líka kunnað að meta það.

Hún rölti af stað inn með hlíðinni eins og hún hafði svo oft gert þegar hún vildi vera í friði. Það var gott að sjá bæinn hverfa og komast þangað sem aðeins fjallið, jökullinn og blár himinn mættu auganu. Veðrið var milt og hún rölti **hjalla** af hjalla. Hún leit til baka og sá húsin í bænum í fjarska. Séð að ofan líktust þau brúðuhúsum. Og þau voru víst full af góðum litlum brúðum. Kannski var hún sjálf eitthvað skritin fyrst henni tókst ekki að kynnast þeim.

Hún settist niður og kastaði mæðinni, hallaði sér aftur á bak og lokaði augunum. Hún var lúin eftir gönguna og fiðlan hafði sigið í.

Hún hrökk upp við kuldaskjálfta, reyndi að teygja sig í sængina og breiða betur ofan á sig en greip í tómt, hentist upp og leit í kringum sig. Hvar var hún? Það var allt grátt.

Hún greip fiðluna og hljóp af stað. Auli gat hún verið að sofna svona uppi í fjalli. Svo lengi var hún búin að búa hér að hún mátti vita að þokan helltist inn fjörðinn og fyllti hann á nokkrum mínútum. Hún var þó heppin að vera ekki komin lengra, heppnari en prestsdóttirin forðum. Nú var bara að finna lækinn og þræða niður hlíðarnar meðfram honum þar til hún kæmi að ánni og gæti fylgt henni út í bæ.

Í haust þegar þokan hafði hangið yfir í þrjár vikur samfleytt hafði hún slegið orðinu „þoka“ upp í orðabókinni og lært skýringuna utan að: ský við yfirborð jarðar, þétt suddamóða sem byrgir sýn.

En það hafði ekki staðið að snjótittlingar yrðu að skrækjandi ferlíkjum, steinar að **þursum** sem kæmu ógnandi á móti manni, þúfur að sléttlendi sem maður hnyti um eða að niðurinn frá læknum bærisk úr öllum áttum svo að ógjörningur væri að finna hann. Lewis Carroll hlaut að hafa lent í þoku áður en hann skrifaði Lísu í Undralandi.

Hún æddi áfram, fannst hún vera að fara niður en datt aftur og aftur og fann þá að hún var að fara upp í móti. Svo tók hún sig á, reyndi að vera róleg, fara hægt og þreifa fyrir sér. Eins gott að loka augunum, þau rugluðu bara. Betra að beina athyglinni að höndum og fótum, nota snertiskynið. Hún fíkraði sig niður, aftur á bak. Verst hvað grasið var orðið blautt og hált ... og moldin ... og skyndilega ekki lengur gras eða mold heldur kaldur steinn undir höndum og fætarnir í lausu lofti ...

Valný æpti, æpti af öllum lífs og sálar kröftum, sleppti fiðlukassanum og reyndi að vega sig upp á brúnina. Steinninn var sleipur og erfitt að finna tak á honum en annar fóturinn rakst í nibbu og henni tókst að spyrna sér upp.

Skjálfandi settist hún á brúnina og grét, þrýsti fiðlukassanum að sér og lagði ekki í að hreyfa sig, vissi ekki hve **hamarinn** var hár eða hvernig hún ætti að þræða fyrir hann.

Draugsleg rödd barst úr þokunni að utan og sunnan, ofan og neðan:

– Er einhver þarna, þarna, þarna ... ?

Valný reyndi að gleypa ekkann og klemmdi saman varirnar, þorði ekki að svara. Meinvættir úr trölla-, drauga- og huldufólkssögunum hennar langömmu sóttu að henni í óskipulögðum herskörungum og eignuðu sér allar þessa rödd.

– Hæ, hvar ertu, ég heyrði að þú varst að kalla!

Þursinn hafði vinninginn, hún argaði af skelfingu þegar hann birtist þétt upp við hana.

– Fyrirgefðu, ég ætlaði ekki að hræða þig. Varstu ekki að kalla á hjálp?



Hún leit upp eftir honum. Hann var á aldur við hana, grannur, skolkærður, stutt-klipptur og eyrnastór, líklega frekar laglegur. Hún hafði séð hann tilsýndar niðri í bæ en aldrei talað við hann.

– Ég var að hrapa, snökti hún og fór aftur að gráta, öskureið við sjálfa sig en gat ekki annað.

– Þetta er rosalegt, komdu frá brúninni. Hvernig fórstu að því að komast upp aftur?

– Ég steig á nibbu og gat spyrnt mér. Valný saug upp í nefið.

– Þú varst heppin.

– Er hátt niður?

– Ég er nú ekki viss. Það er eins og þokan umsnúi öllu en ég held að við séum á þriðja kletti og þú hefðir áreiðanlega komið niður í nokkrum pörtum ef þú hefðir dúndrað fram af honum.

– Ég fór ekki upp neina kletta, gekk bara inn brekkurnar.

– Maður þræðir náttúrulega alltaf fyrir klettana, það er ekki fyrir en bölvuð þokan kemur sem þeir fara að flækjast fyrir manni.

Valný reis á fætur. Hún titraði ennþá en reyndi að bera sig vel.

– Það er ómögulegt að rata neitt í þessari fíndans þoku. Maður verður svo ruglaður. Ég vissi ekki einu sinni hvort ég var að fara upp eða niður, tautaði hún.

– Við skulum verða samferða og reyna að finna leiðina. Ég heyrði í læk, ef við finnum hann getum við fylgt honum niður að ánni.

– Ég heyrði líka í honum en ég áttaði mig ekki á því hvaðan hljóðið kom.

Þau fetuðu sig af stað. Hann var greinilega vanari þokunni og hún **fór í humáttina** á eftir honum.

– Ég hef séð þig í bænum, sagði hann.

– Sömuleiðis, svaraði hún **stutt í spuna**.

– Þú ert í tíunda bekk.

– Já.

– Ég er í fyrsta í fjölbraut.

– Nú.

– Og þú ert nýkomin frá Svíþjóð.

– Uhu.

– Dóttir séra Höllu.

– Mmm.

– Og Snorra tölvufræðings.

– Þú veist líklega líka í hvaða stjörnumerki ég er fædd.

Hann sneri sér hlæjandi að henni.

– Í þessum bæ vita menn allt um alla. Ætli þú sért ekki í ljóninu.

Hún skellti upp úr.

– Jú, og nota brjóstahaldara númer sjötíu og fimm.

Hann varð svolítið **álkulegur** í framan og eitt andartak hvörfluðu augun niður eftir jakkanum hennar. Svo gekk hann aftur af stað.

– Ég heyrði þig spila í gærkvöldi.

Hún þakkaði Guði í hljóði fyrir þokuna, fann að hún kafröðnaði. Hvernig gat hún líka verið svo vitlaus að halda að enginn hefði heyrt í henni?

– Þú ert bara ansi góð.

– Nú?

– Hvað varstu að spila?

– Það var úr Fiðlukonserti í A-dúr.

– Jáá.

Hann var svolítið vandræðalegur. Vissi greinilega ekkert um hvað hún var að tala en vildi láta líklega.

– Númer fimm, hreytti hún út úr sér.

– Einmitt.

– Eftir Mozart.

– Já, Mozart!

Þarna hafði hún loksins komið með eitthvað sem hann kannaðist við.

– Hvar varstu? Ég sá þig ekki.

– Ég var inni hjá ömmu. Þú stóðst beint framan við húsið hennar.

– Nú.

– Varstu kannski að spila Mozart uppi í fjalli núna?

– Nei, svaraði hún stutt í spuna.

– Hvað varstu þá að gera þangað með fiðluna?

- Bara að labba. Mér finnst gott að sleppa burt úr þessari bæjarholu þar sem allir vita allt um alla.
- Það er ekki ofsögum sagt að þú sért skrítnin.
- Hver segir að ég sé skrítnin?
- Æi, bara ...
- Heldurðu að smáborgurunum hérna hafi nokkuð dottið í hug að mér þættu þeir skrítnir?
- Áreiðanlega ekki. Þeir eru hin rétta viðmiðun.
- Mér þykir fyrir því að þú skulir þurfa að draslast með þessa furðuskepnu á hælunum alla leið niður í bæ, hreytti hún í bakið á honum.
- Það er í góðu lagi. Mér finnst gaman að skrítnu fólki.
- Þú ætlar kannski að verða mannfræðingur.
- Nei, geðlæknir.
- Hvað varstu að gera uppi í fjalli?
- Skoða steina.
- Skoða steina?
- Hann stansaði og leit á hana.
- Já, þú hefur sjálfsagt ekki reiknað með að smáborgararnir hérna í bænum hefðu áhuga á öðru en kjaftasögum.
- Það varst þú sem sagðir að þeir vissu allt um alla.
- Ef þú værir ekki svona stór upp á þig værirðu kannski farin að kynnst því að menn hafa ýmis önnur áhugamál líka.
- Stór upp á mig?
- Gengur með nefið upp í loftið og lætur eins og þú sjáir ekki hina krakkana.
- Ég hef ekki orðið vör við að þeir hafi áhuga á að kynnst mér. Þau stóðu andspænis hvort öðru eins og reiðir hanar. Allt í einu skellti hann upp úr.
- Og kannski eins gott fyrir þau. Hér erum við einangruð í niðarþoku að reyna að komast til byggða og farin að rífast eins og **bestiur** eftir fimm mínútur.
- Hún beit á jaxlinn.
- Við verðum að halda okkur á hlutlausu svæði eða þegja.
- Ég mæli með hlutlausu.
- Hvað heitirðu?
- Friðrik.
- Heyrirðu í læknum?
- Já, ég held meira að segja að ég viti í hvaða átt hann er.

Aldrei hefði Valný trúað að henni gæti létt við að sjá húsin í bænum. En þegar þau voru búin að feta sig niður undir jafnsléttu þynntist það skyndilega þetta ský við yfirborð jarðar, þessi þétta suddamóða sem hafði byrgt þeim sýn, og steinhús, timburhús og blokkir komu í ljós. Híbyli rúmlega þrjú þúsund mannvera sem Salvör sagði að væru góðar og Friðrik fullyrti að hefðu ýmis áhugamál. Og voru nú ekki lengur brúðuhús heldur í fullri stærð og ögruðu hennar eigin smæð. Þó varpaði hún öndinni léttar.

– Þakka þér fyrir samfylgdina. Ég hefði líklega drepist þarna uppi í fjallinu ef ég hefði ekki hitt þig, sagði hún og glotti.

– Blessuð vertu, þú hefðir fundið lækinn og bjargað þér, svaraði hann og brosti. Hann hafði fallett bros, það bætti upp hvað eyrun á honum voru útstæð.

– Bless, sagði hún og tók stefnuna á tangann.

– Sjáumst, kallaði hann.

Umræður/verkefni

1. Valnýju virðist ekki hafa tekist að aðlagast lífinu í þorpinu enn sem komið er. Hverjar eru hugsanlegar ástæður þess og hvað getur hún gert til að bæta úr?
2. Setjið ykkur í spor Valnýjar og skrifið eina efnisgrein (um 10 línur) sem fjallar um það að vera nýr á einhverjum stað, t.d. í nýjum skóla, nýju hverfi eða nýju þorpi.
3. Lesið vel samtali Valnýjar og Friðriks. Hvaða tónn er í samtalinu og hvaða upplýsingar gefur það okkur um persónurnar?
4. Veljið hluta úr samtali Valnýjar og Friðriks og æfið í þörum flutning á ykkar hluta.

Í þessum hluta er sjónum beint að Eindísi. Hún rífst við unnusta sinn vegna þess að hún vill að þau sofi saman en hann ekki og hún rýkur í burtu og heldur til fjalls.

Þokugalður – brot 2

Hvað var hún búin að ganga lengi? Nóttin var liðin og löngu runninn dagur. Og hvar var hún stödd? Henni var ískalt, hún hlaut að vera komin hátt upp þó að hún hefði naumast orðið þess vör að hún héldi á brattann. Hún var að verða úrvinda en vildi ekki leggjast fyrir. Það kunni ekki góðri lukku að stýra að sofna hér uppi á reginfjöllum. Einhvern tímann hlyti þokunni að létta og þá mundi hún rata heim. Hún beit á jaxlinn, reyndi að leiða ekki hugann að því að stundum hékk þokan yfir svo vikum skipti.

Eindís tyllti sér á stein og hvíldi höfuðið í höndum sér. Hún vissi að umhverfis hana var ýmislegt á sveimi, **skottur, mórar**, tröll og huldufólk, fann að það **sótti að** henni og ásóknin jókst eftir því sem hún varð magnlausari. En hún skyldi halda sönum, hún hafði bænirnar og þær voru sterkari en heiðnar **vættir**. Hún reis upp og skjögraði aftur af stað. Bara ef hungrið væri ekki svona sárt. Og þorstinn. Hún hafði ekki gengið fram á einn einasta læk, aðeins sopið polla af steinum.

Var ekki farið að glitta í eitthvað þarna framundan? Gat hugsast að þokunni væri að létta?

– Nei, passaðu þig nú, tautaði hún. Láttu ekki **tálsýnir** huldufólksins glepja þig.

En það var ekki tálsýn. Eins og tröllaukinn sópur stryki burt gráan ullarlagð hreif andvarinn þokuna með sér og fyrr en varði var orðið bjart, örlaði meira að segja á sól bak við **ígrá** ský.

Eindís litaðist um. Hún var uppi á reginfjöllum og sá engin kennileiti sem hún þekkti. Gróðursnauðir **slakkar**, tálguð hamrabelti og skriður hvert sem litið var og áttirnar hver sem önnur. Hún **eigraði af stað** niður grýtta skriðu. Hún yrði að finna læk. Ef hún næði til sjávar hlyti hún að finna leiðina heim.

Sólin braust fram úr skýjum og Eindís rétti fram hendurnar og faðmaði ylinn. Sólin var vinur, bandamaður, sá fyrsti sem vitjaði hennar síðan í gærkvöldi. Hún lokaði augunum, reiðin og skömmin brunnu í henni.

„... móðir mín skal ekki fá ástæðu til ...“

skotta – kvenkyns draugur

móri – karlkyns draugur

e-ð sækir að e-m – einhvern syfjar af því að fylgja (fylgjandi) einhvers ókomins gests er komin á undan honum


vættur – vera úr öðrum heimi en mannheimi

tálsýn – lokkandi, óraunveruleg sýn

ígrár – gráleitur

slakki – dæld í landslagi

að eigna af stað – ganga hægt og hikandi af stað



Heigull, raggeit! Fullorðinn maður, **gildasti** bóndinn í sveitinni hvað þá heldur annað, og lét stjórnast af hræðslu við móður sína. Að vísu var Krístrún á Hömrum annálað skass en fyrr mátti nú vera. Það yrði trúlega ekkert áhlaupaverk að hrífa þennan stóra sterklega bónda undan pilsfaldi móðurinnar og gera úr honum mann.

Hún var komin niður skriðuna og krækti eftir mjóum skorningi fyrir grýttan hjalla. Og þá var skyndilega eins og hulu hefði verið svipt frá sjónum hennar. Hún stóð á hamrabrún og horfði yfir víðan dal umlukinn bröttum hlíðum og hamrabeltum. Ofar gnæfðu stakir fjallstindar upp úr hvítum jökli og skriðjökull teygði sig niður í dalbotninn á hægri hönd. Fram af hömrunum andspænis henni féll hár foss ofan í hyl og vatnsmikill lækur streymdi úr honum niður í dalinn og hvarf í vatn þar sem stæðilegir ísjakar flutu um, gagnsær í bláum og grænum litbrigðum sólargeislanna. Utar hrísluðust lækir úr vatninu, bugðuðust niður lága stalla og steiptust að lokum í svart gljúfur. Upp með hlíðunum óx víðikjarr eins og svartir flekkir í vorbleikum sverðinum. Engan bæ var að sjá, ekkert sem benti til þess að fólk héldi þarna til.

Eindís seig niður og virti fyrir sér fegurð þessarar hrikalegu auðnar. Engin undur þó að henni væri kalt. Hún var komin upp í jökul, líklega lengra en nokkur maður hafði farið áður. Hér dytti engum í hug að leita hennar ef hún gæfist upp eða henni

hlekkjist á.

Örpreytt losaði hún um flétturarnar sem voru byrjaðar að rakna. Mjúkir eins og **líntraf** strukust lokkarnir um hálsinn og yljuðu henni. Hún lét fiðlubogann líða yfir strengina. Kannski var best að láta staðar numið hér. Leika fyrir sólina og jökulinn, laða ungan huldusvein úr berginu, djarfan svein sem ekki legði á flótta þegar á reyndi. Ganga með honum í hamarinn og ríkja þar. Sagan sagði að þeir klæddust **PELLI OG PURPURA**. Hvað skyldu þeir borða?

Hún lagði fiðluna að vanga, skjálfandi tónar stigu yfir dalverpið og hamrarnir lukust upp ...

– Spilaðu meira, þetta er svo fallegt.

Henni varð svo mikið um að minnstu munaði að hún hryti fram af hamrinum.

– Vertu ekki hrædd, ég geri þér ekkert. Ég hef bara aldrei heyrt neitt svona fallegt.

Hann var furðu mennskur að sjá. Grannur og vöðvastæltur, rauðbirkin, með hár niður undir herðar og ljósrautt skegg, bláeygur með brúnan flekk í vinstra auga, klæddur skinnbuxum, gæruvesti og sauðskinnsskóm með kippu af dauðum mávum dinglandi við beltisstað.

– Spilaðu. Röddin var biðjandi, augun ljómuðu.

Hver sem hann var þá var hún ekki lengur ein. Hún horfði á þessi tvílitu augu og lék aftur lagið sem hafði orðið til fyrir nokkrum andartökum og verið helgað huldusveini

...

Umræður/verkefni

1. Hvað áhrif hafði þokan á hugsanir og líðan stúlkanna, Valnýjar og Eindísar?
2. Hvaða **hugblær*** er yfir lýsingunni á **sögusviðinu*** og hvaða orð skapa hann helst?
3. Hver haldið þið að hann sé, strákurinn sem heyrði Eindísi spila á fiðluna?
4. Hvers vegna teljið þið að bókin heiti Þokugaldur?
5. Veljið einhvern stað sem ykkur er kær eða minnisstæður og lýsið honum. Munið eftir öllum skilningarvitum s.s. sjón, heyrn, lykt ...

Dagdraumar

Ég sé það sem ég vil sjá,
heyri það sem ég vil heyra,
geri allt sem mig langar til
og ræð öllu sem mun gerast.

Svo loka ég augunum,
og opna þau aftur,
en er þá á allt öðrum stað,
og raunveruleikinn blasir við.

Daníel Einar Hauksson 14 ára

Umræður/verkefni

1. Að hverju komst ljóðmælandinn? Hver er raunveruleiki hans?

***hugblær** – Sjá Hugfinn

***sögusvið** – Sjá Hugfinn

Fíðrildi

Þegar
ég læt mig dreyma
flögrar hugur minn
sem fíðrildi
út um gluggann,
hikar örlitla stund
og nýtur sólarinnar,
sest í gullið hár þitt,
hreiðrar um sig.

Í þér
eru heimkynni
huga míns.

Ragnhildur Bjarnadóttir, 15 ára



Umræður/verkefni

1. Finnið viðlíkingu í ljóðinu og skýrið hana.
2. „Í þér eru heimkynni huga míns.“ Hver er þessi þú og hvar eru heimkynni hugans?

Hrollvekja Þorgríms Þránínssonar *Margt býr í myrkrinu* segir frá fjórtán ára strák úr Reykjavík sem heitir Gabríel. Í kaflanum sem hér fer á eftir er hann staddur að Búðum á Snæfellsnesi til að aðstoða afa sinn við bústörfin.

Margt býr í myrkrinu – brot

Gabríel hrökk upp með andfælum um miðja nótt. Það tók hann dágóða stund að átta sig á því að það var slökkt á lampanum. Hann kipptist til að nýju þegar hann þóttist heyra hurðarskell. Hann lagði við hlustir og greip um brjóstið til að hjartslátturinn ryfi ekki þögnina. Var þetta ekki örugglega hurðarskellur?

Vindurinn lamdi húsið og við slíkar kringumstæður lifnar ýmislegt við. Gabríel var viss um að hann hefði heyrt eitthvað óvenjulegt og fann að hann fylltist ótta. Samt gat hann varla hugsað sér að **leita á náðir** afa síns aftur. Hann reis ósjálfrátt upp í rúminu þegar hann saknaði hljóðs sem hafði verið órjúfanlegur hluti af nóttu sem degi. Hljóðs sem var orðið jafnsjálfsagt og hans eigin hjartsláttur. Klukkan sló ekki lengur. Eða hvað?

Hann hentist fram úr og opnaði dyrnar. Dauðapögn ríkti á ganginum þar sem klukkan hafði svo lengi haldið lífi í húsinu. „Ó, guð!“ stundi Gabríel allt í einu. „Hjartapillurnar!“ Það var eins og eldingu hefði lostið niður í hann. Hann þaut eins hratt fram í þvottahús og myrkrið leyfði. Þreifaði eftir vasaljósinu og opnaði rafmagnstöfluna. Rafmagnið hafði ekki slegið út. Hvers vegna var þá ekkert ljós? Hann reyndi árangurslaust að kveikja í þvottahúsinu og síðan á ganginum. Hann fíkraði sig upp stigann í myrkrinu og lýsti á klukkuna til að vera viss um að hún hefði stöðvast. Hræðslan verkaði lamandi á hann en honum tókst þó að finna pillurnar og koma sér upp. Dyrnar á herbergi Samúels voru opnar upp á gátt. Og rúmið tómt! „Ekki aftur,“ sagði hann við sjálfan sig og fór aftur fram. Klósettdyrnar voru læstar. „Afi!“ Hann bankaði laust. „Afi, það er rafmagnslaust aftur.“ Blóðið fraus í æðum hans þegar hann heyrði hurð skellast niðri. „Afiii, við gleymdum pillunum. Opnaðu! Ég held að það sé einhver niðri! Opnaðu strax!“ Hann var farinn að skjálfa af hræðslu og kulda, enda í nærbuxunum einum fata. „Ég ýti pillunum undir hurðina, afi. Þú verður að taka tvær strax. Annars geturðu ...“ Hann gat ekki lokið við setninguna. Inni á klósettinu var þrúgandi þögn. Gabríel henti sér á hurðina en hún haggadist ekki.

Til að fullvissa sig um að afi hans væri hvergi annars staðar en á klósettinu fór hann inn í öll herbergin á efstu hæðinni og lýsti í hvern krók og kima. Það hvarflaði að honum að sá gamli væri farinn að ganga í svefni eins og aðrir í fjölskyldunni og þess vegna fannst honum vissara að kíkja undir rúm. Síðan tók hann gott tilhlaup og keyrði öxlinu af afli í klósetthurðina en það var eins og að hlaupa á vegg.

„Aafiiii!“ hrópaði hann enn einu sinni en hljóp svo niður. Hann klæddi sig í snarhasti og leitaði síðan án árangurs í öllu húsinu. Skellir og ýlfur hér og þar fengu svitann til að spretta fram en samt hélt hann sínu striki. Hann vakti Perlu, dró hana fram á gang og reyndi með ýmsum kústum að breyta henni í varðhund. Hún sperrti bara eyrun og virti þessa mannveru fyrir sér sem hafði gerst svo djörf að hrifsa hana úr bælinu.

Áralöng reynsla af myndbandaglapi kveikti hjá honum hugmynd. Gabríel varð sér úti um blað og skrufjárn, ýtti blaðinu undir klósetthurðina og stakk skrufjárninu í skrárgatið í von um að honum tækist að yta við lyklinum þannig að hann dytti á blaðið. Að því loknu ætlaði hann að draga það til sín. Á meðan hann baksaði við þetta sá hann afa sinn fyrir sér þar sem hann lá á gólfinu í andarslitrunum og beið eftir því að einhver styngi pillu upp í munninn á honum. Hann táraðist yfir því að vera hugsanlega valdur að dauða hans og af því að hafa verið svona upptekinn af þessum hallærislegu draumum. Eftir skjálfhenta tilraun datt lykillinn og Gabríel dró blaðið hægt og rólega til sín. Honum féllust hendur þegar það kom lykillaust undan hurðinni.

„Ég þarf stiga,“ sagði hann við sjálfan sig til þess að telja í sig kjark því hann vissi að hann myndi sturlast af hræðslu ef hann steinþegði meðan á öllu þessu gengi. Hann reyndi að rifja upp hvar hann hefði séð stiga og eftir að hafa lýst um allt þvottahúsið mundi hann það. „Í fjósinu,“ sagði hann stundarhátt. „Perla, komdu!“

Það var eins og mesta hræðslan ryki út í veður og vind þegar hann hljóp beint af augum út í hriðina með Perlu í fanginu. Hann þekkti leiðina í útihúsin það vel að hann gat nánast farið hana blindandi. Hann lagði hundinn frá sér á meðan hann barðist við að reyna að opna fjósdyrnar. „Djöfuls hurðir,“ sagði hann út í myrkrið þegar hurðin loks lét undan og tók vasaljósið upp úr úlpuvasanum.

Það ríkti einkennileg þögn í fjósinu. Kýrnar lágu jórtrandi, ýmist sofandi eða í svefnrofunum. Þær létu ekki skelfdan fjósamann raska ró sinni. Nautið hafði meira að segja hægt um sig. Þótt Gabríel væri í kapphlaupi við tímann fann hann fyrir notalegri kyrrð og þægilegu andrúmslofti hjá skepnunum. Kannski mátti þakka það fullkomnu áhyggjuleysi þeirra gagnvart lífinu utan veggja fjóssins. Gamli timburstiginn stóð á sínum stað og þótt Gabríel væri enginn vesalingur átti hann fullt í fangi með að halda á honum. Hann var brúnn af skít og ryki en stóð vonandi enn fyrir sínu.

„Perla!“ Gabríel kallaði á tíkina því hann hafði misst sjónar á henni í hamaganginum. „Peerlaaaa!“ Hún var horfin út í myrkrið eða lögst í leti. Kannski hafði músartetur

dregið hana á talar. Líf afa var mikilvægara en félagsskapur hundsins. Honum var fullljóst að hræðslan knúði hann áfram en trúði því varla sjálfur að hann væri í þessari ógnvekjandi stöðu þar sem sekúndur gátu **skipt sköpum.**

Þegar Gabríel ætlaði út úr fjósinu bifaðist hurðin ekki. Samt voru aðeins nokkrar mínútur síðan hann opnaði hana. Gabríel sparkaði, barði og öskraði. Síðan keyrði hann stigann af öllum mætti í hurðina en allt kom fyrir ekki. Það var engu líkara en að henni hefði verið læst að utanverðu. Hin hurðin haggaðist ekki heldur. Til allrar hamingju var innangengt úr fjósinu í hlöðuna og þaðan inn í fjárhúsið. Gabríel ákvað að fara þá leið með stigann og freista þess að komast út hjá kindunum. Honum sóttist ferðin seint því stiginn var langur og ómeðfærulegur. Gabríel þurfti að taka á öllu sínu til að koma honum inn í hlöðuna. Það tókst ekki fyrr en hann hafði dregið hann í gegnum tvo bása og í leiðinni nánast dröslað honum yfir tvær beljur. Það kostaði hávært baul, sem var líklega bölv, en hverjum stóð ekki á sama um reiðar kýr þegar um líf og dauða var að tefla. Vasaljósið hafði hann í munnum en það var svo stórt að hann kúgaðist margoft. Hann missti það tvívegis í heyið en það hélt engu að síður áfram að lýsa honum á þessari **píslargöngu** hans. Stiginn ætlaði aldrei að komast inn í fjárhúsið því **jatan** var hindrun á leið hans.

Gabríel fékk fyrir hjartað þegar hann leit inn í fjárhúsið. Óteljandi græn og stingandi augu stórðu á hann. „Halló,“ hrópaði hann til að róa sig. „Elsku kindur, látið mig í friði!“ Hann braut þverspýtu á jötunni með fætinum til að geta dröslað stiganum í gegn og dró hann áfram gegnum fjárhúsið. Kindurnar létu ófriðlega, enda alls óvanar næturgestum. Bröltið í þeim fór nánast fram hjá Gabríel því hann hélt rակleitt að dyrunum sem sneru að íbúðarhúsinu. „Takk, guð!“ hugsaði hann upphátt þegar hurðin hagaði sér eins og til var ætlast. Þegar hann kom út undir bert loft var eins og þungri byrði hefði verið létt af herðum hans. „Út, beint áfram og til vinstri,“ tautaði hann hvað eftir annað. Hann hafði stungið vasaljósinu inn á sig og gekk upp í vindinn og fjúkið sem virtist ekki eins óviðráðanlegt og áðan. Honum fannst hann vera fallinn á tíma en samt varð hann að komast að afa sínum. Axlar-Birni* laust niður í huga hans, síðan draumastúlkunni en honum tókst að bæggja þeim frá og einbeita sér að því að bjarga afa sínum.

Snjórinn gerði honum erfitt um vik og það gekk ekki þrautalaust að reisa stigann upp. Gabríel fíkraði sig upp, þrep fyrir þrep. Glugginn var eins og dökkgrátt gat í veggnum sem nálgast smám saman. Hann var tvískiptur og efri hlutinn opnanlegur. Hann skóf burt mesta snjóinn með ísköldum fingrum og lýsti inn en gardínurnar byrgðu honum sýn.

„Afiii!“ hrópaði hann og barði í rúðuna. Glugginn var læstur en Gabríel hugsaði sig ekki um tvisvar áður en hann lamdi vasaljósinu í hann. Höndin fór aðeins of langt

að draga einhvern á talar – að eiga í ástarsambandi við e-n og svíkja hann svo

að skipta sköpum – að ráða úrslitum

píslarganga – erfiður og þjáningarfullur (lífs)ferill, þrautanga

jata – stokkur eða hólf sem kindum er gefið hey í inni í fjárhúsi

*Axlar – Björn – fjöldamorðingi sem bjó á Snæfellsnesi seint á 16. öld

svo að hann skar sig. Hann varð þess reyndar ekki var en mölvaði meira gler til að koma hendinni inn og losa um læsinguna. Opnanlegi glugginn var ekki breiðari en svo að grannur fimleikamaður hefði átt í erfiðleikum með að smokra sér inn. Slíkar vangaveltur voru Gabríel þó ekki efst í huga. Hann tyllti sér á tær efst í stiganum, stakk höfðinu inn um gluggann og spyrti sér upp. Við það rann stiginn á hálum veggnum og hafnaði í skaflinum. Gabríel skrikaði fótur og var næstum búinn að missa takið á gluggapóstinum. Við það rann vasaljósið úr greip hans og hafnaði sömuleiðis í skaflinum.



Þannig hékk hann um stund en náði síðan að tylla tánnum á gluggasýlluna. Eftir að hafa kastað mæðinni þröngvaði hann sér inn fyrir. Glugginn rispaði hann á bakinu og Gabríel þurfti að draga inn brjóstkassann og halda niðri í sér andanum til að sitja ekki pikkfastur. Smátt og smátt mjakaðist hann inn fyrir gluggakistuna sem var nú þakin blóðugum fingraförum.

Hann náði betra taki á póstinum til að geta tekið lokahnykkinn í sérkennilegum kollhnís en það tókst ekki betur en svo að hann rak ennið í og endastakkst ofan í baðkerið. Ef honum hefði ekki tekist að bera hendurnar fyrir sig hefði hann líklega stórslasast. Fallið var sársaukafullt en eina hugsunin sem komst að var að finna afa. Gabríel klöngraðist upp úr baðkerinu, lagðist á fjóra fætur í myrkrinu og þreifaði eftir afa sínum. En myrkrið var fullt af tómi. Afi hans var ekki þarna inni. Gabríel fann fyrir þyngslum í höfði og hrópaði örvæntingarfullur:

„Aaafiiii!”

Síðan féll hann í yfirlið.

Umræður/verkefni

1. Hvað er það sem magnar ótta Gabríels í þessu textabroti, tínið til 4–5 atriði?
2. Í þessum kafla er frásögnin mjög nákvæm. Hvaða áhrif hefur þessi nákvæmni á upplifun lesandans?
3. Lýsið atviki og aðstæðum þegar þið voruð hrædd. Munið eftir öllum skilningarvitum.
4. Hvað fannst ykkur um sögubrotin í þessum hluta? Voru þau áhugaverð og skemmtileg? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

3.
HLUTI



Út í heím (og aðra heíma) 2000-2013

Frá árinu 2000 hafa fantasíur, sögur sem gerast á ímynduðum stað og á óraunverulegum tíma, verið mjög vinsælar. Í þessum bókum má greina áhrif frá kvikmyndum og vinsælum erlendum unglingabókum en það sem er sameiginlegt í mörgum þeirra er dulúðin og hið óræða.

Á þessum tíma komu einnig út margar raunsæjar skáldsögur fyrir unglinga þar sem persónurnar virðast raunverulegar og sögurnar gætu hafa gerst.



Ragnheiður Gestsdóttir hefur skrifað margar bækur fyrir börn og unglunga, bæði fantasíur og raunsæjar sögur. Sunna er aðalpersóna sögunnar sem hér fer á eftir. Hún er að ljúka 10. bekk og á leið í framhaldsskóla. Að loknum prófum að vori fer hún í partí og sefur hjá Bigga skólubróður sínum. Sagan er í dagbókarformi.

40 vikur – brot

25. maí

Skólaslitin eru í dag. Hátíðleg athöfn, grunnskólanum lokið. Pabbi og mamma eru að verða tilbúin, en ég stend ennþá fyrir framan klæðaskápinn á nærfötunum og veit ekki í hvað ég á að fara.

– Drífdú þig nú, elskan mín, segir mamma ópolinmóð. – Farðu í dragtina sem ég keypti í London. Þú ert svo fín í henni.

Dragt. Jakki og pils, mamma, ekki dragt.

– Ég er ekki að verða stúdent, mótmæli ég, en fer samt í jakkann og pilsíð sem mamma keypti handa mér fyrir brúðkaup Sollu frænku. Mér finnst ég allt of fín. Sumar stelpurnar verða örugglega bara í gallabuxum.

Það er búið að raða stólum í stóra salinn í skólanum og flestir eru þegar sestir þegar við komum. Ég renni augunum yfir hópinn til að athuga hvort ég sé nokkuð fínust. Nei, sem betur fer eru fleiri stelpur í pilssum eða kjólum. Strákarnir eru flestir í skyrtum og sparibuxum, Gunni er meira að segja í jakkafötum og með bindi. Sumir eru þó í sínum venjulegu gallabuxum og bolum og sitja með þvermóðskusvip við hliðina á þrúðbúnum foreldrum.

Biggi situr við hliðina á grannri konu í ljósri dragt. Hún er mjög dökkhærð eins og hann. Hávaxni maðurinn við hliðina á henni hlýtur að vera pabbi hans. Hann er líka frekar dökkhærður, en farinn að grána í vöngunum. Biggi er í flottum jakka úr mjúku leðri, ekki þeim sama og hann var í um daginn. Um kvöldið. Þetta eru spariföt. Ljósgrá skyrta og dökkar buxur. Vel greiddur. Hann horfir beint fram fyrir sig.

Skólastjórinn heldur hjartnæma ræðu um lífið fram undan, ábyrgð og skyldur og allt þetta venjulega. Hann minnst ekkert á prófsvindl og aflýsingu skólaferðalags. Það er líklega ekki við hæfi núna. Nú eru þau laus við okkur úr skólanum og rifja bara upp góðar minningar, rétt eins og gert er í minningargreinum.

Svo er farið að kalla upp í verðlaunaafhendingar. Mamma situr stíf og spennt í stólnum við hliðina á mér. Ég veit að hún vonast til að ég verði kölluð upp. Hún Sunna hennar, sem er svo dugleg að læra. Pabbi er sallarólegur, lítur á mig með ofurlitlu brosi. Auðvitað yrði hann líka stoltur ef ég fengi verðlaun, en hann er ekkert að búast við því, eins og mamma.

– Sunna Guðmundsdóttir, segir skólastjórinn. Ég tek varla eftir því og mamma gefur mér olnbogaskot. Ég hef þá fengið íslenskuverðlaunin. Nú verð ég að mjaka mér fram hjá öllum í stólaröðinni og ganga upp að ræðupúltinu. Skólastjórinn réttir mér stóra bók – örugglega Ljóðmæli Jónasar Hallgrímssonar eða eitthvað svoleiðis. Hann beygir sig niður og kyssir mig á kinnina. Gamli grís. Það er klappað.

Mamma ljómar eins og sól þegar ég sest aftur í sætið mitt. Pabbi teygir sig yfir til mín og þrýstir höndina á mér. Mér hlýnar að innan. Það er gaman að þau skuli vera glöð.

– Birgir Örn Grímsson!

Biggi fær þá enskuverðlaunin. Það er svo sem ekkert skrytið, þau áttu heima í Bretlandi í mörg ár. Honum stekkur ekki brosi þegar hann gengur upp að ræðupúltinu. Skólastjórinn kyssir hann auðvitað ekki, heldur tekur í höndina á honum og réttir honum þykka orðabók.

Ég veit að ég gæti fengið dönskuverðlaunin og er því spennt þegar kemur að þeim. Það kemur í ljós að við Sigrún höfum verið nákvæmlega jafnar og fáum því báðar verðlaun. Það er auðveldara að fara upp í seinna skiptið og að hafa Sigrúnu við hliðina á sér uppi við ræðupúltið. Við tökum á móti dönskum orðabókum og klappi saman og svo smeygi ég mér aftur í sætið. Nú held ég að mamma ætli hreinlega að springa úr monti og brosið á andliti þabba hefur líka breikkað.

Það er stelpa úr N-bekknunum sem er hæst yfir skólann og strákur úr L-inu sem fær verðlaun fyrir besta árangur í raungreinum. Svo förum við öll upp, eitt og eitt og tökum við umslögunum með einkunnunum. Unnur umsjónarkennari kemur til allra úr bekknum á eftir og faðmar okkur innilega, örugglega himinlifandi að losna við okkur. Hún var nú kannski ekki sem verst, kerlingargreyið.

Frammi í ganginum, framan við salinn, hefur verið dúkað borð, foreldrafélagið býður upp á kaffi og kökur. Ég nær mér í disk og fer í röðina til að næla mér í kökubita. Allt í einu tekur hjartað í mér kipp. Biggi er á leiðinni frá borðinu með kökudisk. Hann verður að ganga fram hjá mér. En hann horfir beint fram fyrir sig, þungbrýnn.

– Til hamingju með verðlaunin, segi ég um leið og jakkaermin hans strýkst við handlegginn á mér.

– Sömuleiðis, umlar hann óskýrt og lágt. Svo er hann farinn.

Hendurnar á mér skjálfa svo að ég er næstum búin að missa súkkulaðikökubitann af kökuspaðanum. Hann kemst samt á diskinn og ég flýti mér frá borðinu. Ég fer fram

að útidyrnum með diskinn. Dyrnar eru opnar og ég anda svölu útiloftinu djúpt að mér. Tárin brenna á bak við augun. Nú er ég alveg viss. Það var bara þetta eina kvöld. Verður aldrei neitt annað.

– Er ekki allt í lagi, Sunna mín?

Það er pabbi. Ég lít upp til hans, brosi, vona að tárin hafi ekki náð út í augnkrókana, að ég sé ekki rauðeygð.

– Jú, auðvitað. Bara svo margt fólk.

– Við skulum fara að drífa okkur. Náum í Lillu og ömmu og förum út að borða. Er það ekki? Svona til að halda upp á árangurinn.

Hann kyssir mig snöggt á kinnina. Góðu, duglegu, litlu stelpuna sína. Ég treð upp í mig súkkulaðikökunni, kyngi, brosi. Þetta er raunveruleikinn. Allt annað var bara draumur. Og nú er hann búinn.

Umræður/verkefni

1. Lýsið líðan Sunnu á útskriftinni og veltið fyrir ykkur hvað veldur.
2. „Ég renni augunum yfir hópinn til að athuga hvort ég sé nokkuð fínust. Nei, sem betur fer eru fleiri stelpur í þilsum eða kjólum. Strákarnir eru flestir í skyrtum og sparibuxum, Gunni er meira að segja í jakkafötum og með bindi. Sumir eru þó í sínum venjulegu gallabuxum og bolum og sitja með þvermóðskusvip við hliðina á prúðbúnum foreldrum.“
(bls. 92)
Hvers vegna haldið þið að sumir sitji með þvermóðskusvip hjá prúðbúnum foreldrum sínum?

12. ágúst

Ég fór snemma að háttá í gærkvöldi og laumaðist til að lesa á pakkann þegar Lilla var sofnuð. Svo beið ég þangað til allt var orðið hljótt í húsinu. Það var eins og kaffibollaglamrið og skvaldrið niðri í eldhúsi ætlaði aldrei að hætta. Loksins heyrði ég marrið í tröppunum þegar afi og amma fóru upp að sofa, svo aftur þegar pabbi og mamma komu upp.

Ég fer varlega fram úr rúminu. Lilla sefur vært í rúminu sem Sara svaf alltaf í þegar hún kom hingað með mér á sumrin. Þetta eru gömlu rúmin sem pabbi og Halli frændi sváfu í þegar þeir voru litlir. Magga og Jóna sváfu í næsta herbergi, þar sem mamma og pabbi sofa núna.

Húsið er gamalt og afi byggði við það þegar hann og amma fluttu hingað fyrir næstum fimmtíu árum. Þá var ekkert bað í húsinu, en hann bætti við forstofu og baðherbergi. Ég þarf að fara niður gamla, bratta og marrandi tréstigann til að komast niður í baðherbergið. Ég tek pakkann varlega upp úr bakpokanum mínum og sting honum inn undir náttfatajakkann minn.

Ég hef gengið og hlaupið upp og niður þennan stiga mörg þúsund sinnum, en núna þegar mér liggur á að muna hvaða tröppum marrar mest í, get ég alls ekki munað það. Ég stíg varlega niður og kippist við þegar hljóðið kemur og virðist bergmála gegnum húsið. Það er ekkert betra að fara hægt, hugsa ég. Kannski er betra að hlaupa bara, þau vakna síður við hávaða sem tekur fljótt af heldur en langdregið marr og ískur. Ég ætla að fara að hlaupa niður stigann þegar ég verð vör við hreyfingu fyrir aftan mig og stirðna upp.

– Sunna mín! Ert þetta þú? Er eitthvað að?

Það er afi. Hann stendur í gættinni og pírir augun fram í rökkrið á stigapallinum.

– Nei, nei, flýti ég mér að svara. Röddin er mjóróma og skrýtin. – Ég þarf bara að fara á klósettið.

Afi býður mér góða nótt og lokar dyrunum inn í svefnherbergið. Ég geng hratt niður á bað.

Ég sest á klósettið og les enn einu sinni á pakkann. Svo bý ég mig undir að fara eftir leiðbeiningunum. Ég fer úr náttbuxunum og stend klofvega yfir klósettskálinni. Ég þarf að hitta á þennan strimil sem síðan á að lesa af. Það væri auðveldara fyrir stráka að gera svona próf. Ef þeir þyrftu á því að halda.

Nokkrir dropar fara á fingurna á mér og nokkrir á klósettsetuna. Ég þurrka upp eftir mig og þvæ mér, fer í buxurnar. Það þarf að bíða í fimm mínútur. Ég loka klósettinu og sest á það. Ég er auðvitað ekki með úrið mitt á mér. Asni get ég verið. Hvernig á ég að vita hvenær tíminn er liðinn?

Ég byrja að telja í huganum. Þúsund og einn, þúsund og tveir, þúsund og þrír ... Nei, ég ruglast svona. Ég verð að telja upphátt. Tuttugu og átta, tuttugu og níu, þrjátíu ... Ég hvísla eins lágt og ég get, en finnst samt að það hljóti að heyrast til mín. Fyrir utan gluggann glittir í rífsberjarunna í rökkriinu. Bráðum tíni amma rífsberin og sýður saft í stóra pottinum, húsið ilmandi, rautt berjatríði á grisjunni þegar hún síar saftina. Blóðrautt hlaupið í glerkrúkkum. Fimmtíu og níu, sextíu. Ein mínúta.

Ég verð farin heim aftur þegar bláberin eru þroskuð. Þúsund og sjö, þúsund



og átta. Ég get næstum fundið ilmínn af lynginu og man hvernig var að sjá bara ber og lyng þegar maður lokaði augunum eftir að tína allan daginn. Borða svo bláber með rjóma og berjaskyr í eldhúsinu hjá ömmu. Þrjátíu og tveir, þrjátíu og þrjár. Lilla er heppin að vera ennþá lítil. Fá að vera hér kyrr svolítið lengur. Kyrr í bláa eldhúsinu, við bláa sjóinn. Berjablá. Tvær mínútur.

Ég reyni að líta ekki á strimilinn, þennan sem á að skipta um lit. Það er ekki að marka ennþá. En það eru ekki liðnar nema þrjár mínútur þegar ég læt undan og laumast til að kíkja. Nei, ekkert. Ég finn hjartað hoppa af fögnuði og reyni að segja sjálfri mér að tímínn sé ekki liðinn, en feginleikínn vill ekki víkja. Hann er svo sterkur að ég neita að trúa mínum eigin augum þegar ég sé röndina koma fram á strimlinum. Fyrst er hún mjög dauf, en smátt og smátt dökknar hún fyrir augunum á mér. Loks lýsir hún framan í mig, fagurblá. Sigrí hrósandi. Jú, víst. Þú ert ólétt. ÞÚ ERT ÓLÉTT!

Umræður/verkefni

1. Hvað fá lesendur að vita um Sunnu og Bigga? Hvernig er þeim lýst?
2. Hvað haldið þið að Sunna geri?

Í bók Margrétar Örnólfsdóttur, *Með heiminn í vasanum* eru tvær aðalpersónur, Ari sem er Íslendingur og lifir í alsnægtum og kínverska stúlkan Jinghua sem starfar í leikfangaverksmiðju í heimalandi sínu. En þrátt fyrir ólíkan uppruna og miklar fjarlægðir liggja leiðir þeirra saman við sérstækar aðstæður.

Með heiminn í vasanum – brot

Kafli 5

Þegar Jinghua kom auga á bréfmíðann á verksmiðjugólfinu var eins og tíminn stöðvaðist á punktinum en þegar hann losnaði aftur úr viðjum gerðist allt á leifturhraða. Á þess að nokkur yrði þess var beygði hún sig snögg og hrifsaði upp míðann. Á meðan hún hugsaði um næsta skref áttaði hún sig á því að hún andaði eins og langhlaupari, púlsinn hafði þotið upp úr öllu valdi og það dunaði fyrir eyrunum á henni. Hún mátti ekki láta taugaveiklunina fá yfirhöndina núna. Það væri hreinn og beinn glæpur að missa af þessu tækifæri, kannski því eina sem gæfist. Skítt með það þó hún yrði staðin að verki. Skítt með það þó að leikfangið lenti í úrtaki hjá gæðaeftirlitinu og yrði rakið aftur til hennar – hún gæti tekið hvaða refsingu sem væri en hún myndi aldrei fyrirgefa sér ef hún klúðraði þessu án þess að hafa að minnsta kosti reynt. Hún kreppti hnefann um litla míðann eins og hann væri hálmstrá sem líf hennar ylti á og velti því fyrir sér hvað hún ætti að gera.

Á borðinu fyrir framan hana lá innvols verðandi leikfangs í ótal pörtum. Hún gæti sett það saman blindandi, það myndi taka hana næsta hálf tímann ef hún væri rösk. Hugur hennar var á fleygiferð og augun hvörfluðu óróleg frá einum hlut yfir á annan. Þetta var það sem henni stóð til boða – þessir hlutir, þessi næsti hálf tími. Það hlaut að vera eitthvað þarna sem hægt væri að nota, hversu ólíklegt sem það kynni að virðast þá þurfti hún bara að koma auga á það. Blek. Hún þurfti blek. Hvað í fjandanum gæti hún notað í staðinn fyrir blek?! Eini vökvinn sem hún hafði við höndina var hreinsivökvinn í litla úðabrusanum. Hann kæmi að engum notum. Ekki heldur límið. Fjórinn! Jinghua var funheitt í framan, blóðið hafði þotið fram í kinnarnar ... blóðið?

Nánast án þess að hugsa sig um stakk Jinghua hnúa litla fingurs vinstri handar upp í sig og beit tönnunum saman eins fast og hún mögulega gat í skinnið.



Sársaukinn var mikill en hún var búin að koma sér upp gulltryggri aðferð til að þola hvað sem var. Hún hugsaði um Li. Hún var ekki að bíta í sitt eigið hold. Hún hafði læst tönnum í Sporðrekann og myndi ekki losa takið fyrir en blóðið spýttist út

Jinghua beit á jaxlinn.

Eitthvað með oddi, eitthvað með oddi ...!

Litla glerplatan sem lagðist yfir það sem Jinghua reiknaði með að væri „heilinn“ í dótinu hafði að vísu ekki mjög hvöss horn en hún yrði að duga. Hún greip plötuna og dýfði endanum titrandi hendi í blóðið. Hún beitti sig hörðu til að stilla höndina og stoppa skjálftann sem stafaði af taugaæsingi. Hún hafði aldrei skrifað svona hratt, aldrei hugsað svona hratt, aldrei gert neitt á slíkum hraða áður. En líf hennar hafði heldur aldrei legið jafn mikið við og á þessari stundu. Táknin drógust upp á miðann næstum eins og einhver annar stjórnaði hendi hennar:

Hjálpl! Ég heiti Jinghua. Ég er 12 ára. Ég bjó þetta leikfang til. Við erum fangar ...

Jinghua hikaði. Það komst ekki mikið meira fyrir á miðanum. Táknin voru ólöguleg en henni virtust þau samt læsileg. Bara að blóðið þornaði nógu fljótt áður en hún bryti miðann saman, annars færi allt í klessu. Hún varð að hreinsa glerið undireins. Hún úðaði í fátí úr brúsanum og bældi niður hnerra þegar úðinn smaug upp í nefið á henni. Hún vildi ekki fyrir nokkurn mun draga að sér athygli.

Pússa, pússa, pússa ...

Þá laust allt í einu lamandi hugsun niður í huga hennar. Hvað ef leikfangið lenti hjá einhverjum sem kynni ekki að lesa? Nei, svona dýr leikföng fóru varla til ómenntaðs fólks en ... hvað þá ef sá sem fengi það skildi ekki kínversku? Vonleysið helltist yfir hana og um leið varð hún þess vör að Bai var á leiðinni í áttina til hennar, að vísu á sínum skjaldbökuhraða, það tæki hann eina til tvær mínútur að komast að borðinu hennar, en hann nálgast engu að síður stöðugt. Hann myndi sjá allt, rífa af henni miðann, draga hana fyrir verksmiðjustjóran ...

Jinghua kunni lítið sem ekkert í ensku eða neinu útlensku tungumáli en hún hafði lært að draga vestræna stafi og hún kunni eitt sem hún ákvað að yrði að duga: SOS!

ákveðin
dugleg
vinnusöm
úrræðagóð
útsjónarsöm
reið
greind
hefnigjörn
heftúðug
hörð af sér
þrautseig
full baráttuvilja
viljaprek
kjörkuð
hugrökk
sorgmædd
leið
full söknuðar

Umræður/verkefni

1. Hvernig persóna virðist Jinghua vera? Nýtið ykkur orðin og orðasamböndin í belgnum hér til hliðar og lýsið henni í einni efnisgrein, u.p.b. 100 orðum.

Kafli 6 – brot

Ef hægt var að segja um einhvern að hann hefði nánast verið alinn upp í formlegum matarboðum þá var það Ari. Það var aldrei neitt vandamál. Hann kom alltaf vel fyrir, var sjálfum sér nógur en líka fær um að halda uppi samræðum ef svo bar undir. Ari talaði fjölda tungumála reiprennandi, þar á meðal japönsku, rússnesku og arabísku svo foreldrar hans þurftu ekki að hafa neitt fyrir honum.

Þegar hann var yngri hafði hann yfirleitt miðað út þann skrýtnasta í hópnum, þann sem af einhverjum ástæðum skar sig úr og var því hálfvegis utanveltu í samkvæminu, og tekið hann í eins konar gíslingu. Þannig hafði hann nokkrum árum áður setið heilt kvöld yfir skák á móti eldgömlum svissneskum nóbelsverðlaunahafa í eðlisfræði. Kallinn var orðinn hálfheyrnarlaus og þess vegna gáfust flestir fljótlega upp á því að reyna að tala við hann en það skipti engu máli í skákinni. Viðureignin var hörkuspenningandi en Ari varð samt að játa sig sigraðan á endanum. Ekki svo slæmt að tapa naumlega fyrir nóbelsverðlaunahafa!

Því miður var það samt frekar undantekning að þeir sem foreldrar hans buðu heim væru sérlega skemmtilegir. Það var ekkert sem benti til þess að þetta kvöld yrði eitthvað öðruvísi og það sem verra var, að þessu sinni ætti hann erfiðara með að láta sig hverfa hljóðlega eins og hann hafði komist upp á lagið með að gera, því til þess var ætlast að hann héldi einhverjum kínverskum strák selskap. Hann kveið fyrir kvöldinu. Þetta voru alltaf þreytandi boð þar sem einhverjum vandræðalegum krakka var ýtt í áttina til hans með orðunum:

Viltu ekki sýna gestinum herbergið þitt, Ari?

Hann hafði ekki tölu á því hversu margir höfðu fengið að skoða herbergið hans. Venjulega afgreiddi hann málið snyrtilega með því að finna tölvuleik eða einhverja aðra afþreyingu við hæfi fyrir viðkomandi svo hann losnaði undan því að halda uppi samræðum allt kvöldið. Vonandi yrði sá kínverski auðveldur viðureignar því auk þess að nenna ekki að vera einhver barnapía var Ari að vonast eftir að fá tækifæri til að spjalla svolítið við Finn.

Finnur var hægri hönd Jónasar*, hans nánasti samstarfsmaður og ómissandi í rekstri samsteypunnar. Ara fannst alltaf gaman að hitta Finn. Finnur kom fram við hann eins og jafningja og deildi auk þess áhuga hans á tölvuleikjum, enda nokkuð yngri en Jónas og svona allur nútímalegri í hugsun, fannst Ara. Ari hafði vonað að Finnur kæmi svolítið á undan gestunum en þar sem hann fylgdi Kínverjunum um allt á meðan þeir voru á Íslandi varð honum ekki að ósk sinni.

Um leið og Jónas leiddi gestina inn í gríðarstóra stofuna þar sem lofthæðin var rúmir fjórir metrar kvað við aðdáunar- og undrunarkliður. Það voru ekki óvanaleg viðbrögð. Stofan var sérlega falleg. Húsgögnin voru fá og vönduð. Á gólfinu lágu nokkur

*Jónas og Sara eru foreldrar Ara.

gömul en bráðfalleg marokkósk teppi í hlýlegum litum og á veggjunum var áhrifamikið úrval af nútímamyndlist. Ara leið alltaf svolítið eins og gesti í þessari stofu, hún var nánast ekkert notuð hversdags.

Hann stóð við stóran arininn sem skíðlogaði í og beið þess að verða kynntur. Augun hvörfluðu að tómlegu málverki, risastórum hvítum fleka sem ekkert sást á nema ein dauf lína þvert yfir strigann. Ara fannst þetta tilgerðarlegasta listaverk sem hann hafði séð. Háværar hlátursrokur kváðu við frá hópnum sem hafði þokast inn í miðja stofuna. Ennþá gat hann ekki greint eina persónu frá annarri, þetta voru allt karlmenn, allir svarthærðir, allir kínverskir, hvar var strákurinn? Ari gat ekki séð að neinn af Kínverjunum væri á unglingsaldri. Kannski var þetta misskilningur og sonurinn var fimmtugur en ekki fimmtán! Ætli hann þyrfti samt sem áður að sýna honum herbergið sitt?

Finnur stóð við hlið Jónasar með hendur fyrir aftan bak og hallaði sposkur undir flatt. Þegar hann kom auga á Ara tók hann sig út úr hópnum og gekk hröðum skrefum yfir til hans. Hann hreyfði sig af svo strákslegri snerpu að það var eins og stífpressuð jakkafötin væru hlaupagalli. Ari dáðist að því hvað hann var öruggur með sig og laus við alla tilgerð sem ein-kenndi svo margt fullorðið fólk. Þeir smelltu saman lófum í loftinu um leið og þeir mættust.

Hvað segir gaurinn?! Með mörg morð á samviskunni síðan við hittumst síðast?

Finnur lagði aðra höndina á öxl Ara og hnyklaði brýnnar.

Já, en þetta var mannlegt sorp, heimurinn er bara betri á eftir, svaraði Ari svekkaldur. Finnur hló lágt og kinkaði kolli eins og hann skildi fullkomlega hvað hann ætti við.

Ertu búinn að tékka eitthvað á *WuX*. spurði Ari ákafur.

Hann hafði ekki hitt Finn lengi og brann í skinninu að vita hvort hann hefði fallið fyrir netleiknum *World of WuXing* líkt og hann sjálfur. Hann var að vona að svo væri svo hann hefði einhvern til að spjalla við um leikinn.

Já, *World of WuXing* ... Finnur yppti öxlum og brosti lítið eitt.

Ekki sem verst. Svólítið hæg framvinda fyrir minn smekk en ...

Þá ertu ekki að spila rétt! greip Ari æstur fram í fyrir honum, maður getur alveg ráðið hraðanum.

Fólk er alltof mikið að hanga á barnum og spjalla þarna, sagði Finnur.

Ertu búinn að skapa þér karakter, eða ertu ennþá með þufukarakter? spurði Ari en fékk aldrei svarið því Jónas var kominn með gestina til að kynna Ara fyrir þeim.

Herra Nianzu samræmdu engan veginn þeim hugmyndum sem fólk gerði sér almennt um Kínverja. Hávaxinn og þrekinn með svo svipmikið og teygjanlegt andlit að það virtist vera úr mjúku gúmmíi. Undir stríðum svargráum lubbanum ljómuðu óvenjustór augu af eðlislægri kátínu sem gerði það að verkum að maður tók varla eftir þrútnum pokunum sem héngu undir þeim eins og **hes** á meðalstórum froski. Ara fannst hann gnæfa yfir sig þegar hann staðnæmdu fyrir framan hann.

Ari, sonur minn – herra Nianzu ... sagði Jónas en herra Nianzu greip fram í fyrir honum.

Kallaðu mig endilega Eddie! Við erum góðir vinir, þú og ég, sagði hann hljóm-mikilli bassaröddu og skellihló um leið og hann klappaði Jónasi næstum harkalega á herðarnar.

Af einhverjum ástæðum kunni Ari undireins vel við þennan stóra mann. Hann var ekki þessi pinnstífa bisnesstýpa sem hann hafði svo oft þurft að hrista spaðann á og sitja til borðs með. Eddie starði athugull á Ara og vægt undrunarbros lék um þykkar varirnar.

Ari, sagði hann eins og hann væri að prófa hvernig nafnið færi í munni.

Afar áhugavert ... en hvar er sonur minn?! hrópaði hann skyndilega og í framhaldinu fylgdi sama spurning á kínversku sem beint var til fylgdarmannanna þriggja.

...

Þarna er hann, einkasonur minn! Komdu hingað, Renshu, og heilsaðu okkar æruverðugu gestgjöfum.

Renshu virtist taka út fyrir hvert skref líkt og hann gengi til móts við dauða sinn. Hann var klæddur eins og japönsk poppstjarna í tíunda veldi. Án þess að ráða við það fann Ari öfundarbylgju fara í gegnum sig yfir mikilfenglegum hárvexti unga Kínverjans. Hann var með nokkra skærbláa lokka í svörtu hálsíðu hárinu sem virtist vaxa náttúrulega upp í töffaralegan kamb og féll svo eins og svartur foss og huldi hálf andlitið. Ari sá þó nógu mikið til að vita að ef hann hafði einhvern tíma séð fýlulegra andlit þá var hann búinn að gleyma því.

Renshu horfði af fullkomnu áhugaleysi á Ara. Honum virtist hvorki bregða né vera skemmt að hitta sköllóttan jafnaldra*. Honum virtist ekki geta staðið meira á sama. Eddie hálfdró hann í átt til Ara.

Þið tveir. Góðir vinir eins og pabbarnir!

Eddie hló hjartanlega og benti viðstöddum á unglingana tvo sem búið var að stilla upp hvorum á móti öðrum, nauðugum viljugum.

Jónas! Þetta erum við fyrir mörgum, mörgum árum!

Jónas kinkaði kalli brosandí undir hláturkór Kínverjanna og þar með var athyglin sem Ari og Renshu fengju þetta kvöld nokkurn veginn uppurin. Þess var vænst að Ari sæi um framhaldið. Hann brann í skinninu.

Herbergi Ara líktist eiginlega meira meðalstórri einstaklingsíbúð en unglingaherbergi. Hann hafði sitt eigið baðherbergi sem hefði sómt sér í hvaða lúxusvillu sem var. Það var vítt til veggja og hægt að ganga beint út á rúmgóða verönd í garðinum. Það var í raun fátt sem strákur á hans aldri gæti hugsanlega þráð að eignast sem ekki fannst í þessu herbergi. Samt sem áður var eins og ekkert veki nokkurn einasta áhuga

*Ari er sköllóttur vegna sjálfsöfnæmis.

Renshus. Hann lét augun reika um innviðina án þess að þau festust á nokkrum hlut, gekk síðan að uppbúnu rúminu, settist þar eins og klessa í of stórum fötum og lak af honum ólundin. Ari stóð úti á miðju gólfi og vissi ekki hvað hann átti að gera.

Renshu hafði romsað upp úr sér formlegri kveðju í kynningunni í stofunni um leið og hann afhenti Ara gjöf:

Til merkis um þakklæti fyrir þá virðingu og gestrisni sem okkur er sýnd með því að vera boðið að heimsækja þetta fallega og ríkmannlega heimili.

Glætan að honum sjálfum hafi dottið þessi þakkarræða í hug! Enda var hann á svipinn eins og það væri óbragð af orðunum um leið og hann skyrpti þeim út úr sér. Þú talar góða ensku, sagði Ari til að segja eitthvað, fannst það samt hljóma asnalega eins og hann væri fullorðinn að tala við ókunnugt barn.

Pabbi er frá Hong Kong. Það tala allir ensku þar, hálfhreytti Renshu út úr sér eins og Ari væri algjört fífl og tók svo til við að þegja á ný.

Ari sá að hann neyddist til að finna upp á einhverju nýju, þó að hann hefði illan grun um að það væri sama hvað hann segði, Renshu væri líklegur til að afgreiða allt með **sleggjudómum**. Hann mundi allt í einu eftir gjöfinni sem hann hélt á undir hendinni.

Takk fyrir þakkann. Á ég að opna hann?

Renshu yppti annarri öxlinni og leit áhugalaus í kringum sig til að gefa til kynna að honum stæði fullkomlega á sama um það hvað Ari gerði.

Ari lagði svartlakkaðan kassann á skrifborðið, leysti rauðan silkiborðann sem var bundinn utan um og lyfti lokinu af. Skínandi hlutur kom í ljós. Ofan frá séð hefði mátt halda að þetta væri risavaxin dropalöguð brjóstnæla alsett demöntum, mörgum smáum hvítum og tveimur stórum rúbínnum sem sátu nálægt hvor öðrum við mjóendann, en þegar hann dró hlutinn upp var strax ljóst hvað hér var á ferðinni. Þetta var risakónguló. Grannir fæturnir gáfu eftir með þokkafullri sveigju í liðamótunum þegar Ari lagði hana á borðið og hún tók á sig furðu sannfærandi mynd áttfætlunnar. Ari gat ekki annað en dáðst að hönnuninni en fannst samt að fyrirbærið ætti frekar heima í stelpuherbergi, sem einhvers konar skrautmunur uppi á hillu.

Kúl, sagði hann samt fyrir kurteisissakir. Takk.

Renshu leit á kóngulóna af sama skeytingarleysinu og á allt annað.

Það er fjarstýring.

Ari leit hissa á hann en Renshu var farinn að glápa út í bláinn á ný. Í slíðri í kassalokinu var flatur hlutur, lítið stærri en kreditkort. Ari tók hann upp og velti milli fingra sér. Á öðrum enda spjaldsins var mynd af fingrafari, líka hinum megin beint á móti. Ari áttaði sig ekki á þessu. Renshu tók eftir vandræðaganginum og stóð treglega á fætur, dæsti eins og hann þyrfti alltaf að gera allt. Hann hrifsaði spjaldið úr höndum Ara og hélt því milli tveggja fingra, vísifingurs og þumalfingurs þar sem fingraförin voru.

Augnablik horfðust þeir í augu, Ari og Renshu, án þess að nokkuð annað gerðist. Ara fannst það óþægilegt en lét sig hafa það, hann ætlaði ekki að láta þennan hundshaus taka sig á taugum. Allt í einu ljómaði kortið upp, eins og Renshu hefði blásið í það lífi með fingrunum. Renshu fleygði því í átt til Ara svo hann þurfti að grípa það á lofti.

Þetta er varmaknúin fjarstýring. Fyrirtækið hans þabba framleiðir þetta. Hefurðu aldrei séð svona, eða hvað? Djöfull eruð þið alltaf á eftir hérna í Evrópu, þið eruð eins og á steinöld í samanburði við okkur.

Ara líkaði æ verr við þennan hrokafulla gest en fjarstýringin vakti samt ósvikinn áhuga hans. Þótt yfirborðið væri lítið virtist þetta vera fullkominn snertiskjár. Ari hafði furða sig á því þegar hann leitaði að fjarstýringunni í kassanum að ekki fylgdi neinn leiðbeiningabæklingur en nú vissi hann hvers vegna – leiðbeiningarnar voru í fjarstýringunni. Ari hafði í raun miklu meiri áhuga á fjarstýringunni en leikfanginu sem hún fylgdi. Hann hafði átt allar hugsanlegar gerðir fjarstýrðra leikfanga og var löngu hættur að leika sér með svoleiðis. Það var samt spennandi að sjá hvernig þessi nýstárlega fjarstýring virkaði.

Í þann mund sem hann ætlaði að prófa að senda kóngulónni skipun um að hreyfa sig úr stað var kallað á þá Renshu í mat. Það kom því ekki í ljós fyrr en síðar, sem tilfellið var, að þessi tígulega kónguló var ófær um að gera nokkurn skapaðan hlut annað en að standa hreyfingarlaus og glitrandi á sínum átta fokdýru fótum þar sem hún hafði verið sett niður – hvað sem öllum tækniframförum leið var hún alveg steindauð.

Ari gafst upp á því að reyna að halda uppi samræðum við Renshu, það var vonlaust. Finnur sat við hinn enda langborðsins með foreldrum Ara og Eddie en unglingarnir voru hafðir við óæðri endann með kínverska fylgdarliðinu. Ari vonaði að samkvæmið tæki fljótt enda svo hann gæti snúið sér að einhverju sem skipti máli. Eins og WuX, hann hafði ekki náð svo mikið sem að kíkja inn í allan dag.

Umræður/verkefni

1. Hvert er sjónarhorn sögumannsins í þessum kafla?
2. Hvernig koma strákarnir, Ari og Renshu, ykkur fyrir sjónir? Hvað eiga þeir sameiginlegt og hvað ekki? Skrifid lýsingu á þeim.
3. Kóngulóin virðist skipta máli í sögunni? Hvert haldið þið að það sé?
4. Hvað með tölvuleikinn? Teljið þið að hann hafi einnig sérstöku hlutverki að gegna?
5. Skrifid handrit um samskipti strákanna og leiklesið síðan. Takið eftir allri tjáningu þeirra, ekki eingöngu því sem þeir segja.

Binnabálgur

Alltaf hangir inni
aðgerðalausí Binni
og situr í tíu tíma
við tölvuna að glíma
við ófreskjur ímyndaðar
einhvers staðar
á varhugaverðri slóð
í **vígamóð**.

Illu karla alla
þar inni lætur falla,
vampírur og vofur fá
vönsku hans að kenna á,
hann berst við brynjuð tröll
og brytjar þau niður öll,
stóran og **ramman** rísa
ræður hann við án slysa.

Hann fer bara að hlæja
hitti hann **samúræja**
með hróp sín hatri **þrungin**,
hann fær spark í punginn,
ljóta og leiða skessu
lemur hann í klessu,
varúlfa vekur af dvalanum
og vefur um þá halanum.

Fólk segir hann vera veikan
að vilja ekki raunveruleikann
en lifa í hugarheimi
sem hetja á sveimi
þar sem gervigreindin snjöll
gnæfir yfir dal og fjöll
og ýmsa illsku skapar
sem ævinlega tapar.

En heimurinn okkar hinna
er helmingi verri en Binna
með óvini illa og digra
sem engin leið er að sigra
og úrval af alls kyns þrjótum
sem eru seint á fótum
og vissara er að varast
vilji menn ekki farast.

Varla mun heldur vanta
viðskotaila fanta
sem rota menn og **rýja**
reyni þeir ekki að flýja
og böðlar langt úti í löndum,
löðrandi í blóði upp að höndum,
á þjáðar þjóðir herja
og þýðir ekki að berjja.

En í tölvunni er frið að finna.
Þar fær maður að vinna.

Davíð Þór Jónsson

Umræður/verkefni

1. Í ljóðinu eru tveir heimar bornir saman. Hvaða heimar eru það, hvernig eru þeir og að hvaða niðurstöðu kemst ljóðmælandi?
2. Hvernig túlkið þið ljóðið? Hver er boðskapur þess?

vígamóður – brjálæði sem rennur á menn í bardögum svo þeir höggva og drepa allt sem fyrir verður
rammur – sterkur

samúræi – japanskur hermaður
þrunginn af e-u – að vera fullur af e-u
viðskotailur – erfiður viðureignar, erfiður í samskiptum
rýja (hér) e-n – stela af honum öllu sem hann á.

Jón Gnarr segir frá uppvaxtarárum sínum í Fossvogi í skáldaðri ævisögu sinni *Indjánanum*. Í þessu textabroti fjallar hann um líðan sína í skólanum og samskipti við skólafélagana og kennara.

Indjáninn

SKÓLINN MINN HEITIR FOXVOXSKÓLI. Mér finnst ekkert rosalega gaman í skólanum. Mér finnst erfitt að sitja kjurr. Ég get setið í smástund en svo verð ég að hreyfa mig eða skipta um stellingu. Mér finnst líka erfitt að fá ekki að tala eins og ég vil.

Mér finnst gaman í heimakrök. Þá fer allur bekkurinn inn í sína stofu. Þá sitjum við á mjúkum pullum og kennarinn talar við okkur og spyr okkur spurninga. Þá fæ ég oft að tala. Mér finnst gaman að tala og segja skemmtilegar sögur. Stundum verð ég að tala. Þá gríp ég fram í. Mér finnst líka gaman að segja aftur eitthvert orð sem einhver annar var að segja. En ég segi það aðeins öðruvísi. Mér finnst líka gaman að ríma orð. Ef einhver segir skrítið orð þá ríma ég annað orð við það. Ef einhver segir til dæmis „strokleður“, þá segi ég kannski „lokfleður“.

Flest rímorðin eru bull en ekki alltaf. Ef einhver segir „tré“ þá segi ég kannski „hné“.

Sum orð finnst mér líka bara gaman að segja aftur og aftur og finna hvernig þau hljóma. Mér finnst „labbakútur“ til dæmis mjög skemmtilegt orð. Ég verð aldrei leiður á að segja það.

Kennarinn minn segir að það sé þvaður. Henni finnst ekki gaman þegar ég ríma eða endurtek orð. Hún heldur að ég sé að stríða. En ég er ekki að gera það. Ég veit ekki af hverju ég geri þetta. Ég geri þetta ósjálfrátt. Mér finnst það gaman. Ég verð að segja það upphátt til að það hætti því annars er eins og það sé fast inni í hausnum á mér og ég er alltaf að hugsa um það og segja það aftur og aftur í huganum. En það er asnalegt og þess vegna læt ég eins og ég sé að grínast viljandi.

Ég hef líka búið til orð sem eru ekki til og þýða ekki neitt. Djarídosta er eitt orðið. Splúndrens er annað. Ég segi þau stundum þegar ég veit ekki hvað ég á að segja.

- Jón, hvað er viðtengingarháttur?
- Ehh, splúndrens?
- Hættu þessu bulli!
- Djarídosta?
- Jón, eftir hvern er ljóðið Á Sprengisandi?
- Gumma Guðbrands?

Þá fara allir að hlæja. Það er betra að vera skemmtilegur en vitlaus.

Stundum spyr kennarinn bekkinn spurninga sem enginn veit svarið við nema ég.

Það finnst mér mjög gaman.

– Krakkar, vitið þið hvað afkvæmi bjarnarins heitir?

Nokkrir rétta upp hönd. Ég líka.

– Hvolpar?

Kennarinn hristir höfuðið.

– Bjarnarungar?

– Nei.

Loks kemur að mér. Kennarinn lítur á mig og kinkar kalli.

– Hurðarhúnar!

Allir fara að hlæja. Þetta var mjög fyndið. En þetta er líka rétt. Þeir heita húnar. Mér finnst gaman að blanda svona saman orðum og búa til bull.

Kennarinn brosir og kinkar kalli. Hún heitir Svandís og er mjög ströng. Stundum klípur hún mig með nöglunum í hálsinn þegar ég er óþekkur. Hún er samt alveg ágæt. Ég passa mig að stríða henni ekki.

Sumum kennurunum er gaman að stríða. Mér finnst gaman að snúa út úr. Sumir kennararnir eru líka leiðinlegir.

Einu sinni var ég að segja sögu um lítinn strák sem pissaði á sig áður en hann komst á klósettið.

– Pissaði hann í sig? spurði kennarinn.

Ég sagði henni að maður segi ekki að einhver pissi í sig. Það er ekki hægt að pissa inn í sig. Maður getur bara pissað á sig. Hún varð mjög reið og sagði að ég væri **hortugur**. En ég var það ekkert. Ég veit að maður á ekki að **brúka munn** við fullorðið fólk.

Þegar ég var lítill var ég stundum að fela mig fyrir kennurum. Þá hljóp ég eitthvað og faldi mig. Það var mjög gaman en ég er vaxinn upp úr því núna. Ég er ekki eins óþekkur og ég var. Mér líður líka ekki eins illa og mér leið þá. Þá átti ég enga vini og var hræddur við aðra krakka.

Þegar ég byrjaði fyrst í skólanum hélt ég að ég myndi deyja. Mamma þurfti að fara með mig á hverjum morgni því ég vildi ekki fara. Ég var svo hræddur. En svo fór mér smátt og smátt að líða betur. Ég kynntist krökkunum og komst að því að flest þeirra eru ágæt. Samt eru nokkrir eldri strákar sem eru leiðinlegir og stríða mér í frímínútum. Þeir elta mig líka stundum heim og kalla mig Rauðskalla Brennivínsson.

Oft veit ég að þeir eiga eftir að elta mig heim. Þá undirbý ég mig stundum og er með stóra steina í vösunum. Og þegar þeir koma og byrja að stríða mér þá reyni ég að henda þeim í hausinn á þeim. Þá verða þeir hræddir og hlaupa burt og æpa:

– Hann er brjáláður, hann er brjáláður!

Ég hef samt aldrei hitt í neinn. Ég er meira að hræða þá.

Stundum lenti ég í slag. En það er samt enginn sem kýlir. Það eru bara áflog. Mig langar ekki að meiða neinn, nema þegar ég er mjög reiður.

Ég hef bara einu sinni meitt strák í skólanum viljandi. Það var strákur sem var alltaf að stríða mér, hrinda mér og fella mig og kalla mig Rauðskalla Brennivínsson. Hann stríddi mér í frímínútum og elti mig stundum heim og reyndi oft að fella mig þegar við mættumst á skólagöngunum. Hann er tveimur árum eldri en ég. Öllum finnst hann leiðinlegur.

Skömmu áður hafði ég handleggsbrotnað á hjólinu mínu. Ég var nýbúinn að fá hraðamæli og ég var að reyna að setja hraðamet og hjólaði svo hratt niður bratta brekku að ég missti stjórn á hjólinu og lenti á staur.

Ég þurfti að fara á Slysavarðstofuna og fá gífs.

Strákurinn kom til mín í frímínútum og vildi fá að skoða gífsið. Þegar hann var kominn alveg upp að mér þá lamdi ég hann af alefli í hausinn með gífsinu.

Hann fór að grenja. Það var gott á hann. Mér fannst gaman að sjá hann grenja. Hann var svo oft búinn að vera leiðinlegur við mig. Hann ætlaði að ráðast á mig en þá kom kennari og tók í hnakkadrambið á honum og fór með hann til skólastjórans.

Eftir smástund kom kennarinn svo aftur og náði í mig og fór með mig til skólastjórans. Skólastjórinn lét mig biðja strákinn afsökunar á að hafa lamið hann og lét hann svo biðja mig afsökunar á að hafa strítt mér og lofa að gera það aldrei aftur. Hann stóð við það. Ég var líka búinn að sjá hann grenja. Það er ekki hægt að stríða einhverjum sem hefur séð mann grenja.

Ég fer oft til skólastjórans. Kennararnir fara með mig þangað þegar þeir eru alveg búnir að gefast upp á mér. Stundum þarf ég líka að fara til hans þó ég hafi ekki gert neitt af mér. En það er allt í lagi því skólastjórinn er góður. Hann skammar mig aldrei. Hann talar bara rólega við mig. Stundum gefur hann mér kókómjólk og jafnvel prins póló.

Ég hef einu sinni meitt kennara. Það var samt alveg óvart. Það var þegar ég var lítill. Ég var að fela mig og klifraði upp á stóra hillu sem var fyrir ofan dyr. Ég ímyndaði mér að ég væri indjáni sem lægi í leyni og kennarinn væri kabboji sem myndi drepa mig ef hann fyndi mig.



Kennarinn gekk um allan skólann þveran og endilangan og leitaði að mér og kallaði á mig. Hún er kona og var með sítt, hrafnsvart hár sem náði henni alveg niður á rass.

Ég var líka að stríða henni með því að svara henni stundum.

– Ég er hérna, inni í heimakrók!

Svo hélt ég niðri í mér hlátrinum þegar hún kom. Ég sá hana en hún sá ekki mig. Hún leit aldrei upp. Og í eitt skiptið þegar hún labbaði gegnum dyrnar stökk ég niður á hana.

Ég veit ekki hvað gerðist. Ég gerði þetta án þess að hugsa. Ég ætlaði bara að bregða henni. En hún var miklu aumari en ég hélt. Ég datt á hana og svo aftur fyrir mig. Í fallinu fálmaði ég út í loftið og greip í hárið á henni. Við duttum bæði í gólfíð.

Ég meiddi hana. Hún þurfti að vera með kruga um hálsinn. Þá varð skólastjórinn reiður við mig. Hann sagði að hún hefði verið heppin að hálsbrotna ekki. Ég sá svo eftir þessu að ég fór að hágráta. Ég bað hana fyrirgefningar. Ég ætlaði ekki að meiða hana.

Ég geri svo oft eitthvað sem ég sé svo eftir. Ég veit ekki af hverju ég geri það. Fyrst er ég að hugsa eitthvað og svo er eins og ég sé ekki að hugsa neitt og allt í einu er ég búinn að gera eitthvað. Og stundum er einhver reiður út í mig og þá fer ég að gráta af því að ég sé eftir því.

Ég á enga óvini í skólanum. Ég stríði ekki. Það er oft mikið strítt í frímínútum. Það er alltaf verið að stríða sömu krökkunum. Það eru krakkar sem eru skrítnir, haga sér skringilega eða klæða sig einhvern veginn asnalega.

Umræður/verkefni

1. Sögumanni finnst gaman að búa til bullorð sem ýmist eru algert bull eða hafa í sér ákveðna merkingu. Reynið nú fyrir ykkur og búið til eða rifjið upp nokkur bullorð.
2. Hvert er sjónarhorn sögumannsins og hvernig kynnist lesandinn honum?
3. Sögumanni líður ekki alltaf vel í skólanum. Hvar í textanum má sjá það? Finnið dæmi máli ykkar til stuðnings.
4. „Ég á enga óvini í skólanum. Ég stríði ekki. Það er oft mikið strítt í frímínútum. Það er alltaf verið að stríða sömu krökkunum. Það eru krakkar sem eru skrítnir, haga sér skringilega eða klæða sig einhvern veginn asnalega.“ Er lífið í skólanum svona? Ef svo er, eruð þið þá sammála þessu? Er hægt að breyta þessu?

Birgitta Elín Hassel og Marta Hlín Magnadóttir hafa skapað dulúðlegt sögusvið *Rökkurhæða*. Rökkurhæðir eru í úthverfi borgarinnar Sunnuvíkur, algjört draumhverfi í augum aðkomufólks. Þar virðist allt vera með kyrrum kjörum á yfirborðinu en svo fara að gerast þar undarlegir atburðir.

Rökkurhæðir – brot

Í upphafi var hverfið lítið þorp sem kúrði í skjóli hæðarinnar sem það dregur nafn sitt af. Í dag er þetta litla þorp uppistaðan í gamla hluta Rökkurhæða þar sem hlykkjóttar götur vefja sig utan um misjafnlega skökk hús, flest hulin háum trjám sem veita skjól fyrir veðri og vindum.

Nýi hlutinn er algjör andstæða. Þó að einbýlis- og raðhúsin þar séu lágreist veita trén þeim enga forsælu þegar sólin skín miskunnarlaust og ekki veitir Hæðin þeim nokkurt skjól.

Fjölbýlishúsin, sem standa neðst í hlíðum Rökkurhæða, kallast Skuggadalir. Þau bera nafn með rentu því þau standa í skugga næstum allan daginn, allan ársins hring.

Efst á Hæðinni standa Rústirnar. Áður var þetta nýjasti анги hverfisins þar sem stóðu vegleg blokkarlengja og vísir að stórum einbýlishúsum með útsýni yfir hverfið og fjörðinn. Í dag eru þarna rústir einar sem náttúran keppist við að ná aftur í faðm sinn. Stundum hvíslar fullorðna fólkið sín á milli um það sem á að hafa gerst þar – yfirnáttúrulegir atburðir segja sumir, hryðjuverk segja aðrir – en enginn veit það með vissu.

Að minnsta kosti ekki krakkarnir.

Upphátt talar fólk ekki um Rústirnar nema til að banna krökkunum sínum að fara þangað en þeir óhlyðnast því flestir og stelast uppeftir.

Það er ýmislegt á seyði í Rökkurhæðum.

Sumt harla ótrúlegt.

Sumt heldur óhugnanlegt.

Sumt hræðilegt ...



5. kafli

Það gat pirrað Ingibjörgu óstjórnlega hvað foreldrum hennar þótti sjálfsgagt að hún tæki fullan þátt í öllu sem sneri að heimilislífinu í Daggartúni 8. Pabbi rauk vanalega út fyrstur á morgnana, mamma komin með Þratarungann á handlegginn og á endanum var það oftast Ingibjörg sem lenti í að koma systrunum í útiföt og út úr húsi.

Innst inni var hún samt þakklát því að eftir að Hekla og Katla fæddust var orðið miklu léttara yfir mömmu og pabba. Á tímabili hafði Ingibjörg verið dauðhrædd um að þau væru á leiðinni að skilja, þau rifust sífellt og skilnaðir virtust vera í tísku hjá foreldrum vinkvenna hennar.

Þegar mamma varð ólétt fóru þau pabbi að láta eins og ástfangnir unglingar (ekki að hún sjálf myndi nokkru sinni láta svona!) og andrúmsloftið gjörbreyttist. Þó að þau fengju tvíbura í hendurnar þá létu þau það ekki duga! Einn daginn þegar Ingibjörg hafði verið að passa stelpurnar hafði pabbi komið hlaupandi inn úr dyrunum brosandí út að eyrum:

„Það sést pínulítið typpi!“ sagði hann sigri hrósandi og veifaði óskýrri svarthvítri mynd. Eins gott að Kristín var ekki með henni!

Heimilið hafði tekið stakkaskiptum á ótrúlega stuttum tíma. Pabbi hélt áfram að vinna mikið en reyndi að skipuleggja sig betur eftir að fjölskyldan stækkaði um þrjá á jafnmörgum árum. Þó að mamma væri heimavinnandi fannst þeim það sjálfsgaðasti hlutur í heimi að Ingibjörg tæki að sér að vera þriðja foreldrið.

„Drífa sig stelpur!“ sagði Ingibjörg óþolinmóð þó að hún vissi að það þýddi lítið. Katla, sem var venjulega kátust á morgnana, vaknaði pirruð og versnaði bara. Hún trylltist þegar Ingibjörg reyndi að taka af henni húfuna við morgunverðarborðið og þusaði og nöldraði svo alla leiðina í leikskólann. Ingibjörg var dauðfegin þegar hún gat skilið systurnar eftir á leikskólanum og hljóp af stað til að ná tímanlega í skólann.


Inni í íslenskustofunni var allt í uppnámi og hver talaði ofan í annan. Ingibjörg var fljót að koma auga á ljósrauðu, allt í lagi – kastaníubrónu, krullurnar hennar Kristínar í hrúgunni og dreif sig þangað.

„Hann handleggsbrotnaði á báðum sagði Kristófer hátt, „hann datt niður stiga.“

„Já einmitt, ætli pabbi hans hafi kannski hjálpað honum!“ galaði Ragnar Orri yfir alla.

„Ég heyrði að hann hefði brennt sig svona illa,“ sagði Vigdís lágt, en hún var sjálf nýlega komin heim úr langri sjúkrahúslegu. Hún var ekki mikið fyrir athygli en enn minna fyrir bull og vitleysu. „Ótrúleg óheppni samt að brenna sig svona á báðum höndum.“

„Einhver strákur í fjórða bekk sem er með sáraumbúðir á báðum höndum,“ hvíslaði Kristín hratt í eyrað á Ingibjörgu því í sama mund hringdi bjallan og kennarinn stormaði inn.



Þratarunginn er litli bróðir Ingibjargar sem heitir Þratarur.

„Jæja krakkar, allir í sætin sín, nema þeir sem treysta sér til að stýra hérna áttatíu mínútna kennslustund og kenna okkur hinum eitthvað gagnlegt.“ Anna Guðmunda lagði töskuna sína og kaffibollann á borðið og ýtti gleraugunum lengra upp á nefið meðan hún horfði yfir hópinn. „Enginn? Flott, vindum okkur þá að efninu.“

Ingibjörg sat með Kristínu og Vigdís og þær reyndu af mætti að skilja leyndardóma fornafna og sagnháttanna. Um miðbik tímans sagði Anna Guðmunda að þar sem næsta verkefni væri að fjalla um smásögu að eigin vali ætlaði hún að senda þau í litlum hópum á bókasafnið.

Þær stöllur fengu að fara fyrstar og önduðu léttar þegar þær komu fram á gang.

„Vorðu þið komnar í hóp í stóra verkefninu?“ spurði Vigdís.

Hinar kinkuðu kalli. „Já við ætluðum einmitt að bjóða þér að vera með,“ sagði Ingibjörg. „Við vorum að spá í ...“ hún hætti skyndilega að tala og lagði fingur yfir varirnar á sér.

Dyrnar inn á kennarastofu voru í hálfra gátt og þær greindu málróm og ... snökt? ... innan úr skrifstofu Björgvins skólastjóra. Ingibjörg stansaði hinum megin við dyrnar og leit spurnaraugum á stelpurnar. Vigdís yggldi sig, hristi höfuðið og hélt áfram en Kristín stoppaði.

„... en læknarnir skilja ekki hvernig þetta gat gerst. Það á ekki að vera hægt að halda höndunum á sjálfum sér inni í logandi eldi nógu lengi til að hljóta svona skaða. Þeir segja meira að segja að ef ég hefði ekki komið heim hefði hann líklega ... Allavega, það á að kanna sársaukanemana í honum, það eru til sjúkdómar sem lýsa sér þannig að menn hafa ekkert sársaukaskyn. En skrítið samt að það skuli ekki hafa komið í ljós áður, ég skil þetta bara ekki. Alls ekki.“

Meira snökt og sogið upp í nef.

„Nei, þetta er undarlegt mál,“ heyrðu þær að Björgvin sagði. „Treystirðu honum alveg til þess að vera í skólanum? Þetta vekur eðlilega forvitni hjá hinum börnunum og ... hvað segir þú um þetta Benedikt minn?“

Ingibjörg leit beint framan í Kristínu, glennti upp augun og myndaði orð án þess að neitt heyrðist: „Benni og mamma hans!“

„Forvitni. Áttu við ... Nei, nei. Við segjum bara að hann hafi brennt sig þegar hann var að hjálpa mér í eldhúsinu. Það þarf enginn að vita hversu alvarlega hann slasaðist,“ hún saug aftur upp í nefið, „svo er hann allur að koma til. Hann er búinn að vera frá skóla í heila viku og er farið að leiðast heima, er það ekki Benni minn?“

Það heyrðist brak í stólum og Kristín togaði Ingibjörgu af stað í flýti. Þær drifu sig inn á bókasafnið og um leið og dyrnar lukust aftur að baki þeim litu þær hvor á aðra.

Úffff!

6. kafli

Eftir helgina í Sunnuvík fannst Matthíasi hann hvergi passa inn. Ekki hafði hann nennt að hanga með gamla genginu í partíi (enda varla möguleiki á að Stebbi hefði samband eftir þessa uppkomu), ekki hafði hann eignast nýja vini í röðum heilalausra í Rökkurhæðum. Hann hafði verið með pabba og Nínu og Gunnari alla helgina og hér í Rökkurhæðum umgekkst hann aðallega mömmu og Erlu systur.

Hann var bara orðinn einhver lúser í sveitinni, alveg eins og Stebbi hafði sagt!

Matthías leit upp úr þungum þönkum og horfði í kringum sig. Hann hafði skrúpað í síðustu tveimur tímunum til að losna við hópastarfið. Gálgafrestur.

Hann nennti ekki heim alveg strax og var allt í einu kominn niður í fjöru. Matthías strauk mesta snjóinn af stórum stein í fjöruborðinu, settist á hann og horfði út á haf. Sjávarilmurinn var óneitanlega hressandi eftir þreytandi inniveru. Það var eins og hugurinn skýrðist og augun sæju betur, eyrun heyrðu önnur hljóð.

Hann gæti ekki skrúpað sig frá þessu verkefni, svo mikið var víst. Hann yrði líklega að reyna að komast í hóp með einhverjum mátulega afskiptalitlum og gera það besta úr aðstæðum.

Matthías gekk upp úr fjörunni við Daggartúnið og dáðist að risastórum einbýlishúsunum þar, eitthvað annað en borulegar blokkirnar í Skuggadölum þar sem þau mamma og Erla bjuggu.

Þrátt fyrir að það væri að bæta í vindinn og liti út fyrir snjókomu ákvað hann að taka stóran hring um bæinn á heimleiðinni og skoða sig um. Hann staðnæmdist fyrir framan leikskólann efst í hverfinu og fylgdist með börnunum sem voru úti að leika sér.

Leika sér ... þetta leit nú frekar út eins og heljarinnar hópslagsmál!

Matthías stóð dolfallinn og horfði yfir grindverkið inn í garðinn þar sem börnin létu eins og ljónsungar, rifu og tættu hvert í annað og grenjuðu og öskruðu á víxl. Nokkrir starfsmenn áttu fullt í fangi með að stía þeim í sundur þar til þeim bættist loks liðsauki innan úr leikskólanum og hópnum var sópað í hús.

Ja hérna hér, aldrei hef ég séð annað eins! Matthíasi hafði ekki dottið í hug að krakkar á leikskólaaldri hefðu það í sér að slást á þennan hátt.

Hann var rétt lagður af stað aftur þegar hann gekk fram á bláa húfu í snjónum. Ósjálfrátt teygði hann sig niður og tók hana upp.

Hjartað tók kipp og hentist upp í háls!

Undan húfunni kom í ljós lítið andlit. Í sömu andrá sá hann litla putta sem stóðu bláleitir og berir upp úr snjónum. Lítil manneskja lá hálfgrafin í skafli með húfuna ofan á andlitinu.

Matthías var fljótur að hugsa, greip símann úr vasanum og hringdi í 112.

„Góðan dag, ég heiti Matthías Kárasón og er staddur hjá leikskólanum í Rökkurhæðum. Það liggur lítið barn í snjónum, virðist vera meðvitundarlaust. Hvað á ég að gera?“

Konan sem svaraði í símann sagðist myndu senda sjúkrabíl á staðinn og spurði nokkurra spurninga um ástand barnsins. Þau gátu ekki vitað hvort barnið væri brotið svo konan bað Matthías að reyna að vera sem næst því og halda á því hita þangað til aðstoð bærist.

Það væri líka gott ef hann gæti talað við barnið og jafnvel reynt að vekja það.

„Litla stelpa, hvað ertu að gera hér?“ tautaði Matthías þegar hann hafði sópað mesta snjónum ofan af barninu eftir leiðbeiningum frá konunni í símanum. Hann smokraði sér úr leðurjakkanum og lagði yfir hana áður en hann settist í snjóinn hjá henni, eins nálægt og hann gat. Hann lagði handlegginn yfir hana og reyndi að stinga

jakkanum undir litla líkamann. Hann teygði sig í húfuna hennar sem lá enn í snjónum og var að baksa við að koma henni á ljósa kollinn þegar hún opnaði augun lítilliga og hristi höfuðið.

„Svona, svona, ég skal passa þig. Ekki vera hrædd,“ sagði Matthías róandi. Hann vissi að hann var ekki beint frýnilegur á að líta.

„Nei, nei, ekki húfu – ekki húúúúuuuuu!“

„Hvað segirðu, viltu ekki fá húfuna þína, en þér verður svo kalt á hausnum.“

„Nei! Vil ekki þessa húfu, bara mömmu,“ snökti stelpan um leið og hún greip húfuna og henti henni frá sér. Af ótrúlega miklum krafti miðað við ástandið.

Hún skreið upp í fangið á honum og hjúfraði sig þar, ekki vitund smeyk við þennan skrítna strák. *Jæja, hún var þá væntanlega ekki brotin.*

Matthías lét húfuna eiga sig en vafði jakkanum utan um hana og sneri bakinu betur í vindinn. Stuttu seinna setti stelpan rifu á annað augað, teygði höndina upp að enninu á Matthíasi og strauk augabrúnina á honum þar til hún stoppaði við annan pinnann.

„Af hverju ertu með svona kúlu í enninu?“

Matthías vissi ekki almennilega hverju hann átti að svara, „Jú, sko, af því ...“

Í sömu andrá heyrðist skerandi vælið í sjúkrabílnum og þau litu bæði upp og fylgdust með honum koma æðandi að þeim.

Út úr bílnum stukku maður og kona og á sama tíma komu einnig maður og kona hlaupandi frá leikskólanum. Þau töluðu óðamála hvort ofan í annað:

„Guð, er þetta hún?“

„Við vorum búin að vera að leita og svo heyrðum við í bílnum.“

„Það fór allt í háloft, annars hefðum við fyrir löngu ...“

Sjúkraflutningafólkið skoðaði stelpuna í bak og fyrir áður en annað þeirra tók hana varlega úr fanginu á Matthíasi og lyfti henni upp á börur sem þau báru svo að bílnum.

„Það er öruggast að fara með hana beint á spítalann til frekari athugunar. Þið eruð væntanlega með upplýsingar um foreldrana og getið látið þá vita. Þú, væni minn ...“ hann leit á Matthías eins og hann væri að sjá hann í fyrsta skipti, „já, takk fyrir að hringja, þetta var hárrétt ákvörðun hjá þér.“

Sjúkrabíllinn keyrði í burtu og starfsfólk leikskólans hljóp aftur inn í húsið.

Allt í einu fann Matthías að honum var skítkalt enda stóð hann þarna á þunnum bol og blautur í fæturna.

Það var farið að snjóa allhressilega og honum gekk illa að koma sér aftur í leðurjakkann svona blautur og kaldur en það tókst að lokum.

Sem betur fer er stutt heim, hugsaði hann með sér um leið og hann bretti upp kragann, setti undir sig hausinn og hljóp heim á leið.

Umræður/verkefni

1. Skrifðu frétt í dagblað eða á fréttavef Rökkurhæða þar sem fjallað er um atburðinn við leikskólann og viðtal tekið við Matthías.
2. Skráðu hjá ykkur þær upplýsingar sem nú þegar eru komnar fram um Matthías og Ingibjörgu – s.s. persónu, útlit og klæðaburð og skrifuðu persónulýsingar.
3. Er eitthvað undarlegt á seyði í þessum köflum?

Hrafnsauga er fyrsta bókin í þriggja heima sögu Kjartans Yngva Björnssonar og Snæbjörns Brynjarssonar. Ragnar aðalpersóna sögunnar er munaðarlaus og býr einn í Janaþorpinu Vébakka. Þegar hann var yngri, skiptust fjölskyldur í þorpinu á að leyfa honum að búa hjá sér. Þegar hér er komið sögu er Ragnar að verða 16 ára og dulrænir hæfileikar hans að koma í ljós.

Hrafnsauga - brot

1. kafli

LANGT í NORÐRI þar sem sólin skín allt sumarið og hverfur bak við fjöllin á veturna bjó fólk sem kallaði sig Jana en aðrar þjóðir kölluðu hreindýrafólkið. Þetta fólk bjó fjarri fljótavegum keisaraveldisins, gresjum sléttufólksins og endalausum frumskógum suðursins. Það þekkti lítið til stríða, keisara, galdramanna eða annarra þjóða, enda bárust fréttir seint þangað norður ef þær bárust á annað borð.

Janarnir bjuggu í torfkofum sem hurfu nánast algjörlega inn í landslagið. Graspökin gerðu þorp þeirra nánast ósýnileg ef ekki væri fyrir stöku húsgafl og reykjarbólstrana sem stigu til himins. Þeir ræktuðu rófur, bygg og malt, veiddu laxa í þeim fljótum og lækjum sem lágu að þorpum þeirra, pössuðu vel upp á hreindýrahjarðirnar sem sáu þeim fyrir skinnum, mjólk og kjöti, en skiptu sér ekki af því sem þeim fannst ekki koma sér við.

Þannig höfðu Janarnir lifað í hundruð ára. Tugir kynslóða höfðu leikið sér í lækjum á heitum sumardögum og hlýjað sér undir þykkum feldum á snjóþungum vetrardögum.

...

Ragnar hafði aldrei komið inn í kot þulnameistarans áður og var frekar smeykur þegar hann steig yfir þröskuldinn. Inni var sérkennileg lykt, pínulítið eins og af heyi, en minnti líka á lyktina af krydduðu brauði bakameistarans. Það var kannski ekki skrytið því þarna inni voru hillur með ótal plöntum, þurrkuðum stráum og krukum með verðmætum kryddum. Þar voru líka óhuggulegri hlutir, hausjúpur alls kyns dýra, krukur með sérkennilegum vökvum og ofan í einni var auga á floti. Hvort það var úr manni eða dýri vissi Ragnar ekki.

Tapío var virtasti íbúi þorpsins. Þegar hann var yngri var hann með sítt, ljóst hár og þótti mjög laglegur. Honum hafði upprunalega ekki verið úthlutað stöðu þulnameist- arans, heldur hafði hann verið útvörður, enda sterkur og afar hittinn með boga. Eldri bróðir hans, Niklas, hafði verið lærlingur þáverandi þulnameistara og lært hefðina, þulurnar, sögurnar og seiðina. Sagt var að þótt Tapío hefði hæfileika til að stökkva úr líkamanum og inn í heim andanna, og dreyma framtíðina, væri bróðir hans svo hæfileikaríkur að sumir trúðu að hann gæti orðið einn mesti þulnameistari í sögu Jan- anna. Svo magnaður var hann að eldri þulnameistarar frá öðrum þorpum komu á fund hans ef þeir voru í vafa eða áttu í vandræðum.

Því miður entist þetta ekki því þegar Tapío var að nálgast þrítugt dó bróðir hans skyndilega á ferðum sínum um andaheiminn. Slíkt var ekki óalgengt meðal óreyndra þulnameistara því andaheimurinn var ekki hættulaus. Það bjóst þó enginn við því að svona myndi fara fyrir Niklas. Sumir hvísluðu milli sín að hann hefði farið út fyrir andaheiminn og út í Hyldýpið, en þar gátu jafnvel færustu þulnameistarar misst vitið eða týnt lífinu.

Þegar Ragnar kom út á mitt gólf sá hann hvar Tapío sat og muldi hnetur með tveimur stórum steinum. Hann hvarf nánast algerlega í dauðu ljósinu.

„Fyrirgefðu. Ég sá þig ekki,“ sagði Ragnar.

„Sestu niður,“ sagði Tapío. „Við höfum margt að ræða.“

„Já,“ bætti Ragnar alvarlegur við. „Það höfum við.“

Tapío brosti þegar hann heyrði tóninn í rödd Ragnars en örskotsstund síðar var kominn alvarlegri svipur á hann.

„Að láta mana sig út á bannsvæðið var fífldirfska. Ég hélt ekki að þú værir svona vitlaus, Ragnar. Ég hef alltaf talið mig vita að þú værir traustur drengur.“

Ragnar skammaðist sín en passaði sig að láta það ekki sjást. Tapío hafði alltaf komið vel fram við hann. Hann var sá eini í þorpinu sem hrósaði honum eða klappaði honum á bakið og hann vildi gjarnan að Tapío hefði mikið álit á sér. Hann var samt ekki í skapi til að sitja þegjandi undir skömmunum.

„Veistu af hverju bannsvæðið er bannsvæði?“ spurði Tapío.

„Ég veit það eins og allir aðrir. Við gröfum hina dauðu þar og þeir eiga að liggja í friði,“ sagði Ragnar reiðilega.

„Ekki bara það. Það er ástæða fyrir því að við gröfum hina dauðu þarna. Þetta er mjúkt svæði, land sem tilheyrir ekki fullkomlega mannheimum og ekki andaheim- um heldur. Öllum er bannað að fara þangað nema í minni fylgd. Án verndarpulna er aldrei að vita hvernig andarnir bregðast við.“

„Ég veit það!“

„Ekki æsa þig, Ragnar. Það er ég sem ætti að vera reiður. Þú hefur valdið mér og



hinum þorpsbúunum vonbrigðum. Við vöktum langt fram á nótt til að ræða hvort við ættum að senda leitarhóp eða ekki, þar til ég náði tali af Sirju.**

Ragnar kreppti hnefana og hvessti augun.

„Þið rædduð það ekkert. Þið hefðuð aldrei sent leitarhóp. Flestir hefðu verið ánægðir með að losna við mig.“

„Ragnar!“

„Ekki neita því. Ég veit hvað fólk kallar mig þegar ég er ekki nærri. Gærkvöldið minnti mig á að ég er ekki velkominn hér.“

Tapío virti drenginn fyrir sér og lagði frá sér mulningssteinana. Ragnar hélt áfram:

„Óheillakráka. Þið horfið til mín í fjarska og ef þið sjáið börnin ykkar tala við mig, þá fitjið þið upp á nefið og reynið að líta fram hjá því. En ykkur líkar öllum illa við mig og ef ég dæi þá yrðuð þið fegin að fá reykingarkofann ykkar aftur.“

„Ég hef aldrei kallað þig óheillakráku,“ svaraði Tapío reiðilega. Hann virtist taka þetta nærri sér. Ragnar stóð upp.

„Ef þú ætlaðir að skamma mig fyrir að hafa vanvirt bannsvæðið, gerðu það þá. Ég skal biðja andana afsökunar og aldrei fara þangað aftur.“

„Sestu niður!“ sagði þulnameistarinn, en þegar Ragnar sneri sér í átt að dyrunum sagði hann djúpri röddu: „Kem Otol!“

Skyndilega sló hjarta Ragnars margfalt hraðar og hann hlammaði sér niður. Um leið og rassinn lenti á gólfinu hætti hjartað að hamast, en hann fann kaldan svita renna niður bakið. Hvað er að gerast? hugsaði Ragnar með sér og starði á Tapío, stóreygur af undrun. Hann áttaði sig á því að hann gapti og lokaði þá um leið munninum. Hvað gerðir þú eiginlega? ætlaði Ragnar að spyrja en áður en hann náði því hóf Tapío mál sitt aftur.

„Þú veltir kannski fyrir þér hvað Kem Otol þýðir. Það þýðir ósköp einfaldlega ‘sestu niður’, en orð á hinni fornu tungu búa yfir meiri mætti en önnur orð,“ sagði þulnameistarinn og settist sjálfur niður.

„Veistu annars hvað hið forna mál er, Ragnar?“ spurði hann en beið ekki svars heldur hélt áfram:

„Einu sinni, löngu áður en Janar urðu til, eða keisaraveldið, var allt mannkynið ein þjóð og allir töluðu sömu tungu. Það var meðan andar og menn gengu saman um þennan heim og langt er síðan forna tungan gleymdist. Móðir mín sagði þó að innst inni tali allir menn enn hið forna mál, að líkamar okkar skilji það þó hugurinn hafi gleymt því. Sumir líkamar muna þó meira en aðrir og þess vegna getur þú ekki staðið upp núna. Sjáðu til, Ragnar, þinn líkami man hið forna mál betur en flestir og þess vegna ertu næmur fyrir orðunum.“

Ragnar var undrandi. Hann hafði aldrei séð þulnameistarann beita göldrum áður.

*Sirja er ein af aðalaukapersónum sögunnar. Hún er barnabarn þulnameistarans og jafnaldri Ragnars. Hún er einnig gædd dulrænum hæfileikum og bjargaði Ragnari frá bannsvæðinu.

Að vísu hafði hann oft heyrt að Tapío hefði kallað fram rigningu eftir langan þurrk og séð hann kveða burt veikindi. Hvort það var galdur eða bara heit súpa og vel valin hvatningarorð vissi hann ekki en þetta hafði haft áhrif á hann. Í smástund hafði allur líkaminn stirðnað, hann svitnaði, hjartað sló aukaslög og hann sem ætlaði að ganga út og skella á eftir sér var kominn niður á gólf.

„Við þurfum að ræða saman. Þú verður að segja mér frá draumum þínum og því sem gerðist á bannsvæðinu. Já, þú verður að fyrirgefa Sirju fyrir að segja mér frá en hún gat varla annað ... Ég get verið mjög sannfærandi.“

Ragnar vissi það núna því hann gat ekki staðið upp þótt hann reyndi.

„Þetta er léttur galdur sem vanalega hefur lítil áhrif. Fæstir myndu finna mikið fyrir honum en hann grípur þig föstum tókum af því þú býrð yfir krafti sem bregst við galdrinum og magnar hann upp. Það er frekar skrýtið en það er erfiðara að leggja álög á fólk sem býr ekki yfir slíkum krafti. Það má segja að þetta sé eins og munurinn á því að kveikja í blautum mosa og þurrum. Mosinn er í eðli sínu samur en sá blauti brennur ekki fyrr en við höfum þurrkað hann. Það er ekki lengur ég sem held þér niðri, ef næmnin byggir ekki í þér þyrfti ég að einbeita mér að galdrinum til að halda þér. Ég hef snúið á þinn eigin kraft og hann heldur þér núna niðri því hann fann fyrir orðunum ... Þú ert næmur, Ragnar, en kannt ekki að stýra því enn.“

Ragnar reyndi eins og hann gat að standa upp en það var eins og líkaminn sýndi engin viðbrögð við hugsunum hans. Hann var einfaldlega límdur við gólfið.

„Þegar þú slakar á muntu losna,“ sagði Tapío og stóð upp.

Hann sótti tvo bolla og fyllti með heitu vatni og birkilaufum. Hann rétti Ragnari annan en Ragnar hristi hausinn. Tapío yppti öxlum og bauð honum hnetur og þurrkað kjöt.

„Ég vil ekki mat. Ég vil annaðhvort fá að fara eða að þú svarir mér og segir mér sannleikann,“ sagði Ragnar.

„Það er erfitt að byrja og því miður get ég ekki sagt þér allt. Reyndar ætlaði ég mér aldrei að segja þér nokkuð, frekar en öðrum þorpsbúum.“

„Af hverju er ég kallaður óheillakráka og af hverju forðast fullorðna fólk að tala við mig?“

„Það kalla þig ekki allir því nafni, einungis örfáar hræður sem vita ekki betur. Flestir sem þekkja sögu þína bæði óttast þig og vorkenna þér. Þú ættir þó hvorki að vorkenna sjálfum þér né óttast sjálfan þig. Þú ert einfaldlega eins og þú ert,“ sagði Tapío.

Hann saup af birkiseiðinu.

„Þessu hefur verið haldið frá þér til að verja þig, en fæstir þekkja alla söguna. Þú ert ekki úr þessu þorpi og heldur ekki neinu hinna.“

„Hvað meinarðu?“

„Jafnvel við þulnameistarnir þekkjum ekki alla söguna. Fyrir mörgum kynslóðum

var okkur fært barn sem við áttum að ala upp og fela fyrir umheiminum. Við sórum þess eið að fela alla afkomendur þess um ókomna tíð eða þar til sá sem færði okkur það sneri aftur.“

Ragnar botnaði lítið í þessu.

„Móðir þín var eins og þú. Ég þekkti hana ekki en bróðir minn hitti hana eitt sinn. Eins og þú vissi hún ekkert af þessu, en eflaust hafa þorpsbúar hennar þorps haldið sig frá henni og kannski kallað hana óheillakráku, hver veit?“

„Móðir mín var þá þorpsbúi, í hvaða þorpi?“ spurði Ragnar.

Tapío fékk sér annan sopa og hélt áfram.

„Þorpin skiptast á að geyma leyndarmálið. Þorpið sér um barnið og með næstu kynslóð flyst næsta barn til næsta þorps því foreldrið lifir aldrei fæðinguna. Um leið og barnið fæðist deyja foreldrarnir og barnið erfir leyndarmálið. Það gerist á örskotsstundu og er sársaukalaust, þó það sé auðvitað sorglegt.“

„Og hvert er leyndarmálið?“ hrópaði Ragnar næstum því.

„Það er margt sem við þulnameistarar vitum ekki, eins og ég sagði. Það eina sem við vitum er að þið eruð næm, þið getið séð og skynjað út fyrir mannheima, þið veikist sjaldan og sár ykkar gróa fljótt. Vegna þessara eiginleika sástu sýnir inni á bannsvæðinu. Hefði þetta verið Breki* hefði kannski ekkert gerst, eða hann hefði kannski látið lífið. Við höfum tvenn fyrirumæli: Að vernda ykkur og að leyfa ykkur að lifa eðlilegu lífi. Að láta ykkur trúa því að þið séuð ekki sérstök og fela ykkur engin verkefni sem krefjast þess að þið ferðist eða lendið í hættu. Þau fyrirumæli hef ég rofið, en ég geri það því þú átt skilið að ég útskýri fyrir þér hvað þú sást.“

Ragnar varð klökkur. Reiðin sjatnaði en biturðin hvarf þó ekki. Þorpið hafði blekk hann frá fæðingu.

„Ég verð að biðja þig um að gera mér greiða, Ragnar, og ég geri það af því ég veit að þú ert góður maður.“

„Hvaða greiða?“

„Ekki bara mér eða þorpinu. Okkur öllum.“

„Hvað get ég gert?“ spurði Ragnar.

„Í árhundruð höfum við Janar gætt þín og forvera þinna. Okkur var falið þetta verkefni af miklum vitringi af góðri ástæðu. Því trúum við, þótt við þekkjum ekki smáatriðin sjálf. Við vitum að þetta er mikilvægt og það er hættulegt að gera það ekki. Ef við höldum ekki áfram, þá er öll þessi vinna til einskis. Þess vegna bið ég þig að sættast við hlutskipti þitt.“

Ragnar svaraði ekki, enda náði hann ekki utan um eigin hugsanir.



*Breki er einnig mikilvæg aukapersóna og jafnaldri Ragnars og Sirju.

„Hlutskipti þitt er ekki frægð eða mikill frami. Þótt þú sért næmur og hafir alla nauðsynlega hæfileika til þess, get ég ekki kennt þér að vera þulnameistari án þess að stefna þér í hættu. Við höfum öll hlutverk og þú ekki síður en aðrir. Bakameistarinn sér okkur fyrir brauði, útverðir gæta okkar, sögukonur ala upp börnin, safnarar gæta plantnanna og tryggja okkur mat, hjarðmennirnir sjá um kjötið og kaupmennirnir afla þess sem við getum ekki aflað okkur sjálf. Þitt hlutverk er leynilegt en engu að síður mikilvægt ... Það varðar öryggi okkar allra og þú getur verið stoltur af því ... svona, stattu nú upp.“

Ragnar fann að hann losnaði og stóð upp.

„Við ræðum betur saman síðar og þá skal ég útskýra fleiri hluti fyrir þér. Þitt líf getur orðið jafn hamingjuríkt og hvers annars.“

„Þar til ég dey skyndilega, ekki satt?“ spurði Ragnar.

„Við ræðum saman aftur. Þú hefur nóg að hugsa um og þarft ró og næði til þess. Ég veit að þú ert góður maður og vilt gera það sem er gott og rétt.“

Þegar Ragnar gekk út börðust margar tilfinningar í brjósti hans. Hann var sorgmæddur, reiður, forvitinn, ringlaður, bitur, undrandi og áhyggjufullur.

Umfram allt var hann óttasleginn.

Umræður/verkefni

1. Hvaða þjóð eða þjóðflokkur dettur ykkur í hug þegar þið lesið lýsinguna á bls. 116?
2. Hvað virðist hafa orðið til þess að Janarnir höfðu getað lifað í friði í hundruð ára?
3. Hjálpið að við að teikna upp sögusviðið og dragið fram það sem ykkur finnst skipta mestu máli.
4. Lýsið Tapíó og greinið frá hlutverki hans sem þulnameistara.
5. Hvers vegna teljið þið að Ragnar hafi verið *sorgmæddur, reiður, forvitinn, ringlaður, bitur, undrandi, áhyggjufullur og óttasleginn* þegar hann yfirgaf hús Tapíós þulnameistara?
6. Yfirheiti sögunnar er Þriggja heima saga sem vísar til þrenns konar söguheima. Hverjir eru þessir heimar sem hún gerist í?

Freyja er aðalpersóna í bók Sifjar Sigmarsdóttur *Freyjusaga – Múrinn*. Hún býr hjá ömmu sinni í borgríkinu Dónol en þar ríkir ógnarstjórn einvaldsins Zhengs sem notar lífvarðasveitir sínar til að halda fólki í skefjum. Auk þess er borgin umlukin múrum sem eiga að halda íbúunum inni og hindra að hinir utanaðkomandi komist inn í borgina. Við 15 ára aldur er hverjum íbúa Dónols fyrirskipað að gegna tilteknu starfi um aldur og ævi. Þetta er innsiglað með armaugi en á honum er gefið til kynna hvert starfið er. Í upphafi sögunnar er Freyja 15 ára og bíður spennt eftir að yfirvöld úthluti henni því framtíðarstarfi sem hún hafði óskað eftir en hún varð fyrir miklum vonbrigðum.

Freyjusaga – Múrinn – Brot

3. kafli

...

Freyja vaknaði eftir órólega nótt á undan vekjaraklukkunni. Hún heyrði að amma Júlía var farin á fætur. Hún fíkraði sig fram á stigapallinn og niður tröppurnar úr risinu. Fótleggir hennar voru ennþá óstöðugir.

Þegar Freyja kom inn í eldhús bograði amma Júlía yfir gulum plastbalanum sem stóð á flísalögðu gólfinu með bakið í Freyju. Hún lagði tebolla ofan í sápuvatn í balanum. Það glamraði í leirtauinu.

Freyja fékk sér sæti við eldhúsbordið.

„Amma ...“

„Ó, ertu vöknuð, Freyja mín?“ sagði amma Júlía en hélt áfram að fást við uppvaskið. „Hvað kemur til?“

Hún var hokinn. Aftan frá séð virtist hún svo lítil. Þegar ekki sást í einbeitt augun og staðfestuna sem gerði varirnar á henni þunnar var augljóst að hún var að verða gömul.

„Amma ...“ Orðin sátu föst í hálsinum á henni.

„Hvað, Freyja mín?“

Það var eins og svefninn hefði kæft allar spurningarnar sem hún hafði verið svo æst í að fá að spyrja ömmu kvöldið áður þegar hún beið þess að Emilía og Helena færu heim. Hún sá enn svo skýrt fyrir sér það sem hún vildi segja, hún sá fyrir sér þann Utanaðkomandi þar sem hann lá hreyfingarlaus í mölinni, æstan múginn allt í

kringum hann, steytta hnefana, óttablandinn sigurglampann í augum viðstaddra. En myndirnar í höfðinu neituðu að verða að orðum.

„Viltu ekki drífa þig að klæða þig?“ sagði amma og teygði sig í fleiri skítuga bolla og undirskálar sem stóðu á borði við hliðina á eldstónni, eftirstöðvar heimsóknanna kvöldið áður. „Þú átt enn eftir að pakka ofan í tösku fyrir vinnuna, taktu nú með þér eitthvað hlýtt. Og ertu ekki að fara að heimsækja *Dagblaðið* með Baldri klukkan átta?“

Freyja hafði alveg gleymt öllu um heimsóknina í höfuðstöðvar *Dagblaðsins*.

Hún kyngdi. Það var eins og rakvélarblað rynni niður hálsinn á henni. „Ég sá einn af þeim Utanaðkomandi í gær.“

Skerandi brothljóð kvað við þegar amma Júlía missti undirskál á gólfið. Glerbrot skreytt gulum liljum þeyttust eftir svörtum og hvítum flísunum.

Amma Júlía stóð grafkyrr í sömu sporum.

Í grámanum fyrir utan eldhúsgluggann sá Freyja móta fyrir mjólkurflöskunni sem hékk í veðruðu snæri og bærðist lítið eitt í vindinum. Það hafði vorað seint þetta árið og því var loftið enn nógu svalt til að halda mjólkinni kaldri. Senn liði þó að því að yllur sumars hrekti mjólkurflöskur borgarinnar sem húktu í görðum eða héngu út um glugga aftur inn fyrir.

Amma Júlía strauk snöggt um höfuð sér. Stuttklippt, grófgert hárið sem safnaðist saman í nokkra gráa vöðla á kollinum á henni flattist út undir lófa hennar en spratt jafnskjótt upp aftur eins og litlir gormar.

Ætlaði hún ekki að segja neitt?

Freyja ræksti sig. „Hann ... Hann lá á jörðinni. Fullt af fólki sparkaði í hann. Og kýldi hann.“

Amma Júlía stóð jafnhreyfingarlaus og stytta. Sólin var við það að rísa og daufur roði var farinn að teygja sig upp fyrir húspökin. Hvers vegna sagði hún ekkert?

„Hann ávarpaði mig og –“

Amma Júlía sneri sér við af slíkum ofsa að Freyja hrökk aftur í sætinu. Hughreystinguna sem hún hafði ætlað að sækja til ömmu Júlíu var hvergi að sjá í andliti hennar. Kinnar ömmu voru rauðþrútnar. Þunnar augabrunirnar drógust saman svo milli þeirra myndaðist djúp skora. Úr gráum augunum sem venjulega báru vott um svo mikla yfirvegum skein nú ólga, heift, sem Freyja hafði aldrei fyrr séð í fari ömmu sinnar.

Amma Júlía greip harkalega um axlirnar á henni. „Hvað sagði hann?“ hvæsti hún.

Freyja starði á þessa ókunnu konu sem stóð gegnt henni. Hart augnaráðið, herptar varirnar, þrútnar æðarnar á gagnaugunum. Þetta var ekki amma Júlía.

„Hvað sagði hann við þig, stelpa?“ Amma hristi Freyju til svo höfuðið á henni sveiflaðist fram og aftur. „Segðu mér það!“

Freyja var sem lömuð.

„Segðu mér það!“ Gaslampinn sem stóð á tréhillunni fyrir ofan eldhúsbörðið varpaði hvassri birtu á kringlótt andlitið svo skuggarnir ýktu hverja dæld, hverja skoru. Hún var eins og úfið hraun í framan.

„Hann ... hann,“ stamaði Freyja. „Hann sagði...“ reyndi hún aftur en orðin létu á sér standa.

„Hvað! Hvað sagði hann? Hvað?“

Henni leið eins og hún væri á bólakafi í Tamesis og loftið væri búið í lungunum. Henni leið eins og hún væri að drukkna.

„Hvað?!“

„Æ, ég man það ekki...“ æpti Freyja. „Ég man það ekki!“

„Hugsaðu, barn, hugsaðu!“

Freyja lygndi aftur augunum og vonaði að þegar hún opnaði þau aftur væri það amma Júlía sem stæði fyrir framan hana en ekki þessi ofstopafulla kona sem gróf fingurna svo fast í upphandleggina á henni að hana verkjaði. Henni varð ekki að ósk sinni.

Með starandi, grimmi augun límd á sínum reyndi hún að rifja upp það sem hinn Utanaðkomandi sagði, orð sem hún hefði ekki getað gleymt þótt hún hefði viljað þangað til óvænt hamskipti ömmu slógu hana út af laginu. Eins gott að hún hafði ekki sagt henni frá ljósmyndinni sem hinn Utanaðkomandi var með á sér og lá nú undir gólfjöli í herberginu hennar.

„Það ... það koma fleiri,“ hvíslaði Freyja óstöðugri röddu.

„Ha?“

„Hann sagði: Það koma fleiri.“

En svarið varð ekki til að friða ömmu Júlíu. „Hvað meinti hann með því? Hvað meinti hann, Freyja?“

Vindur smaug fram hjá ópéttum gluggakörmunum og kallaði fram gæsaþú á upphandleggjunum á Freyju. Hvað gekk að ömmu? Hvers vegna kom hún svona fram við hana? Það var ekki eins og Freyja hefði gert neitt af sér. Hún reyndi að æsa upp í sér reiði til að berjast gegn því að kökkur myndaðist í hálsinum á henni. „Ég veit það ekki,“ hreytti hún út úr sér. „Fólkið gerði út af við hann áður en hann gat klárað það sem hann ætlaði að segja.“

Samstundis hvarf ofsinn úr andliti ömmu Júlíu og það sléttist úr ógnandi hrukkunum sem ýfðu yfirborð þess. Freyja sá á ný móta fyrir þeirri ömmu sem hún þekkti, konu sem hafði gengið henni í móðurstað, en virtist þrátt fyrir það enn búa yfir hliðum sem Freyju voru með öllu ókunnar.

En það var um seinan. Gráturinn var viljanum yfirsterkari og þrátt fyrir ásetning um



að halda aftur af tárunum tóku þau að streyma stjórnlaust niður kinnar Freyju. „Hvers vegna gerðu þau það? Hvers vegna drápu þau hann eins og eitthvert dýr?“

„Æ, Freyja mín,“ sagði amma Júlía um leið og axlir hennar sigu. Hún kraup á gólfinu við fætur Freyju. „Ekki fást um það,“ sagði hún og hrukkaði ennið. „Þú skalt ekkert vera að fást um slíkt, yndið mitt.“

Á ný virtist amma svo smávaxin, svo brothætt. Hún sleppti takinu á Freyju. Handleggirnir á henni stóðu beinaberir fram úr drapplitaðri stuttermaskyrtu. Amma hafði ekki hirt um að láta stækka og minnka Armbauginn sinn í takt við breytingar á holdafari og baugurinn sem áður var vel skorðaður um sveran úlnliðinn rann nú hálf leið upp að olnboga. Þótt andlitið væri enn bústið hafði amma grennst mikið.

Amma Júlía tók um borðplötuna og togaði sig á fætur. Hún haltraði að eldstónni, greip um ausuna sem hékk á krók á veggnum, stakk henni á bólakaf ofan í vatnsfötuna sem stóð á gólfinu við hliðina á hlóðunum og fékk sér sopa.

Skyndilega heyrðist tekið í hurðarhúninn frammi á gangi og útidyrnum var hrundið upp.

„Góðan daginn, dömur,“ var kallað. Þetta var Stefán* kominn í morgunverð.

Rauð glóðin í lampanum á hillunni speglaðist í augunum á ömmu Júlíu. Hún sleppti takinu á ausunni sem féll ofan í fötuna með skvampi og sneri sér harkalega við.

Í eitt augnablik afmyndaðist andlit hennar á ný í ofsafengna og ókunna grettu. „Ekki segja neinum öðrum frá því sem þú varst að segja mér. Heyrirðu það! Engum!“

...

Umræður/verkefni

1. Við hvers konar aðstæður búa Freyja og amma hennar samkvæmt þessu kaflabroti?
2. Hvernig brást amma Freyju við frásögn hennar og hvers vegna brást hún svona við?

...

Það var kominn kvöldmatartími þegar Freyja hætti loks að vinna, lagði frá sér verkfærin og stóð á fætur. Hún dustaði moldina af bláum samfestingnum sem hún hafði fengið afhentan þegar hún mætti í Viðhaldsskúr 32. Allan daginn hafði hún kropsið ein, án þess að hafa neinn til að tala við, yfir illgresinu sem henni var falið að reyta úr trjábeðunum kringum vagnaverkstæði Dónol. Hana verkjaði bæði í hnén og fingurgómana.

*Stefán er lögreglumaður í Dónol og vinur ömmu Júlíu og Freyju.

Fjöldi tví og fjórhjóla kerra beið aðhlynningar í portinu fyrir framan verkstæðið og á meðan fengu hestarnir kærkomna hvíld þar sem þeir stóðu við suðurgafli hússins og jöpluðu á heyi upp úr trogi. Freyja klappaði einum þeirra á snoppuna um leið og hún fór fram hjá. Hann lét sér fátt um finnast.

Hún gat ekki beðið eftir að komast heim, fara úr gallanum og þvo af sér moldina og greikkaði því sporið.

Vatnshæðarvegur var auður. Hún leit upp brekkuna sem lá að brunninum. Þögnin á hæðinni var ónáttúruleg. Freyja var vön því að skvaldrið í kjaftakerlingunum sem settu mark sitt á alla vatnsbrunna í Dónol heilsaði henni löngu áður en brunnurinn komst í sjónmál. Ég trúir ekki mínum eigin eyrum! Hvað ertu að segja? Er það virkilega!

En nú var enginn á hæðinni. Málfríður og hinar kerlingarnar sem sátu á brunnbarminum eða hölluðu sér makindalega upp að Múrnum sem gnæfði hversdagslegur yfir honum og varpaði skugga yfir nánasta umhverfi voru á bak og burt. Þær voru heima að búa sig í háttinn. Elda graut handa körlunum sínum.

Gráir steinar Múrsins voru dökkir af rakanum í loftinu. Ljósgrá steypan sem rammaði inn hvern stein fyrir sig svo úr varð fléttumunstur hafði tekið á sig brúnan blæ. Á Múrinn handan brunnsins hafði einhver spreiað orðin Ég og *Zheng* og teiknað hjarta á milli.

Freyja gekk niður Aðalstræti og yfir Hólslækjartorg. Höfuðstöðvar *Dagblaðsins* blöstu við. Það var aðeins ljós í nokkrum gluggum. Freyja var ekki viss um hvort sér þætti það sorglegt eða myndi en þegar þau kvöddu Baldur* í anddyri höfuðstöðvanna til að halda til sinnar eigin vinnu hafði Freyja vorkennt honum. Freyja, sem myndi eyða ævinni í einu af óvinsælustu störfum Dónol, vorkenndi Baldri, sem hafði fengið það eftirsóttasta.

...

Það var farið að rigna þegar Freyja stakk lyklinum í skrá fölbláu útidyráhráðarinnar að Suðurgötu 7. Sem betur fer hafði regnið látið á sér standa yfir daginn. Skúrir hefðu svo sannarlega ekki gert vinnuna í trjábeðunum bærilegri.

Dropar mynduðu doppur á brúnum pappírspoka sem hún hélt á undir handleggnum. Í honum var ilmkerti í glerstjaka. Epli og kanill. Uppáhald ömmu Júlíu. Hún hafði keypt það í hádegishléinu sínu í einum básnum á Hólslækjartorgi. Það kostaði hana kaup dagsins. Hún vissi að hún átti ekki að eyða laununum á sama hraða og hún vann sér þau inn. En hún vildi sættast við ömmu. Hún fékk alltaf samviskubit eftir að þær rifust. Hún lét það kannski ekki nógu oft í ljós – þær amma Júlía voru ekki alltaf sammála um allt og stundum fannst henni amma koma meira fram við sig eins og krakka en gekk og gerðist hjá foreldrum jafnaldra hennar – en hún var þakklát ömmu Júlíu á hverjum degi fyrir að hafa tekið hana að sér. Alið hana upp. Ef ekki hefði verið fyrir ömmu Júlíu

*Baldur er vinur Freyju

hefði hún líklega endað á munaðarleysingjahælinu. Þótt hún skildi ekki um hvað rífrildi gærkvöldsins snerist ætlaði hún engu að síður að rétta fram sáttarhönd.

Kolniðamyrkur var á stigaganginum. Freyja þreifaði fyrir sér með höndunum og fann loks handriðið. Fæturnir á henni tóku að fíkra sig upp tröppurnar af blindum vana. Hún gat ekki beðið eftir að fara úr skítugum samfestingnum og í íþróttabuxur og hreinan stuttermabol, setjast við arininn í stofunni og fá sér eitthvað að borða. Garnirnar í henni gauluðu.

Hún heyrði Emilíu tala við sjálfa sig gegnum hurðina á fyrstu hæðinni.

Þegar hún var komin upp á aðra hæð voru augun farin að venjast myrkrinu. Ljosið í litla sandblásna glugganum á hurðinni hans Stefáns var slökkt. Hann var á kvöldvakt.

Freyja stökk upp síðustu tröppurnar. Lykillinn að íbúðinni var tilbúinn fyrir skrána milli þumals og vísifingurs. Ekkert skyldi hægja á för hennar að hlýju sætinu við arininn.

Hún nam hins vegar snöggt staðar á stigapallinum. Skrýtið. Það var rifa á dyrunum. Hún setti lyklakippuna aftur í vasann. Þótt amma Júlía gleymdi stundum að læsa að sér skildi hún dyrnar aldrei eftir opnar.

Freyja tvísteig á stigapallinum. Hún greindi raddir innan úr íbúðinni. Hún renndi fótunum eftir teppinu til að þurrka af sér. Karlmannsraddir. Fleiri en eina og fleiri en tvær.

Þær amma fengu nánast aldrei gesti. Stefán flokkaðist ekki sem gestur. Emilía gat talist ítrekaður óboðinn gestur. Og svo var það Helena. Það var eina fólkið sem lét sjá sig í heimsókn í risíbúðinni að Suðurgötu 7.

Freyja teygði sig í hurðarhúninn. En án þess að gera sér grein fyrir hvað olli kippti hún hendinni að sér aftur.

Hún starði á hurðina. Munstrið í brúnni eikinni líktist augum sem horfðu spyrjandi á hana. Hún hallaði sér upp að dyrastafnum.

„Hún getur ekki verið hér lengur,“ heyrði hún ömmu Júlíu segja.

Við hvern var hún að tala? Freyja lagði augað að rifunni en rifan var of lítil og hún sá ekki inn.

„Þið verðið að taka hana. Þið verðið að taka hana strax.“

Freyja heyrði ráma karlmannsrödd muldra eitthvað á móti en hún greindi ekki hvað.

„Þískrið er orðið of hávært,“ sagði amma Júlía. Röddin í henni hljómaði dimm og köld, eins og drungalegir brestirnir í klakabreiðunni sem lagðist yfir Tamesis á veturna.

Freyja vafði þéttar um sig vindjakkanum sem hún klæddist yfir bláa samfestinginn.



„Og augnaráðið“ rumdi amma Júlía. „Heldur fólk að ég sjái ekki augngoturnar sem mér eru gefnar? Og henni. Leyndarmálið virðist ekkert leyndarmál lengur.“

„Já, já,“ tautaði sama karlmannsröddin og fyrr. „Við björgum þessu, já, já, þessu verður kippt í liðinn, já -“

En maðurinn komst ekki lengra því amma Júlía hrifsaði af honum orðið af sama þunga og snjóflóð sem jafnar hús við jörðu.

„Bjargið þessu! Áttuð þið ekki að gæta leyndarmálsins? Gæta hennar? Ef það væri ekki fyrir vanhæfni ykkar þyrfti engra björgunaraðgerða við. Þið eigið að heita færustu menn Dónol. Lífvarðasveitirnar –“

Freyja hentist frá hurðinni. Það var eins og myrkrið á stigaganginum þéttist og hún fyndi fyrir því leggjast á vitin eins og heit tuska. Henni hlaut að hafa misheyrst.

Hún hallaði sér fram og tók varlega um hurðarhúnninn.

Það marraði lágt í hjörunum þegar hún ýtti laust á hurðina svo rifan stækkaði. Birtan úr íbúðinni flæddi fram á stigaganginn. Hún lagði annað augað að opinu, lokaði hinu og rýndi inn.

Bíómynd. Það var fyrsta orðið sem kom upp í huga Freyju. Maður sem seldi alls kyns tæki og tól frá því fyrir landflutningana á svartamarkaðnum hafði sagt henni frá þeim. Bíómyndir voru sögur, dálítið eins og bækur, nema í stað þess að lesa þær horfði fólk á þær í tæki sem kallaðist sjónvarp eða í sérstökum bíóhúsum. Þar sem Freyja stóð og starði í gegnum rifuna á menn í steingráum einkennisbúningum sem stóðu innan um visnuðu pottaplönturnar á ganginum heima hjá henni fannst henni eins og hún horfði á bíómynd. Það var eins og það sem hún horfði á væri ekki raunverulegt en ekki heldur draumur.

Lífvarðasveitirnar hlutu að vera komnar til að nema ömmu Júlíu á brott. Alveg eins og Helenu þá um morguninn. Stundum tóku þær fyrir hverfi og hverfi og gerðu í þeim einhvers konar „tiltekt“.

Freyja gat ekki horft á gráa einkennisbúningana lengur. Hún drúpti höfði. Þetta hlutu að vera mistök. Amma Júlía myndi aldrei gera neitt af sér.

Freyja vissi þó sem var að það var engin trygging fyrir neinu. Hún hafði heyrt mörg dæmi þess að lífvarðasveitirnar hefðu sótt heim einstaklinga sem höfðu ekki brotið neitt af sér. Þegar nágrannar voru hvattir til að gefa hver öðrum auga og börn hvött til að ljóstra upp um foreldra sína ef þeir sýndu af sér grunsamlega hegðun átti ímyndunaraflið það til að hlaupa með fólk í gönur. Oft kom ekki í ljós að um misskilning var að ræða fyrr en um seinan.

Freyju varð hugsað til þess þegar hún fór að heiman um morguninn. Hún hafði ekki kvatt ömmu Júlíu þegar hún hrópaði bless innan úr eldhúsi. Hún hafði einfaldlega skellt á eftir sér hurðinni.

Hún fékk kökk í hálsinn. Kannski hafði „stóra skapið“ í henni eins og amma Júlía kallaði það kostað hana tækifærið til að segja bless við ömmu í síðasta skiptið. Hvers vegna þurfti hún endilega að vera svona? Hún ætlaði sér það ekki. Stundum réð hún bara ekki við það.

Rakt loftið á stigaganginum þráaðist við að streyma ofan í lungun. Allt í einu var eins og gangurinn færi að snúast. Hún hallaði sér fram, lagði lófana á hnén og reyndi að koma reglu á andardráttinn. Hvað myndi hún gera án ömmu Júlíu? Hver myndi gefa henni að borða? Þrjóna á hana nýja lopapeysu? Skamma hana fyrir að fara ekki á fætur þegar vekjaraklukkan hringdi? Freyja óskaði þess stundum að amma Júlía hætti að skipta sér svona mikið af henni. En amma var eina alvöru fjölskyldan sem hún átti. Án hennar væri hún ein. Alein.

Hún reisti sig við. Hún ætlaði sér ekki að leyfa sveitunum að hafa ömmu á brott með sér. Amma Júlía yrði ekki næsta fórnarlamb Zheng. Hún yrði að gera eitthvað.

Freyja leit snöggt yfir öxlina á sér. Ætti hún að fara og sækja Stefán?

Nei. Það var ekki tími til að hlaupa niður á stöð. Lífvarðasveitirnar yrðu löngu farnar þegar hún kæmi til baka og hefðu haft ömmu Júlíu á brott með sér. Það var aðeins eitt í stöðunni. Hún dró djúpt andann og gerði sig líklega til að hrinda upp hurðinni, arka inn og koma mönnunum í skilning um að amma Júlía gæti ekki hafa gert neitt af sér. Það var ekki besta plan í heimi en það var skárri en ekkert.

En skyndilega heyrði hún einn lífvarðasveitamannanna segja: „Fer stelpan ekki að koma heim?“

Freyja rétt náði að gefa útlimumum sem voru við það að ryðjast inn skipun um að nema staðar.

„Ég veit það ekki!“ hvæsti amma Júlía. „Hún ætti að vera komin, ég veit ekki hvað tefur hana.“

„Við getum ekki beðið hér endalaust,“ sagði annar liðsmaður sveitanna. „Ef hún fer ekki að koma gefum við einfaldlega út handtökuskipun á hana og auglýsum eftir henni um borgina.“

„Fáraður!“ drundi í ömmu Júlíu. „Freyja er bara barn. Það er engin þörf á handtökuskipun.“

Freyja greip um dyrakarminn. Henni fannst eins og hún væri að detta. Hún reyndi að bakka frá dyrunum en fæturnir neituðu að hreyfast úr stað.

„Þið bíðið bara eftir henni hér og þegar hún kemur heim hafið þið hana á brott með ykkur!“

Freyja starði gegnum rifuna á dyrunum. Hópur af lífvarðasveitamönnum stóð við enda gangsins, við tröppurnar sem lágu upp í svefnherbergið hennar. Þeir virtust vera svo margir að þeir kæmust ekki allir fyrir í eldhúsinu þaðan sem raddirnar komu.

Allir þessir lífvarðasveitamenn, þeir voru ekki á eftir ömmu Júlíu. Þeir voru komnir til að taka Freyju.

Röddin í ömmu Júlíu bergmálaði hvell út úr eldhúsinu. „Það er ekki eins og þið hafið öðrum hnöppum að hneppa nú þegar þið hafið klúðrað því eina verkefni sem ykkur var falið; þegar þið hafið klúðrað því að gæta borgarinnar. Hvernig stendur á því að jafnvel með aðstoð rammgers múrs gátuð þið ekki séð til þess að hinir Utanaðkomandi héldu sig þar sem þeim ber: Úti?“

Orðið skar í eyru, það heyrðist svo sjaldan sagt upphátt. Hinir Utanaðkomandi.

„Getuleysið í ykkur hefur stefnt öllu í hættu!“

Óánægjukliður fór um eldhúsið.

„Skítt með skvaldrið í slúðrandi kerlingum við brunninn. Skítt með augngoturnar. Ég ræð við þær. Og þrátt fyrir forvitni barnsins hefur mér tekist að leyna hana upp-
runanum. Og ábyrgðinni sem hvílir á henni. Öll þessi ár.“

Freyja kreisti aftur augun. Bíómynd. Aftur leið henni eins og hún horfði á bíómynd. Nema hún hafði misst af byrjuninni og skildi því ekki um hvað sagan var sem hún horfði á.

„En þegar þið leyfið hinum Utanaðkomandi að koma og fara eins og gestum í kaffi-
boði er ekkert meira sem ég get gert –“

Einn karlmanna í eldhúsinu gerði tilraun til að skjóta einhverju að en amma Júlía gaf honum ekki færi á því.

„Og ekki nóg með það,“ hrópaði hún. „Þeir eru komnir á sporið. Hinir Utanaðkomandi. Vissuð þið að einn þeirra ávarpaði stelpuna í gærkvöldi. Hvar voruð þið þá? Þið sem eigið að sjá til þess að svona lagað gerist ekki.“

„Já, en –“

„Sem betur fer var þaggað niður í honum áður en honum tókst að ljóstra of miklu upp. Ég veit nú ekki hvort múgnum sem sá um það þrifaverk hafi verið ljóst hvað var í húfi – hvort um hafi verið að ræða fólk sem vissi af leyndarmálinu eða aðeins einfeldninga sem hafði tekist að sannfæra um að þeim væri fyrir bestu að óttast hina Utanaðkomandi hver svo sem ástæða þess kynni að vera – en hverjir sem þetta voru kann ég þeim þakka fyrir. Og þið ættuð að gera það líka. Þarna sá almenningur um skítverkin fyrir ykkur.“

Þögn féll yfir eldhúsið en orð ömmu héngu enn í loftinu. Hinir Utanaðkomandi. Leyndarmál. Uppruni. Ábyrgð.

Freyja horfði á mennina á ganginum sem sneru í hana baki gegnum rifuna á hurðinni. Breið bök fylltu út í steingraa einkennisbúningana. Nema einn þeirra.

Hún þekkti hann þótt hún sæi ekki framan í hann. Á jaðri þvögunnar, hokinn og horaður, stóð enginn annar en Jóhann, bekkjarbróðir hennar. Vínrauð alpahúfan skreytt

skjaldarmerki lífvarðasveitanna var of stór fyrir lítið höfuðið og var því ekki skorðuð eins og á hinum mönnunum heldur lak niður á hnakka.

Freyja hrökk við þegar röddin í ömmu Júlíu byrjaði aftur að glymjá í eldhúsinu.

„Þið eruð ónytjungar, allir með tölu,“ rumdi hún hás. „Gagnslausir ruddar. Og hvað átti það að þýða að láta hana Helenu hverfa svona sporlaust? Ég lét ykkur vita að hún væri hugsanleg ógn, að hún vissi meira en henni var gott, en það hefði nægt að hræða hana aðeins og hún hefði þagað. Þið gerðuð einfaldlega illt verra. Nú vinna allar kjaftakerlingar hverfisins að því hörðum höndum að komast að því fyrir hvaða sakir hún var numin á brott. Og þær eru færar, kerlingarnar. Innan skamms mun allt hverfið vita það sem Helena vissi. Ég hefði ekki klagt hana til lífvarðasveitanna hefði mér verið ljóst að þær væru samansettar af öðrum eins hæfileikalausum vitleysingum og raun ber vitni.“

Það var eins og gólfið molnaði undir fótunum á Freyju. Eða var það undirstaða tilveru hennar sem var að molna? Það var amma! Það var amma Júlía sem hafði klagt Helenu. Hugmyndin var fjarstæðukennd en samt svo rökrétt. Hún hefði átt að vera búin að leggja saman tvo og tvo þá um morguninn. Þetta var ástæðan fyrir því að amma Júlía hagaði sér svona skringilega þegar Emilía tilkynnti þeim um hvarf Helenu. Ástæðan fyrir því að hún þagði og horfði svona laumulega á Stefán.

Og hvað með Stefán? Hann hlaut þá að vera viðriðinn málið, vita að það var amma sem klagtáði. Það útskýrði augnaráðið sem þau höfðu sent hvort öðru. Stefán var með ömmu og lífvarðasveitunum í liði. Þau voru búin að láta hirða Helenu. Nú átti að láta Freyju hverfa með sama hætti.

„Barnið verður senn komið í ykkar umsjá,“ sagði amma Júlía. Röddin í henni var enn ákveðin en hún var hætt að hrópa. „Það er tvennt sem þið verðið að tryggja: Annars vegar að stelpa komist *aldrei nokkurn tímann* að leyndarmálinu. Hins vegar að hún sleppi *aldrei* út fyrir borgarmúrana. Komist hún til Vanheima er öllu lokið.“

Freyja hallaði sér nær rifunni á hurðinni til að heyra betur. Þungur höfuðverkur var farinn að slá í vinstra gagnauganu. Vanheimar. Hún var viss um að hún hefði heyrt minnst á Vanheima áður.

En hvar ...? Hvar hafði hún heyrt ...?

Helena. Helena hafði talað um þá í heimsókninni til ömmu Júlíu kvöldið áður en hún hvarf. Freyja hafði heyrt það þegar hún sat og beið eftir að gestaganginum lyki svo hún gæti sagt ömmu í einrúmi frá hinum Utanaðkomandi. Freyja hafði aðeins heyrt orð og orð af því sem þær sögðu en orðið *Vanheimar* hafði hún greint oftar en einu sinni.

„Einar!“ hrópaði einn liðsmanna lífvarðasveitanna innan úr eldhúsinu. Rödd hans var hvell af óþolinmæði. „Og Jóhann. Farið út og svipist um eftir stelpunni. Mér er farið að leiðast þetta droll!“

Í gegnum rifuna á hurðinni sá Freyja Jóhann og lífvarðasveitamaðmanninn sem stóð við hliðina á honum snúast á hæli.

Hún stökk frá hurðinni. En fæturnir neituðu að fara lengra. Hvað átti hún að gera? Átti hún að gefa sig fram? Ef það var vilji ömmu Júlíu að Freyja væri falin lífvarðasveitunum gat hún ekkert gert í því. Hún átti ekki í önnur hús að vanda. Hún átti engan annan að en ömmu Júlíu.

Hún sá glitta í mennina tvo sem fíkrúðu sig eftir ganginum, frá eldhúsinu í átt að útidyrnum.

Marrið í splunkunýjum stígvélum Jóhanns sem voru hluti af einkennisbúningnum hans skall á eyrum hennar eins og trommusláttur.

Eitt skref. Tvö skref.

Hvað myndu lífvarðasveitirnar gera við hana?

Birtan sem endurkastaðist af skínandi fægðum silfurhnöppunum á jakkanum hans skar í augun.

Þrjú skref.

Yrði hún fangelsuð í háhýsunum á Hundaeyju?

Fjögur skref.

Myndi hún sjá Helenu þar? Eða yrðu örlög þeirra Helenu endanlegri en fangelsisvist?

Skyndilega, án þess að gera sér grein fyrir því að fætur hennar höfðu öðlast máttinn á ný, hentist Freyja niður tröppurnar. Bréfpokinn með gjöfinni til ömmu Júlíu féll úr fanginu á henni og rúllaði á eftir henni niður á næsta stigapall þar sem hann stöðvaðist, krumpaður, rifinn og innihaldið brotið.

Freyja vissi ekki hvað yrði um þá sem lífvarðasveitirnar námu á brott – en hún var ekki í nokkrum vafa um að hún vildi ekki komast að því.

Umræður/verkefni

1. Hvenær haldið þið að sagan gerist? Vísuð í textann í svörum ykkar.
2. Um hvað tala amma Freyju og lífvarðasveitirnar? Hvaða áhrif hafði samtalið á Freyju?
3. Finnst ykkur þessi texti spennandi? Hvers vegna, hvers vegna ekki?
4. Minnir þessi frásögn ykkur á einhver ríki sem þið hafið heyrt um? Hver þá?
5. Hvað fannst ykkur um sögubrotin í þessum hluta? Voru þau áhugaverð og skemmtileg? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

Aftur á bernskuslóðum

„Sjáðu rauða húsið þarna!“

Ég sé það,
ég sé það.

Þarna ólst ég upp,
þarna óttaðist ég
lífið.

Innan við
stofugluggann
sést einhver
ganga um.

Vonandi
er það
ekki ég.

Gyrðir Elíasson



Íhugun í lok bókar

Spurðu að lestri loknum:

Hvað get ég lært af textunum í bókinni?

Bætti lesturinn mig á einhvern hátt?

Hvernig efli ég lesskilninginn?

Hvernig eflir lesturinn ímyndunaraflíð?

Skil ég tilfinningar mínar og annarra betur eftir lestur bókarinnar?

Hvað fannst mér skemmtilegast að lesa í bókinni og hvað var ekki eins

skemmtilegt? Af hverju?

Helstu stuðningsrit:

Árni Harðarson. (1989). *Tíminn líður, trúðu mér*. Íslenskt þjóðlag útsett fyrir blandaðan.

Sótt 27.apríl 2013 – <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5977>

Barnung.is

Bókmenntavefurinn.is

Dagný Kristjánsdóttir. (2006). *Frá Laugamýri til Lundúna*. Íslensk bókmenntasaga IV.

Mál og menning. Reykjavík.2006.

Dagný Kristjánsdóttir. (2010). *Öldin öfgafulla*. Reykjavík. Bjartur. 2010.

Einu sinni átti ég gott. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Smekkleysa

SM ehf, Reykjavík, 2006

Hugtök og heiti í bókmenntafræði.(1983). Ritstjóri Jakob Benediktsson. Bókmennta-

fræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík. 1998.

Í Guðrúnarhúsi. (2005). Greinasafn um bækur Guðrúnar Helgadóttur. Ritstjórar: Bryn-

hildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Ís-

lands, Vaka-Helgafell. Reykjavík. 2005.

Íslensk bókmenntasaga V. bindi. Mál og menning. reykjavík, 2006

Margrét Tryggvadóttir. (2006). *Íslenska barnabækur eftir 1970*. Íslensk bókmenntasaga

V. Mál og menning. Reykjavík. 2006.

Silja Aðalsteinsdóttir. (1981). *Íslenskar barnabækur 1780-1979*. Mál og menning. Reykja-

vík. 1982.

Silja Aðalsteinsdóttir. (1999). *Raddir barnabókanna*. Mál og menning. Reykjavík. 1999.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. *Hugfinnur, handbók um bókmenntahugtök*. Námsgagna-

stofnun. Kópavogur. 2011.

Textaskrá:

- Andrés Indriðason. 1982. *Viltu byrja með mér?* Mál og menning, Reykjavík.
- Birgitta Elín Hassel og Marta Hlín Magnadóttir. 2012. *Rökkurhæðir/Ófriður*. Bókabeitan, Reykjavík.
- Elías Snæland Jónsson. 1993. *Brak og brestir*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Davíð Þór Jónsson. 2004. *Vísur fyrir vonða krakka*. 21 12 kúltúr kompaní, Reykjavík.
- Guðrún Helgadóttir. 2006. *Sitji guðs englar*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Gyrðir Elíasson. 2004. *Skáldaval II*. Stoð og styrkur, Reykjavík.
- lðunn Steinsdóttir. 1996. *Pokugaldur*. lðunn, Reykjavík.
- Jón Sveinsson. 1958. *Nonni. Brot úr æskusögu Íslendinga. Eigin frásögn*. Freysteinn Gunnarsson þýddi. Þriðja útgáfa. Ísafoldarprentsmiðja H.F., Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ritverk 1.bindi*. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson. 2012. *Þriggja heima saga – Hrafn-
auga*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Nútímabörn*. 1998. Ljóð og smásögur 13-16 ára unglinga. Héraðsbókasafn Kjósarsýslu, Mosfellsbæ.
- Ljóð ungarfólksins*. 1999. Ljóðasamkeppni barna og unglinga. Mál og menning/
Pöll, Reykjavík.
- Ljóð ungarfólksins*. 2013. Ljóð úr samkeppni grunnskólabarna á Íslandi. Pöll, Kópavogi.
- Margrét Örnólfsdóttir. 2011. *Með heiminn í vasanum*. Bjartur, Reykjavík.
- Olga Guðrún Árnadóttir. 1977. *Búrið*. Mál og menning, Reykjavík.
- Olga Guðrún Árnadóttir. 1995. *Peð á plánetunni jörð*. Mál og menning, Reykjavík.
- Ragnheiður Gestsdóttir. 2001. *40 vikur eftir*. Mál og menning, Reykjavík.
- Ragnheiður Jónsdóttir. 1979. *Dóra*. Saga fyrir unglinga. lðunn, Reykjavík.
- Sif Sigmarsdóttir. 2013. *Freyjusaga – Múrin*. Mál og menning
- Sigurbjörn Sveinsson. 1920. *Bernskan II. Barnasögur*. Þriðja útgáfa. Ísafoldarprentsmiðja H.F., Reykjavík.
- Stefán Jónsson. 1974. *Hjalti kemur heim*. Ísafoldarprentsmiðja hf, Reykjavík.
- Theodóra Thoroddsen. 1981. *Pulur*. Mál og menning, Reykjavík.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. 1886. *Smásögur handa börnum og unglíngum*. Sigurður Kristjánsson lét prenta, Reykjavík.
- Barnaljóð. *Ljóð um börn – ljóð til barna*. 1992. Klettaútgáfan, Reykjavík.
- Þórgímur Þráinsson. 1997. *Margt býr í myrkrinu*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Þórarinn Eldjárn. 1997. *Halastjarna*. Forlagið, Reykjavík.
- Þórarinn Eldjárn. 1997. *Heimskringla*. Forlagið, Reykjavík.

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

		Bók nr.		
Skóli		Tekin í notkun		
Nemandi/bekkur	Útlán: (dags.)	Ástand	Skil: (dags.)	Ástand

- 1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
- 2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

Sérðu það sem ég sé?

Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla

Sérðu það sem ég sé? er fyrsta bókin af þremur í flokki kennslubóka í bókmenntum fyrir efri bekki grunnskóla.

Í þessari bók fá nemendur tækifæri til að skyggjast inn í þær bókmenntir sem skrifaðar hafa verið fyrir börn og unglinga í yfir hundrað ár.

Bókin skiptist í 3 meginhluta þar sem fjallað er um ákveðin tímabil í bókmenntasögunni og er áhersla lögð á texta sem ætlaðir eru börnum og unglingum allt frá aldamótunum 1800 og fram á okkar daga. Í fyrsta hlutanum er efni frá seinni hluta 18. aldar fram til 1969. Annar hlutinn tekur fyrir raunsæisbókmenntir frá sjöunda áratug seinustu aldar og fram að aldamótum 2000. Þá tekur við þriðji hlutinn með fantasíum og óræða heima.

Kennsluleiðbeiningar eru aðgengilegar á vef Menntamálastofnunar.

Anna Steinunn Valdimarsdóttir og Ingibjörg Sigtryggisdóttir völdu texta og verkefni. Þær eru grunnskólakennarar og hafa langan feril að baki í íslenskukennslu á unglingastigi.

